



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
ÁRSSKÝRSLA 2020

Er vinningur? Skannaðu málið!

NÝTT

Nú geturðu skannað
Lottómiðann í **APPINU**
til að sjá strax hvort
þú hafir unnið




þægilegt
í appinu


inná
lotto.is


eða næsta
sölustað



LEIKURINN OKKAR

Stjórn HSK 2020

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var
ritari frá 2001–2010. Sat í
varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í
varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í
varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016.
Var ritari stjórnar frá
2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Baldur Gauti Tryggvason
Meðstjórnandi frá 2017. Sat
í varastjórn frá 2016–2017.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.

**Olga Bjarnadóttir**

Varamaður frá 2016.

**Jón Þróstur Jóhannesson**

Varamaður frá 2018.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá
1991.

Ársskýrsla 2020

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson.

Prófkalestur: Baldur Gauti Tryggvason,
Engilbert Olgeirsson, Helgi S. Haraldsson,
Lísa Thomsen, Olga Bjarnadóttir og Örn
Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl
Sigurdórsson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í
félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 150 eintök.

Forsiða: Myndir úr starfi aðildarfélaga HSK
árið 2020.



Sigurlið Umf. Selfoss á aldursflokkamóti HSK utanhúss 2020.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 5 HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum
Heimasíða HSK
Ársskýrsla HSK má sjá á www.hsk.is
Annað kynningarstarf
Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2020
- 12 Íþróttamaður og Íþróttakona HSK kosin í
Þriðja sinn
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 25 Fréttapunktur frá ÍSÍ 2020
- 27 Fréttapunktur frá UMFÍ 2020
- 29 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ
Ferðasjóður Íþróttafélaga
- 30 Úthlutun vegna COVID-19
Íslenskar getraunir úthluta 2 milljónum
króna til HSK félaga

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 31 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts
UMFÍ á Selfossi

Fundir, þing og ráðstefnur:

- 15 Óvenjulegt héraðsþing HSK tókst vel
Stjórnarfundir HSK árið 2020
Sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn sem
fjarfundur
Formannafundur ÍSÍ
Þing sérsambanda

Samstarfsverkefni:

- 16 Félagsmiðstöðin Sel
Heildarstigatafla HSK
Árleg skil á Felixskýrslu
Getraunastarf í héraði
- 17 Metár í lottóinu og aukagreiðsla frá
eignaraðilum
Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi

Ýmsar upplýsingar:

- 18 Lög HSK
- 19 Aðildarfélag og formenn félaga um áramót
2020
- 20 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum
- 21 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum
- 22 Íþróttaiðkendar aðildarfélaga HSK
- 23 Íþróttakarl og Íþróttakona HSK
Íþróttamaður HSK frá 1964 - 2017
- 24 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK

Yfirlit um störf nefnda og ráða:

- 32 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2020
- 33 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Frjálsíþróttaráð
- 36 Glimuráð
Íþróttanefnd fatlaðra
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 38 Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
- 39 Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kjóbabergs
Golfklúbbur Selfoss
- 40 Golfklúbburinn Úthlið
- 41 Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbbur Öndverðarness
Hestamannafélagið Geysir

- 42 Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
- 43 Hestamannafélagið Smári
Íþróttafélagið Dimon
Íþróttafélagið Garpur
- 44 Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
- 45 Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mimir
Íþróttafélagið Suðri
- 46 Íþróttafélag Uppsveita
Knattspyrnufélag Árborgar
- 47 Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
- 48 Korfuknattleiksfélag Selfoss
Skotfélagið Skyttur
Skotíþróttafélag Suðurlands
Torfærklúbbur Suðurlands
- 49 UBH
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrbakka
- 50 Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
- 51 Umf. Hrunamanna
- 52 Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
- 53 Umf. Merkiðvöllur
Umf. Selfoss
- 54 Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
- 55 Umf. Trausti
Umf. Þjótandi
Umf. Þór
- 56 Umf. Þórmörk
Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu
- 57 Svipmyndir úr starfinu

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Afar sérstakt starfsár okkar HSK-félaga er að baki. Vegna heimsfaraldurs, Covid-19, þurftum við að fresta héraðsþingi á síðasta ári fram í september og því tiltölulega stutt frá síðasta þingi. Árið var vegna þessa mjög frábrugðið öðrum starfsárum sambandsins. Þegar þessi skýrsla er skrifuð í mars 2021 stefnir stjórn HSK að því að halda héraðsþing 15. apríl nk. Óljóst er þó vegna samkomutakmarkana sem enn eru í gildi hvort þinghaldið verði með hefðbundnum hætti.

Áhrif Covid-19 á starfsemina

Eins og öllum má ljóst vera hefur kórónuveirufaraldurinn haft gríðarleg áhrif á allt starf okkar í HSK. Mótahald og æfingar hafa sætt takmörkunum vegna sóttvarna og um tíma voru lokanir á öllu íþróttastarfi. Vegna þessa hefur mörgum reynst tekjuöflun erfið. Við öllum takmörkunum hefur verið brugðist með þrautseigju og lausnum. UMFÍ og ÍSÍ hafa verið tengiliðir okkar við heilbrigðisyfirvöld varðandi undanþágur, framkvæmd æfinga og móta, sem og að koma ábendingum hreyfingarinnar á framfæri við stjórnvöld. Það kom síðan í hlut ÍSÍ að annast úthlutun styrkja til hreyfingarinnar frá stjórnvöldum vegna Covid-19.

Ríkisvaldið hefur stutt veglega við íþróttahreyfinguna vegna faraldursins. Í vor úthlutaði stjórnvöld 450 milljónum kr. til að mæta tekjufalli hreyfingarinnar. Um 300 milljónir kr. fóru í almennar aðgerðir og 150 milljónir kr. í sértækar aðgerðir sem úthlutað var skv. tillögum sérstaks vinnuhóps ÍSÍ. Einnig hefur verið stutt við þátttöku barna og ungmenna og boðið upp á frístundastyrki til barna efnaminni foreldra, alls 600 milljónir kr., og hafa sveitarfélögin komið að því úrræði. Í desember 2020 voru síðan samþykkt lög er varða greiðslur til íþróttahreyfingarinnar varðandi launakostað og verktakagreiðslur á tímum faraldursins. Það úrræði er í höndum Vinnuálastofnunar og varðar tímabilið frá 1. október 2020 til 30. júní 2021. Enn fremur hafa stjórnvöld samþykkt frekari stuðning við starfsemi íþróttahreyfingarinnar sem kemur til framkvæmda á árinu 2021.

Á blaðamannafundi sem haldinn var í húsakynnum ÍSÍ 21. desember 2020 voru aðgerðir stjórnvalda til stuðnings íþrótt- og æskulýðsstarfi í landinu kynntar. Þar koma fram að starf íþróttfélaga hefur verulega raskast vegna afleiðinga sóttvarnarráðstafanna Covid-19. Í máli þeirra ráðherra sem fundinn sátu kom fram að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur fjölþætt gildi og er afar mikilvæg. Ráðherrarnir ræddu um þær aðgerðir sem ráðist yrði í á næstunni til þess að styðja við starf íþrótt- og æskulýðsfélaga sem raskast hefur verulega vegna afleiðinga sóttvarnarráðstafanna Covid-19. Þeir sögðu afar brýnt að íþrótt- og æskulýðsfélög geti hafið óbreytta starfsemi sem fyrst þegar faraldurinn lýkur.

Einnig kom fram á fundinum að faraldurinn hefur haft mikil áhrif á starf eldri flokka og afreksstarf í íþróttum. Þess var getið að stuðningur stjórnvalda á þessu sviði verður einn sá mesti á Norðurlöndunum og fyrir það ber að þakka. Í máli Lilju D. Alfredsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, kom m.a. fram: „að virkni og vellíðan fara saman; um allt land er blómlegt íþrótt- og æskulýðsstarf mikilvægur þáttur í hverju samfélagi. Um það starf viljum við standa vörð og tryggja að iðkendur á öllum aldri geti sem best sinnt sínum áhugamálum áfram.“



Guðríður formaður flytur ávarp á héraðsþingi HSK 2020.

Einnig sögðu þau afar mikilvægt að standa vörð um gott starf íþróttahreyfingarinnar. Með þessum umfangsmiklu aðgerðum sem ráðherrarnir kynntu er tryggt að íþrótt- og æskulýðsstarf geti haldið áfram með þeim hætti sem við þekkjum þegar faraldurinn lýkur. Fjárfestinguna sögðu þau skynsama sem skili sér margfalt til baka fyrir samfélagið allt og getum við HSK-félagar sannarlega tekið undir það.

Á sama fundi sagði Lára Blöndal, forseti ÍSÍ: „Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings íþrótt- og æskulýðsstarfinu í landinu eru gríðarlega mikilvægar og stuðla að því að íþróttahreyfingin geti haldið úti sínu faglega starfi og sett aukinn kraft í starfsemina þegar öllum takmörkunum verður aflétt. Með þessu er líka búið að koma upp öryggisneti þannig að ef framhald verður á takmörkunum vegna farsóttarinnar þá er tryggt að íþróttahreyfingin getur staðið skil á launum og verktakagreiðslum, sem er undirstaða starfseminnar.“

Undir þessari orð Lárusar tókum við HSK-félagar heilshugar. Með ráðstöfunum ríkisvaldsins er reynt að sporna við að brottfall verði úr íþróttum vegna Covid-19 og fjárhagslegrar stöðu forráðamanna barna sem stunda íþróttir.

Á þingum HSK höfum við oft rætt að allir eigi að geta stundað íþróttir óháð efnahag og félagslegri stöðu. Því er gott til þessa að vita að ráðherrar íþrótt- og félagsmála hafa lýst því yfir að þeir ætli sér að vinna í góðu samstarfi við íþróttahreyfinguna svo hún komist yfir þennan erfiða hjalla sem við höfum verið að glíma við nú í rúmt ár. Má með sannri segja að það sé góð viðurkenning á starfi okkar í hreyfingunni og sannarlega tekið undir með okkur um að íþróttastarfið hafi gríðar mikilvægt forvarnargildi. Við munum standa þétt saman hér eftir sem hingað til og hugsa um ungmennin okkar. Við munum leitast við að skapa þeim þau tækifæri sem þau þurfa að allir geti stundað íþróttir við sitt hæfi.

Unglingalandsmót 2020

Því miður þurfti framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ að taka þá erfiðu ákvörðun í júní á síðasta ári að fresta Unglingalandsmóti UMFÍ sem fyrirhugað var að halda á Selfossi um verslunarmannahelgina. Nefndin harmaði þá niðurstöðu en ákvörðunin var tekin að vel ígrunduðu máli og með almannahagsmunum í huga. Um leið og ljóst var í hvað stefndi var hafist handa við endurgreiðslu skráningargjalda en skráningar á mótið höfðu gengið vel. Þeir sem sótt hafa Unglingalandsmót vita að mótið er flókin viðburður. Keppendur skrá sig gjarnan í margar greinar og fara á milli svæða og því þótti flækjustigið of mikið til þess að forsvaranlegt væri að halda mótinu til streitu. Ákvörðunin um frestun mótsins var tekin í samráði við almannavarnir og sóttvarnarlækni enda fyrirséð að erfitt hefði verið að tryggja öryggi gesta á jafn fjölmennu móti. Þess má geta að gert hafði verið ráð fyrir um tíu þúsund mótsgestum, keppendum og aðstandendum þeirra. Undirbúningur mótsins hafði staðið yfir um langt skeið. Dagskráin var fullkláruð og átti að bjóða upp á um 20 keppnisgreinar alla verslunarmannahelgina og tónleika á kvöldin, ásamt fjölda annarra viðburða og afþreyingar. Landsmótsnefnd, sérgreinstjórar og fjöldi annarra höfðu lagt á sig mikla vinnu en niðurstaðan varð sú að við þyrftum að sýna ábyrgð og tryggja heilsu og öryggi allra gesta og þátttakenda og því frestuðum við mótinu um ár. Hagsmunir heildarinnar voru hafðir að leiðarljósi og ekki ráðlagð að taka þá áhættu sem fólst í því að halda mótið.

Í dag stefnum við ótrauð að Unglingalandsmóti UMFÍ 2021 á Selfossi um verslunarmannahelgina og höfum hafið undirbúning aftur af fullum krafti. Gaman er að segja frá því að engan bilbug er að finna á þeim sem höfðu tekið verkefni að sér fyrir mótið 2020 og ætla nánast allir að vera með. Stefnan er sem áður sett á glæsilegt mót.

Fundir og þing

Árlegur formannafundur ÍSÍ var haldinn 13. nóvember 2020. Vegna Covid-19 var fundurinn haldinn á netinu á Microsoft Teams. Fundurinn sátu yfir 100 manns. Aðalmálefni fundarinnar var Covid-19 faraldurinn og áhrif hans á starf og fjárhag hreyfingarinnar. Einnig var farið yfir starf vinnuhópa ÍSÍ sem starfa á milli þinga um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar. Eins og venjulega var skýrsla stjórnar flutt og farið yfir ársreikning ÍSÍ ásamt lykiltölum úr rekstrinum. Fróðleg erindi tengd fjármálum íþróttahreyfingarinnar voru flutt af þeim, Gunnari Bragasoni, gjaldkera ÍSÍ, Sólveigu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Fimleikasambands Íslands, Frimanni Ara Ferdinandssyni, framkvæmdastjóra Íþróttabandalags Reykjavíkur og Guðrúnu Ingu Sívertsen, formanni vinnuhóps ÍSÍ um úthlutun á framlagi ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn sem fjárfundur 29. október 2020 en ráðgert hafði verið að fundurinn færi fram á Geysi í Haukadal. Hauki Valtýssyni, formanni UMFÍ, varð tíðrætt um samstarf og samvinnu í ræðu sinni á fundinum. Ungmennahreyfinguna sagði hann sterkari nú með þremur íþróttabandalögum. Hann kom einnig inn á að 2020 hefði átt að verða stórt mótaár en kórónuveirufaraldurinn hefði komið í veg fyrir að það gengi eftir. Hreyfingin hafi þurft að breyta ýmsu í háttum sínum og vinnulagi. Aukið atvinnuleysi væri staðreynd og margir ættu erfitt með að ná endum saman. Sagði hann allt þetta auka hættuna á brottfalli barna og ungmenna úr skipulögðu íþróttastarfi. Haukur benti á að fram undan væri stefnumótunarvinna um starf UMFÍ sem fylgt yrði eftir og unnið náði með sambandsaðilum og Ungmennaráði UMFÍ. Tvær ályktanir voru samþykktar á fundinum. Í annari var Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, færðar þakkir fyrir stuðning og hvatningu við íþróttastarfið og æskulýðsstarfið á erfiðleikatumum þegar Covid-19 herjar á heiminn. Hin var hvatning til Lilju, ríkisstjórnarinnar og alþingismanna að styðja enn betur við íþróttastarfið og ungmennafélagsshreyfinguna á komandi árum.

Vegna Covid-19 voru færri hefðbundnir fundir haldnir en þeim mun fleiri á rafrænu forni. Fulltrúar HSK sóttu þá fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Lokaorð

Þrátt fyrir heimsfaraldur getum við verið sammála um að það sé bjart fram undan í íþróttastarfi á Íslandi. Sífellt er unnið að því að bæta umgjörð starfsins. Gæfa okkar hér á sambandssvæði Skarphéðins er að við erum svo lánsöm að hafa á að skipa harðduglegri sveit forystufólks, duglegu stjórnarfólki í félögunum, vel menntuðum þjálfurum, áhugasömum foreldrum og frábærum iðkendum. Þessi frábæri hópur auðveldar okkur í HSK að halda úti öflugum íþróttastarfi og tómstundastarfi. Færum við öllum hjartans þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi okkar.

Bestu þakkir flyt ég þeim fjölmörgu sveitarfélögum og fyrirtækjum á sambandsvæðinu sem aðstoða okkur við að halda úti jafn öflugum starfi og raun ber vitni. Öllum þeim sem leggja á sig óeigingjarnt starf fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn ber að þakka af heilum hug.

Að lokum færi ég stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og sjálfbóðaliðum bestu þakkir fyrir skemmtilegt samstarf og árangursrík störf.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK



Stjórn HSK 2020.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Í nóvember 2017 gerðu forsvarsmenn HSK og Dagskrárinnar samkomulag um að héraðsblaðið myndi birta fréttir úr starfi HSK. Síðan þá hafa nær vikulega verið birtar fjöldamargar greinar á síðum blaðsins.

Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.



Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostnaði síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.



Ársskýrslu HSK má sjá á hsk.is

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþróttastarfið og ungmennafélagsstarfið í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Ársskýrslur síðustu ára má sjá á www.hsk.is.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila að jafnaði einu sinni í viku.


Þakki til þeirra sem styrktu starfsemina


Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárfraðlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Ársreikningur HSK 2020

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2020. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2020 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2020. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2020 með undirskrift sinni.

Selfossi, 23. febrúar 2021,


Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2020. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 23. febrúar 2021,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2020

	Skýr.	Rauntölur 2020	Áætlun 2020	Rauntölur 2019
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	48.061.894	35.616.000	37.970.900
Tekjur af mótum	2	460.300	150.000	522.000
Auglýsingatekjur	3	470.000	435.000	435.000
Aðrar tekjur	4	3.678.186	4.145.000	4.577.574
Rekstrartekjur alls		52.670.380	40.346.000	43.505.474
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	11.893.419	11.495.000	11.690.179
Fundir og þing	6	152.169	385.000	674.281
Áhöld og tæki	7	265.510	0	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	442.100	95.000	361.786
Rekstur mannvirkja	10	400.000	400.000	400.000
Rekstur skrifstofu	11	745.781	780.000	943.240
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	424.593	420.000	550.125
Önnur gjöld	13	38.401.304	26.955.000	28.368.783
Rekstrargjöld alls		52.724.876	40.530.000	42.988.394
Hagnaður án fjármagnsliða		-54.496	-184.000	517.080
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		268.752	300.000	526.425
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-67.927	-50.000	-41.649
Fjármagnstekjuskattur		-59.116	-66.000	-115.726
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		141.709	184.000	369.050
Hagnaður (tap) tímabilsins		87.213	0	886.130

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2020

	2020	2019
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.828.673	6.734.721
Samkomutjald	560.000	
Fastafjármunir alls	7.388.673	6.734.721
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	45.744	0
Handbært fé	14.958.870	13.127.901
Veltufjármunir alls	15.004.614	13.127.901
Eignir samtals	22.393.287	19.862.622
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	19.956.574	18.976.492
Tekjuafgangur ársins	87.213	886.130
Eigið fé alls	20.043.787	19.862.622
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	2.349.500	0
Skammtímaskuldir alls	2.349.500	0
Skuldir og eigið fé samtals	22.393.287	19.862.622

Skýringar á fjárhagsáætlun HSK	Rauntölur 2020	Áætlun 2020	Rauntölur 2019
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.547.352	2.475.000	2.789.312
Styrkur UMFÍ			125.000
Lottó	41.873.115	30.500.000	32.735.488
Getraunir	956.387	956.000	824.600
Framlag frá sveitarfélögum	1.685.040	1.685.000	1.496.500
Framlög og styrkir alls	48.061.894	35.616.000	37.970.900
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	460.300	150.000	522.000
Landsmótshald	0	0	0
Tekjur af mótum alls	460.300	150.000	522.000
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	220.000	185.000	185.000
Heimasíða	250.000	250.000	250.000
Aðrar auglýsingatekjur	0	0	0
Auglýsingatekjur alls	470.000	435.000	435.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélaganna	2.674.000	2.975.000	2.975.875
HSK þing	122.500	130.000	287.500
Leigutekjur v/skrifstofu	180.000	240.000	240.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	500.000	600.000	655.287
Heimildarmynd um landsmót	0	0	227.000
Aðrar tekjur	201.686	200.000	191.912
Aðrar tekjur alls	3.678.186	4.145.000	4.577.574
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	8.186.758	7.750.000	8.046.864
Tryggingagjald	666.154	645.000	681.170
Lífeyrissjóður	993.057	1.060.000	963.045
Laun alls	9.845.969	9.455.000	9.691.079
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.321.450	1.320.000	1.321.100
Dagpeningar	726.000	720.000	678.000
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.047.450	2.040.000	1.999.100
Laun og verktakagreiðslur alls	11.893.419	11.495.000	11.690.179
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	26.796	250.000	43.773
Þing ÍSÍ	0	0	0
Þing UMFÍ	0	0	470.524
Þing HSK	49.600	25.000	70.382
Nefndafundir HSK	75.773	25.000	23.950
Sambandsráðsfundur UMFÍ	0	50.000	0
Formannafundur HSK	0	15.000	11.652
Aðrir fundir og ráðstefnur	0	20.000	54.000
Fundir og þing alls	152.169	385.000	674.281

	Rauntölur 2020	Áætlun 2020	Rauntölur 2019
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	265.510	0	0
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	265.510	0	0
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	118.000	80.000	188.290
Húsa- eða vallarleiga	0	0	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	324.100	15.000	173.496
Landsmótshald	0	0	0
Landsmótshald, hlutdeild félaga	0	0	0
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds alls	442.100	95.000	361.786
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	400.000	400.000	400.000
Rekstur mannvirkja alls	400.000	400.000	400.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	212.646	200.000	203.640
Ritföng	28.896	30.000	29.756
Prentun	26.706	35.000	35.976
Póstkostnaður	0	20.000	20.990
Kaffikostnaður og risna	9.479	5.000	4.652
Tölvukostnaður	223.128	190.000	189.267
Annar skrifstofukostnaður	244.926	300.000	458.959
Rekstur skrifstofu alls	745.781	780.000	943.240
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	287.320	290.000	309.600
Heimasíða	137.273	130.000	182.262
Heimildarmynd um landsmót	0	0	58.263
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	424.593	420.000	550.125
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	29.882.031	21.960.000	23.527.688
Unglingalandsmótsþátttaka	2.004.600	2.000.000	1.630.785
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	0
Verkefnasjóður HSK	4.210.289	2.930.000	3.145.784
Aukagreiðsla til félaga og ráða	2.200.000		
Ýmis kostnaður	104.384	65.000	64.526
Afskriftir	0	0	0
Önnur gjöld alls	38.401.304	26.955.000	28.368.783

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2020

			31/12/20	31/12/19
<u>Tekjur:</u>				
	Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	3.943.681	3.103.921
	Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	266.608	41.863
	Vaxtatekjur	kr.	16.547	68.880
	Ósóttir styrkir frá 2019	kr.	40.000	55.000
Tekjur alls:			4.266.836	3.269.664
<u>Gjöld:</u>				
	Styrkir 2020, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	2.145.000	5.154.000
	Fjármagnstekjuskattur	kr.	3.633	15.152
Gjöld alls:			2.148.633	5.169.152
<u>Rekstarhagnaður (tap) ársins</u>			2.118.203	-1.899.488

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

<u>Eignir:</u>				
	Í sjóði 31.12.2020	kr.	4.852.791	4.309.588
<u>Eignir alls:</u>			4.852.791	4.309.588
<u>Skuldir og eigið fé:</u>				
	Eigið fé frá fyrra ári	kr.	2.519.588	4.419.076
	Rekstrarhagnaður ársins	kr.	2.118.203	-1.899.488
	Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	215.000	1.790.000
<u>Skuldir og eigið fé alls:</u>			4.852.791	4.309.588

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2020

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	18.804	280 kr. á íbúa	1.250.000	66,47 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.961	280 kr. á íbúa	195.600	99,74 kr.
Rangárþing ytra	1.682	280 kr. á íbúa	170.000	101,07 kr.
Ásahreppur	251	280 kr. á íbúa	69.440	276,65 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2020.

Greiðsla alls úr héraði 2020: 1.685.040

Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2020

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	40.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslið)	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Golfklúbbur Selfoss	Skiðagöngubraut, nýjung í starfi	40.000
Ungmennafélag Selfoss	Rafíþróttir, nýjung í starfi	40.000
Hestamannafélagið Geysir	70 ára saga Geysis	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið 3. stig, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 1, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 1A, einn þátttakandi	80.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 2B, 2 þátttakendur	20.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 2, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 3A, 3 þátttakendur	30.000
Fimleikadeild Selfoss	Dómaranámskeið í hóp fimleikum, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 2A, 3 þátttakendur	30.000
Fimleikadeild Selfoss	Fyrirlestur um hugarfar og hugarafi í hóp fimleikum	30.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Unglinga- og héraðsdómaranámskeið, 24 þátttak.	240.000
Knattspyrnudeild Hamars	Þjálfaranámskeið, 8 þátttakendur	80.000
Knattspyrnudeild Hamars	Nýtt kvennalið, nýjung í starfi	40.000
Samtals		710.000

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeið fyrir stjórnendur leikskólahópa, 5 einstakl.	25.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	50.000
Golfklúbbur Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	50.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, 4 einstaklingar og einn afreksstyrkur	320.000
Íþr.f. Hamar, knattspyrnud.	Dómaranámskeið / Efling á dómarastarfi	40.000
Íþr.f. Hamar, blakdeild	Fjarnám- þjálfaramenntun ISI, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	UEFA PRO þjálfaranámskeið, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	UEFA A þjálfaranámskeið, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, 5 einstaklingar	250.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Stofnun Rafíþróttadeildar	40.000
Umf. Hekla	Menntun fimleikaþjálfara, tveir þátttakendur	20.000
Umf. Selfoss, rafíþróttanefnd	Þjálfaramenntun ÍSÍ - 1. stig, 2 einstaklingar	20.000
Umf. Hrunamanna	Landsliðsval, 4 einstaklingar	200.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna	40.000
Umf. Selfoss, borðtennisnefnd	Uppbygging borðtennisdeildar á Selfossi	40.000
Umf. Þór, körfuknattleiksdeild	Val í landslið, 2 einstaklingar	100.000
Umf. Selfoss	Skyndihjálparnámskeið	40.000
Umf. Selfoss	Stjórnendaþjálfun, tveir einstaklingar	20.000
Samtals		1.285.000

Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2020:

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“

Nafn	Ástæða úthlutunar	Úthlutun
Fjóla Signý Hannesdóttir	Íþróttakona HSK 2019	75.000
Haukur Þrastarson	Íþróttakarl HSK 2019	75.000
Sérstök úthlutun samtals		150.000
Samtals úthlutun 2020		2.145.000

Íþróttakarlar og íþróttakona HSK kosin í þriðja sinn

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Í þriðja sinn í sögu HSK var íþróttakarlar og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi **Heiðrúnu Önnu Hlynisdóttur** sem íþróttakonu HSK 2020 og **Breka Bernhardsson** sem íþróttakarlar HSK 2020.



Gólf

Íþróttakona HSK 2020

Heiðrún Anna Hlynisdóttir, GOS

Heiðrún varð klúbbeistari Golfklúbbs Selfoss þar sem hún sló vallarmet á fyrsta hring mótsins. Hún er fyrsta konan í GOS, þrátt fyrir ungan aldur, að vinna á mótarið GSÍ og að spila með A-landsliði kvenna. Hún spilaði á Evrópumóti kvenna í Svíþjóð með A-landsliði Íslands, þar sem liðið náði besta árangri Íslands frá upphafi á EM í gólfi. Heiðrún var á topp 10 á öllum mótum GSÍ á árinu og var ein af fimm efstu íslenskra kvenna á heimslista áhugamanna í gólfi. Heiðrún spilaði með einum af sterkustu háskólum í USA í 1. deild NCAA, spilaði á öllum mótum liðsins á þessu ári og var lyklimaður á öllum mótum.



Júdo

Íþróttakarlar HSK 2020

Breki Bernhardsson, Umf. Selfoss

Breki keppti á opna danska júdómótinu. Hann varð í 9. sæti á opna skoska júdómótinu í -73 kg seniora og í 3. sæti RIG -73 kg seniora. Breki hefur verið fastamaður í íslenska júdólandsliðinu í -73 kg flokki undanfarin ár. Breki er búsettur í Reykjavík en er duglegur að koma á æfingar á Selfoss.

Fimleikar

Auður Helga Halldórsdóttir, Selfoss

Auður Helga var í liði Selfoss sem varð í 2. sæti á bikarmóti í hópímleikum 2020. Hún komst í úrvalshóp unglinga fyrir Evrópumót í hópímleikum sem var fellt niður vegna covid. Auður Helga hefur verið lykilmannska í sínu liði frá því hún steig fyrst á keppnisgölf. Hún er í úrvalshópi unglinga og stefnir á Evrópumót í hópímleikum. Auður er mikil fyrirmynd og er meðal bestu kvenna í hópímleikaheiminum.



Bjarni Már Stefánsson, Selfoss

Bjarni Már var í liði Selfoss sem varð í fyrsta sæti á GK-meistaramóti 2020 og í öðru sæti á Bikarmóti í hópímleikum 2020. Hann komst í úrvalshóp unglinga fyrir Evrópumót í hópímleikum sem var fellt niður vegna covid. Bjarni Már er einstaklega góður liðsmaður og leggur sig vel fram við að hvetja liðsfélaga sína.



Frjálsíþróttir

Eva María Baldursdóttir, Selfoss

Eva María er hástökkvari og náði þeim frábæra árangri að stökkva 1,81m í sumar sem er Íslandsmet í hennar flokki. Sá árangur kom henni í 3. sæti á afrekaskrá íslenskra kvenna í hástökki frá upphafi. Stökkið setti hana einnig í annað sætið á Norðurlöndunum í sínum aldursflokki og í 8. sæti á heimslistanum. Eva María keppti á innanhússtímabilinu með sameiginlegu landsliði Íslands og Danmerkur á Norðurlandamóti fullorðinna og náði þar 7. sæti.



Dagur Fannar Einarsson, Selfoss

Dagur Fannar er mjög fjölhæfur frjálsíþróttamaður. Hann var búinn að ná nægilega góðum árangri til þess að komast á NM unglinga í tugþraut en því miður féll það mót niður vegna covid19. Hann varð Íslandsmeistari í níu keppnisgreinum á árinu í flokki 18-19 ára auk þess sem hann varð Íslandsmeistari í 400m grindahlaupi í flokki fullorðinna. Hann setti jafnframt 23 HSK met á árinu sem sýnir hversu öflugur hann er.



Akstursíþróttir

Ingólfur Guðvarðarson, Torfærklúbbi

Suðurlands

Ingólfur hreppti sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í ár, en hann átti frábært sumar og var afgerandi í akstri. Gerði lítil mistök og ók frábærlega. Eknar voru fjórar umferðir og sýndi Ingólfur yfirvegaðan akstur og var í topp þremur sætunum allar umferðir ásamt því að vinna tvær umferðir.



Badminton

Margrét Guangbing Hu, Hamri

Margrét hefur æft badminton frá unga aldri og með dugnaði, áhuga og eljusemi hefur það skilað þeim árangri að hún hefur verið valin til að æfa með öllum unglingalandsliðum BSÍ í gegnum tíðina. Síðustu tvö ár hefur Margrét einnig verið valin af landsliðsþjálfara Íslands í sérstakan úrvalshóp BSÍ. Margrét fékk þátttökurétt á sínu fyrsta alþjóðlega fullorðinsmóti á þessu ári og var með yngstu keppendum mótsins. Hún varð m.a. í 2. sæti í tvíliðaleik og 3. sæti í einliða- og tvenndarleik á Unglingameistaramóti TBR og komst í undanúrslit í einliða- tvíliða- og tvenndarleik á Meistaramóti Íslands.



Blak

Guðný Rut Guðnadóttir, Dímon-Heklu

Guðný Rut var leikmaður og aðstoðarþjálfari hjá Dímon-Heklu árið 2020 en hún er mikill reynslubolti og spilaði lengi með HK. Guðný Rut er fjölhæfur leikmaður og þekkir allar stöður vel á vellinum og hefur hún komið inn með ýmsar áherslubreytingar í lið sitt. Hún spilaði með Dímon-Heklu í annari umferð í 3. deild í Íslandsmóti og endaði þar í 2. sæti sem varð svo endanlegt sæti þar sem ekki varð neitt af öðru mótahaldi.



Hafsteinn Valdimarsson, Hamri

Hafsteinn er landsliðsmaður sem kom til baka úr atvinnumennsku frá Frakklandi í sumar. Hann, ásamt bróður sínum, kom að stofnun úrvalsdeildarliðs Hamars sem hóf sitt fyrsta tímabil í efstu deild á 3-0 sigri á deildarmeisturum 2020 Þrótt Neskaupsstað. Því næst unnu þeir svo þrefalda meistara KA síðan 2019 á Akureyri 3-0 áður en allt íþróttastarf var sett á bið útaf Covid. Hafsteinn er fyrirliði Hamars og frábær liðsmaður sem gefur mikið af sér og miðlar reynslu sinni óhikað til annarra.



Golf

Andri Már Óskarsson, GOS

Andri varð Íslandsmeistari með Golfklúbbi Selfoss í Íslandsmóti golfklúbba 2. deild og var lyklimaður í liði GOS, en hann sigraði alla leiki sína í Íslandsmóti golfklúbba. Hann varð í 4. sæti á Íslandsmóti í högggleik. Þá varð hann í 5. sæti á Mótarið GSÍ og í 3. sæti í keppni um Hvaleyrarrikarinn, sem er eitt af stigamótum GSÍ. Andri er einn af bestu kyflingum landsins, hann hefur stundað golf frá unga aldri og hefur náð góðum árangri.



Handknattleikur

Tinna Sigurrós Traustadóttir, Selfoss

Tinna var í stóru hlutverki í liði Selfoss í Grill 66 deildinni en liðið endaði í 3. sæti og var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í Olisdeildinni. Tinna var valin efnilegasti leikmaður Selfoss á lokahófi deildarinnar. Tinna hefur verið að æfa og leika með u-16 ára landsliði Íslands á árinu. Tók hún þátt í keppnisleikjum liðsins á árinu en leiknir voru þrír æfingaleikir við Færeyjar um verslunarmannahelgina í Færeyjum.



Hergeir Grímsson, Selfoss

Herger æfir og spilar handknattleik með Umf. Selfoss í Olisdeildinni sem vinstri hornamaður og miðjumaður. Hergeir er fyrirlíði meistaraflokks karla sem endaði í 5. sæti Olisdeildarinnar í vor þegar mótinu var aflýst vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Hergeir er lykilmáður á báðum endum vallarins í sterku liði Selfoss. Eftir síðustu leiktið tók HB stöð samantölfræði og þar kom í ljós að Hergeir var meðal 3 efstu í söknarframlagi og 10 efstu í varnarframlagi yfir alla leikmenn deildarinnar. Hergeir vann baráttubikarinn á lokahófi deildarinnar síðastliðið sumar.



Hestaíþróttir

Ragnhildur Haraldsdóttir, Sleipni

Ragnhildur var kosin hestaíþróttaknapi ársins hjá LH. Hún varð í efsta sæti á stöðulista á árinu í fjórgangi. Hún varð Reykjavíkurmestari í fjórgangi og á Síðsumarsmóti Spretts varð hún í 1.-2. sæti í tölti. Þá hlaut hún gullnu fjöðrina sem eru reiðmennskuverðlaun frá Félagi tamningamanna fyrir góða reiðmennsku.



Davíð Jónsson, Geysis

Davíð vann gæðingaskeið í meistaraflokki á Íþróttamóti Geysis í vor með einkunnina 8,92 sem er Íslandsmet í gæðingaskeiði og hæðsta einkunn í Íþróttakeppni sem gefin var á þessu keppnistímabili 2020. Davíð sigraði með 7,83 í einkunn í gæðingaskeiði Meistaradeildarinnar og er efstur á stöðulista í gæðingaskeiði. Hann stóð líka ofarlega í öðrum greinum sem hann keppti í á árinu í Íþróttakeppni. Hann er jafnframt íþróttaknapi Geysis á árinu.



Íþróttir fatlaðra

Sigríður Sigurjónsdóttir, Suðra

Sigríður hefur æft íþróttir í mörg ár bæði meðal fatlaðra og ófatlaðra íþróttamanna. Sigríður var í verðlaunasættum á þeim frjálsíþróttamótum sem hún tók þátt í árið 2020. Hún tók þátt í afraunum á árinu með góðum árangri. Hún varð í 3. sæti á Arnold Classic 2020 í Ohio USA. Hún vann keppnina um sterkustu fötlðu konu Íslands. Samhliða þessu móti fóru fram eins mót í nokkrum löndum og keppt um titilinn sterkasta fatlaða kona heims. Þegar upp var staðið hreppti Sigríður 2. sætið.



Bjarni Friðrik Ófeigsson, Suðra

Bjarni Friðrik hefur æft ýmsar íþróttir hjá Íþróttafélaginu Suðra í mörg ár. Árið 2020 lagði hann áherslu á golfíþróttina og sigraði héraðsmótið í golfi fatlaðra sl. sumar. Hann æfði einnig boccia um tíma í ár og stefndi að þátttöku í Íslandsmótunum sem var reyndar aflýst vegna Covid.



Júdo

Sara Nugig Ingólfssdóttir, Selfoss

Sara er samvísusöm og dugleg júdokona, hún mætir vel á allar æfingar og mót. Hún var kosin efnilegasta júdokona landsins af stjórni JSÍ. Sara er einnig að aðstoða við æfingar á yngri iðkendum og góð fyrirmynd fyrir yngri júdóstepur. Ekki voru mörg júdómót á árinu en hún tók fyrsta sæti -57 kg U18 á haustmóti JSÍ.



Knattspyrna

Barbára Sól Gísladóttir, Selfoss

Barbára Sól er ein af lykilleikmönnum meistaraflokksliðs kvenna. Þrátt fyrir ungan aldur er hún orðin einn leikreindasti leikmaður kvennaliðs Selfoss. Barbára hefur verið atkvæðamikill með landsliðum Íslands. Á þessu ári var hún valin í A landslið Íslands og spilaði með landsliðinu í undankeppnum EM þar sem Ísland tryggði sér þátttöku á lokamóti EM 2022, hún spilaði líka alla leiki með U19 á þessu ári.



Þorsteinn Aron Antonsson, Selfoss

Árið 2020 var frábært fyrir Þorstein. Þó að hann sé enn í 3. flokki þá spilaði hann líka með 2. flokki og meistaraflokki Selfoss. Í september var hann seldur til Fulham sem leikur í sterkustu deildarkeppni í heimi. Þorsteinn var valinn í landsliðsverkefni hjá U16 og U17 þar sem hann spilaði fjóra leiki.



Körfuknattleikur

Hrafnhildur Magnúsdóttir, Hamar-Þór

Hrafnhildur kom til liðs við meistaraflokk Hamar-Þórs sem leikur í 1. deild kvenna fyrir tímabilið 2020-21. Hrafnhildur er kraftmikill leikstjórnandi sem lætur til sín taka bæði í vörn og sókn. Hún hefur verið í lykilleikverki hjá liði Hamars-Þórs og skilaði 11 stigum, 7 fráköstum, 3 stolnum boltum og 3 stoðsendingum á meðaltali í leikjum liðsins á árinu 2020.



Halldór Garðar Hermannsson, Umf. Þór

Halldór er lykilleikmaður í meistaraflokki Þórs og hefur leikið vel í vörn og sókn liðsins. Þegar síðasta tímabil var flautað af vegna Covid-19 var hann með 15 stig og 5,6 stoðsendingar. Halldór er reynslumikill leikmaður þrátt fyrir ungan aldur en hann hefur verið í öllum yngri landsliðum KKÍ og leikið á Norðurlandamótum og Evrópumótum. Auk þess hefur hann verið valinn í æfingahóp A-landsliðsins.



Mótókross

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Selfoss

Gyða Dögg vann allar 12 umferðirnar í Íslandsmótariðinni í mótorkrossi og varð Íslandsmeistari í kvennaflokki 2020. Þann titil hefur hún hlotið fjórum sinnum. Að auki tók Gyða Dögg þátt í svokölluðum hobbýflokki þetta árið. Þar mega allir sem keyra á 250 kúbika hjólum eða minni keppa og var hún þar í toppbaráttu. Hún var valin akstursíþróttakona MSÍ 2020 og er það í þriðja sinn sem hún hlýtur þann titil.



Skotíþróttir

Helga Jóhannsdóttir, SFS

Helga stóð sig vel að vanda og varð stigameistari í skeet kvenna á mótarið Skotíþróttasambandsins árið 2020. Hún setti Íslandsmet í skeet á landsmóti í Höfnum í júlí = 103 stig og Íslandsmet í Skeet final á landsmóti á Akranesi í ágúst 2020 = 48 stig.



Hákon Þór Svavarsson, SFS

Hákon náði góðum árangri á mótum ársins, varð tvisvar í 3. sæti, einu sinni í 2. sæti og vann eitt mót. Hann náði meistaraflokksskoti í þremur mótum og jafnaði Íslandsmetið sem er 121 af 125. Í því móti náði hann að skjóta 100 skotum í röð án þess að klíkka en það hefur aldrei verið gert í móti á Íslandi. Hákon varð einnig stigameistari í skeet á mótarið Skotíþróttasambandsins árið 2020.



Sund

Sara Ægisdóttir, Selfoss

Sara er mjög samvísusöm og mætir vel á æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni sem henni er sett fyrir. Sara náði lágmarkum fyrir Íslandsmót í 50 m laug og 25 m laug en mótinu var frestað út af COVID. Sara er burðarás í liði sunddeildar Umf. Selfoss sem sigrað hefur á allflestum sundmótum HSK síðustu þrjú ár. Sara synti vel á Aldursflokkmóti HSK í maí og á Héraðsmóti HSK í júní.



Taekwondo

Dagný María Pétursdóttir, Selfoss

Þar sem Covid setti stórt strík í keppnishald hjá flestum keppti Dagný ekki á neinu móti á árinu. Dagný náði þeim árangri að komast í A landslið í bardaga eftir úrtökur í sumar og var stefninn sett á mót sem að því miður féllu niður. Hún æfði með liðinu HUK TII sem er klúbbur í Brande í Danmörku.



Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss

Björn Jóel vann silfur í bardaga á RIG í +73 kg junior flokki karla og silfur í bardaga á bikarmóti 2 í -80 kg senior flokki karla. Hann komst í B landslið í unglingaflokki eftir úrtökur. Björn Jóel keppti upp fyrir sig í aldursflokki á bikarmóti 2 og náði þar góðum árangri á móti mikið reyndari keppendum.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabíkar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Umf. Selfoss
Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Sleipnis
Golfklúbbur Selfoss
Sigmundur Stefánsson

Unglingabíkar HSK 2020

Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Sleipnis hefur á liðnum áratug rekið mjög öflugt barna og unglingastarf og hefur orðið alger viðsnúningur í þeim málum hjá félaginu á síðustu tíu árum.

Félagið fékk Æskulýðsbikar LH og hefur síðan þá verið í hópi fyrirmyndafélaga ÍSÍ. Starfsemin 2020 var nokkuð lituð af COVID ástandinu.

Það nýjasta sem félagið er farið af stað með er tilraunaverkefni með félagshesthúsi. Tilgangurinn er að vera með hesta og búnað á húsi ásamt leiðbeinendum og kennurum fyrir allt að 18 börn á aldrinum 11-16 ára. Þá er verið að horfa til barna og unglinga sem hafa verið á sumarnámskeiðum hjá félaginu, Reiðskóla Sleipnis, en hann er starfræktur í júní til ágúst ár hvert. Skólinn er hugsaður fyrir börn og unglinga í Árborg og Flóahreppi sem hafa ekki aðgang að hestum og eða bakland. Aðsókn að þessum námskeiðum hefur ávallt verið meiri en framboðið. Þetta nýja verkefni er hugað sem hluti af nýliðun í félaginu sem og að kynna hestamennsku og hestaþróttir sem valkost.

Starf Æskulýðsnefndar félagsins er alfarið unnið í sjálfbæravinnu af félagsmönnum og foreldrum í félaginu.



Frá reiðskóla Sleipnis.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2020

Golfklúbbur Selfoss hefur síðustu árin lagt mikla áherslu á að við klúbbinn sé öflugt foreldrastarf. Óskað er eftir foreldrum í foreldraráð sem sér um að að skipuleggja starfið árlega og tekur einnig þátt í stefnumótun er varðar barna- og unglingastarf klúbbsins. Það hefur verið yfirlýst stefna hjá félaginu að nýliðun verði m.a. að eiga sér stað með því að gera barna- og ungmenningarstarfið öflugt og aðlagandi. Til að svo geti verið hefur barna- og unglinganefnd, sem skipuð er foreldrum, umsjón með eftirfarandi starfspáttum klúbbsins:

Skipulag starfsins á heilsárs grundvelli. Þar sem golfþróttin er orðin heils árs íþrótt með tilkomu inniðstöðu er það eitt af hlutverkum foreldraráðs að skipuleggja æfingar í samráði við framkvæmdastjóra, þjálfara og stjórn. Æfingar hefjast um mánaðarmótin nóvember/desember eftir að haustfrí er tekið í lok september. Lögb hefur verið áhersla á það að iðkendur GOS hafi aðgang að færustu þjálfurum landsins og bestu aðstæðum sem hægt er að skapa starfinu hverju sinni.

Skipulag æfingaferða. Síðustu ár hafa iðkendur barna- og unglingastarfs GOS farið í æfingaferðir að vori til Spánar. Slíkt krefst mikils undirbúnings og utanumhalds. Mikil fjáröflun hefur verið skipulögð árlega svo að unnt sé að fara í æfingaferðir.

Önnur fjáröflun. Foreldraráð safnar fyrir ýmskonar hópefli, fyrirlestrum og fræðslu fyrir ungmennti klúbbsins. Þetta er t.a.m. gert með því að halda puttímótarið að vetri en skipulag og framkvæmd er í höndum foreldraráðs. Einnig golfmaraþon þar sem leikið er yfir bjarta sumarnótt í þágu fjáröflunar fyrir barna- og unglingastarfið.

Foreldraráð sér um fræðslufund í upphafi hvers sumars þar sem starfið er kynnt, mótaskrá sumars kynnt, golfreglukynning og annað er varðar starfið.



Sigmundur öðlingur ársins.

Ráðið sér einnig um að skipuleggja í samráði við framkvæmdastjóra golfleikjanámskeið sem standa yfir í júní ár hvert.

Foreldraráð sér um skipulagningu og utanumhald liða sem taka þátt í liðakeppnum á vegum Gólfambands Íslands. Oft þarf að sjá um gistingu, að sjá liðnum fyrir matvælum og fleira og er sú vinna í höndum foreldraráðs.

Foreldrar í Golfklúbbi Selfoss hafa lagt sitt að mörkum við að halda úti fjölbreyttu og víðfemu starfi klúbbsins, foreldrar hafa gefið vinnu og tíma t.a.m. þegar nýrasið aðstöðu- og æfingahús var reist árin 2019-2020.

Öðlingur ársins 2020

Öðlingur ársins er Sigmundur Stefánsson. Hann gekk í Ungmennafélagið Samhygð á vordögum 1964 og mætti talsvert á frjálssíþróttæfingar hjá félaginu á sjöunda áratugnum og keppti nokkrum sinnum

á mótum m.a. einu sinni á Þjórsártúni. Hann varð unglingameistari Skarphéðins í kringlukasti árið 1965 á móti við Gunnarshólma og keppti fjórum sinnum á innanhússmótum Skarphéðins í frjálssíþróttum á árunum 1965 til 1969 og náði alltaf í stig fyrir sitt félag.

Sigmundur var valinn í lið Samhygðar í spurningakeppni ungmennafélaganna 1969. Liðið komst í undanúrslit. Þá var hann í skákliði Samhygðar á áttunda og níunda áratugnum sem árlega keppti við Vökumenn í dymbilvikunni. Sigmundur var nokkrum sinnum fulltrúi Samhygðar á þingum HSK.

Eftir að Sigmundur settist að í Reykjavík hefur hann starfað talsvert að félagsmálum. Hann var gjaldkeri Glímusambands Íslands frá 1999 til 2011 og hefur verið formaður minjasafnsnefndar sambandsins frá 2006. Um tíma starfaði hann talsvert í kringum bridgeþróttina. Var varaforseti bridgesambandsins í tvö ár, þjálfari kvennalandsliðsins í eitt ár og tvisvar fararstjóri með landsliðum á mót erlendis. Hann tók einu sinni þátt í tvímenningsmóti HSK í bridge, fyrir um það bil 10 árum.

Árið 2017, þegar hann stóð á sjötugu, datt honum í hug að rifja upp gamla takta úr frjálssíþróttum og skrði sig til leiks í kastgreinar á landsmóti UMFÍ 50+. Í aðdraganda mótsins mætti hann á nokkrar æfingar hjá eldri iðkendum og hefur haldið því áfram síðan. Hann keppti á þessum landsmótunum 2018 og 2019. Á mótinu á Neskaupstað 2019 fékk hann silfurverðlaun í þremur greinum. Sigmundur hefur sett nokkur Skarphéðinsmet í sínum aldursflokki og á núna metin í spjótkaсти, sleggjukasti og lóðkaсти.

Sigmundur hefur reynt að halda sér í góðu líkamlegu formi. Á árum áður fór hann reglulega í sund en síðan hafa fjallgöngur orðið ofan á. Frá árinu 2005 hefur hann gengið meira en 2500 sinnum á Úlfarsfell.

Fundir, þing og ráðstefnur:

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

Óvenjulegt héraðsþing HSK tókst vel

46 manns mættu á 98. héraðsþing HSK var haldið á Hvolsvelli 17. september 2020. Mælst hafði verið til þess að einn fulltrúi kæmi frá hverju félagi og gekk það eftir. Fámennara héraðsþing hefur ekki verið haldið síðan 1959. Trúlega hefur héraðsþing ekki staðið skemur í sögu sambandsins, en þinghaldið tók klukkutíma og korter, enda var ýmsum hefðbundnum dagskrárliðum sleppt. En þinghaldið gekk vel fyrir sig og vel var hugað að sóttvörnum. Heimafólki frá Rangárþingi eystra og Dímon eru færðar bestu þakkir fyrir kaffiveitingar og aðstoð við þinghaldið.

Frjálsíþróttakonan Fjóla Signý Hannesdóttir og handknattleiksmaðurinn Haukur Prastarson, bæði úr Ungmennafélagi Selfoss, voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarli Héraðssambandsins Skarphéðins árið 2019.

Unglingabíkar HSK 2019 hlaut æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Geysis, foreldrarstarfsbikar HSK 2019 fór til Badmintondeildar Hamars og Dímon var sigurvegari í heildarstigakeppni HSK vegna héraðsmóta HSK. Þá var Jason Ívarsson valinn Öðlingur ársins.


Stjórn HSK lagði fram 10 tillögur á þinginu og voru þær allar samþykktar, þar á meðal tillaga um að veita Íþróttafélagi Uppsveita aðild að HSK. Aðildarfélag sambandsins eru nú 58 talsins.

Í lok þings var kosið í starfsnefndir sambandsins og þá var stjórn og varastjórn sambandsins endurkjörin.

Ársskýrsla sambandsins kom út á þinginu og má nálgast hana á www.hsk.is, undir liðnum fundargerðir.



Frá héraðsþinginu í Hvolnum árið 2020.



Líney framkvæmdastjóri ÍSÍ á skjánum á rafrænum formannafundi ÍSÍ.

Sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn sem fjarfundur

Stjórn UMFÍ ákvað að halda Sambandsráðsfund UMFÍ sem fjarfund og var hann haldinn fimmtudaginn 29. október 2020.

Til stóð að halda fundinn á Geysi í Haukadal dagana 23.-24. október, en vegna Covid-19 gat fundinn ekki farið fram með venjubundum hætti. Allt fyrirkomulag fundarinnar var með rafrænum hætti, þar á meðal kosningar um þau mál sem lögð voru fyrir fundinn.

Á dagskrá samráðsfundarinnar eru hefðbundin mál sem öll verða afgreidd með rafrænum hætti.

Á meðal þess sem kynnt var á fundinum var minnisblað UMFÍ um veirufaraldurinn, afleiðingar hans og tillögur að aðgerðum til að hjálpa íþrótt- og æskulýðsfélögum og sporna við neikvæðum áhrifum faraldursins á félög og iðkendur.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands var haldinn 13. nóvember 2020. Fundinn, sem er upplýsingafundur, sitja formenn og framkvæmdastjórn sambandsaðila ÍSÍ ásamt framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Fundurinn var haldinn á Microsoft Teams og var þátttökan frábær eða yfir 100 manns. Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri.

Málefni COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á starf og fjárhag íþróttahreyfingarinnar voru fyrirferðarmikil á fundinum en einnig var farið yfir starf vinnuhópa ÍSÍ sem starfa á milli þinga um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar. Skýrsla stjórnar var flutt og farið yfir ársreikning ÍSÍ ásamt

lykiltölum úr rekstri íþróttahreyfingarinnar í heild. Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, Frimann Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur og Guðrún Inga Sívertsen formaður vinnuhóps ÍSÍ um úthlutun á framlagi ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19, héldu erindi sem tengdust fjármálum hreyfingarinnar.

Á fundinum greindi Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, frá viðræðum við stjórnvöld um frekari stuðning til handa íþróttahreyfingunni. Forsetinn benti á að íþróttaforystan hefði aldrei staðið þéttar saman eða haft nánara samráð og samskipti heldur en

undanfarna mánuði. Reglubundin samskipti hafi átt sér stað í formi fjarfunda, um fjölmörg hagsmunamál og áskoranir sem upp hafa komið, og ljóst að þessi aðgengilegi fundarmáti sé kominn til að vera. Hann hvatti sambandsaðila til bjartsýni og jákvæðni. Teikn væru um bjartari tíma á komandi ári.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

Stjórnarfundir HSK árið 2020

Stjórn HSK fundaði átta sinnum árið 2020 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi nema septemberfundurinn sem var haldinn í Hvolnum á Hvolsvelli að loknu héraðsþingi. Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði einu sinni á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 2020										Mæting á framkvæmdastjórnarfundum HSK 2020	
	16/1	18/2	4/6	2/7	25/8	17/9	20/10	24/11	30/4		
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Guðmundur	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Helgi	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Anný			x	x	x		x				
Baldur Gauti		x	x	x	x	x	x	x			
Gestur		x			x						
Olga		x			x		x	x			
Jón Þröstur	x		x		x			x			
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x		

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnæfnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson frá HSK formaður
Hjördis Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Sædis Ó. Harðardóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 4. febrúar 2020 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalds eða námskeiða. Framkvæmdir í Selinu voru ekki miklar á árinu en loksins tókst að mála þakið sem staðið hefur til í nokkurn tíma. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþríf á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Að lokum vill húsnæfnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfs sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson



Selið við Engjaveg á Selfossi.

Árleg skil á Felixskýrslu

Öll ungmenna- og íþróttafélög á landinu þurfa árlega að senda svokallaða starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ og undanfarin ár hafa skil verið gerð í gegnum tölvukerfi sem heitir Felix og hefur lokaskiladagur verið 15. apríl.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem upp komu í samfélaginu á árinu og þá ekki síst samkomubannsins sem hamlaði því að einingar í íþróttahreyfingunni gætu lokið sínum aðalfundum og ársþingum, þá ákvað ÍSÍ og UMFÍ að framlengja frest til að skila inn starfsskýrslum í Felix til 1. júní 2020. Öll aðildarfélög HSK skiluðu skýrslunni, en tvö þeirra náðu því ekki fyrir 1. júní.

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttageinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar

upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttageina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sársambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á. Ítarlegar leiðbeiningar um starfsskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ.

Starfsskýrslan skiptist í þrennt:

- Félagatal (félagar og iðkendur).
- Ársreikning fyrir síðastliðið ár.
- Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu.

Getraunastarf í héraði

Á tímum Covid hefur reynst erfitt að halda úti hefðbundnu getraunastarfi íþróttafélaganna þar sem stuðningsfólk mætir í félagsheimilið, spjallar, drekkur kaffi og tippar á Enska getraunaseðlinn. Slíkar samkomur hafa ekki verið í boði.

Íþróttafélögin hafa samt mörg hver sýnt mikið hugmyndaflug til að halda úti getraunastarfinu og nýtt sér rafræna möguleika þar eins og annarstaðar í þjóðfélaginu.

Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkortu viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

Heildarstigatafla HSK 2020

Aðeins 11 mót töldu til stiga í heildarstigakeppni HSK í ár, en mörgum héraðsmótum var aflýst vegna COVID-19.

Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2020. Selfoss hlaut 100 stig, Umf. Þjóttandi varð í öðru sæti með 48,5 stig og Umf. Þór varð í þriðja sæti með 34 stig.



Verðlaunahafar á HSK móttinu í tvímennungi í bridds 2020 en mótið var eitt af ellefu mótum sem töldu til stiga í heildarstigakeppni HSK.

Röð félaga 2020		Bridds, tvímennigur		Bridds, sveitakeppni		Frjálsíþróttir, héraðsmót innanh.		Frjálsíþróttir, unglingamót innanh.		Frjálsíþróttir, aldursflokkmót innanh.		Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh.		Frjálsíþróttir, unglingamót utanh.		Frjálsíþróttir, aldursflokkmót utanh.		Íþróttir fatlaðra, héraðsmót		Sund, aldursflokkmót		Sund, héraðsmót		
1.	Umf. Selfoss	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10				10	10					100
2.	Umf. Þjóttandi	5,5			9	7	7	7	7	6														48,5
3.	Umf. Þór				8	6			6	9	5													34
4.	Íþr.f. Hamar	8										6							9	9				32
5.	Íþr.f. Dímon	9	8		5,5	5								4										31,5
6.	Umf. Hrunamanna					8	6	8						8										30
7.	Umf. Hekla					4,5	4,5	4,5	4,5	4,5														22,5
7.	Íþr.f. Garpur					4,5	4,5	4,5	4,5	4,5														22,5
9.	Golfkl. Flöðir	5,5	9																					14,5
10.	Umf. Gnúpverja	7	7																					14
11.	Umf. Biskupstungna							4						7										11
12.	Umf. Laugdæla					5,5				5														10,5
13.	Íþr.f. Suðri																		10					10
14.	Íþr.f. Gnýr																		9					9

Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélagunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram.



Pétur Hrafn Sigurðsson.



Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580-2500 eða í netfang phs@getspa.is.

**Með íþróttakeðju,
Pétur Hrafn Sigurðsson,
deildarstjóri Getraunadeildar**

Metár í lottóinu og aukagreiðsla frá eignaraðilum

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2020 voru 41.873.112 kr. og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaaukningin er m.a. vegna samtals 5.841.254 kr. aukagreiðslu frá ÍSÍ og UMFÍ, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189 og árið 2010 kr. 14.942.890.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottótið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2020 var kr. 18.117.527 og frá UMFÍ kr. 23.755.585.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendatölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendatölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðð starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.



Starfsfólk Sunnulækjarskóla á Selfossi gekk á Ingólfsfjall í hreyfivikunni.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtimans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 25.-31. maí 2020. Vikan er hluti af evrópski lýðheilsuherferð (Now We Move) og er markmið hennar að hvetja einstaklinga til þess að finna sína upphalds hreyfingu og stunda hana reglulega eða í minnsta kosti í 30 mínútur daglega. Aukinheldur er markmið vikunnar að hvetja félög og einstaklinga til þess að opna dyrnar hjá sér, bjóða upp á kynningar og vekja athygli á framboði mismunandi hreyfingar og námskeiða í sínu nærumhverfi.

Undirbúningur og framkvæmd vikunnar var lituð heimsfaraldri kórónuveirunnar og aðgerða á skólalastarfi til að hefta mögulega útbreiðslu veirunnar. Vegna ástandsins hófst fjöldi viðburða um miðjan maí eða þeir voru teygðir fram í byrjun júní.

Á sambandsvæði HSK fóru nokkrir viðburðir fram. Sem dæmi má nefna fuglaskoðun í Hallskoti á Eyrarbakka sem Óttar Guðlaugsson hafði umsjón með. Starfsfólk í Sunnulækjarskóla skellt sér í göngu á Ingólfsfjall og stóð fyrir hreyfileikjum á kennarafundi. Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss bauð upp á opna vinaæfingu, plankakeppni, ratleik og skotbolta undir umsjón Ágústu Tryggvadóttur. Nemendur í 7. – 10. bekk á Stokkseyri tóku þátt í þríþraut. Nemendur skiptu sér í þriggja manna lið og sá einn úr hverju liði um að synda 15 ferðir í sundlauginni á Stokkseyri. Annar hjólaði yfir á Eyrarbakka og sá þriðji úr liðinu hljóp til baka á Stokkseyri.

Brenniboltaáskorun var nýlunda í Hreyfivikunni í ár en þá voru skólar hvattir til þátttöku. Nokkrir grunnskólar á svæði HSK voru duglegir að taka þátt. En keppni fór fram í Sunnulækjarskóla og á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Hreystileikur var nýjung í Hreyfiviku UMFÍ þetta árið. Verkefnastjóri Hreyfivikunnar útbjó einfaldan leik þar sem fyrirtæki voru hvött til að fá starfsfólk til að hreyfa sig. Leikurinn var einfaldur í framkvæmd og hentar hvaða vinnustað sem er. Útbúnar voru einfaldar leiðbeiningar og boðberar innan fyrirtækja hvattir til að setja upp myndir á vel valda staði í fyrirtækjunum. Þá gætu starfsmenn tekið armbeyggjur við kaffivélina, hnébeyggjur við ljósritunavélina og svo framvegis. Starfsfólk í Sunnulækjarskóla sló til og setti upp hreyfileiki á kennarafundi.

Einn liður í Hreyfiviku UMFÍ undanfarin ár hefur verið sundkeppni milli sveitarfélaga. Í ár var hins vegar ákveðið að hvíla þá keppni.



Nemendur BES á Stokkseyri kepptu í þríþraut í hreyfiviku UMFÍ.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmaet að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félagum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem felld hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sersamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykktir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddur af viðkomandi félagum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2020

Akstursíþróttafélag:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Berghyl, Hrunamannahreppi
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbur:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjagerðs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarhess

Sigurjón Harðarson
Bryndís Scheving
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Vignir Demusson
Börkur Arnviðarson
Páll Sveinsson
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Viðir Jóhannsson
Knútur G. Hauksson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Bæjargili 109, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvalsveili
Hjallabrún 17, Hveragerði
Þverási 13, Reykjavík
Álftarima 14, Selfossi
Móbergi 2, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsbergi 16, Þorlákshöfn
Hellishólum, Fljótshlíð
Álftamýri 63, Reykjavík

Hestamannafélag:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Stefán Jónsson
Erla Björk Tryggvadóttir
Gústaf Loftsson
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir
Bragi Viðar Gunnarsson
Birgir Leó Ólafsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Selvogsbraut 7, Þorlákshöfn
Hvoli, Ölfusi
Myrkholti, Biskupstungum
Tjörnum, Flóahreppi
Túnsbergi 2, Hrunamannahreppi
Stangarlæk 1, Grímsnesi

Íþróttafélag:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Íþróttafélag Uppsveita

Arnheiður Dögg Einarsdóttir
Nanna Jónsdóttir
María K. Jacobsen
Þórhallur Einisson
Birgir Örn Harðarson
Sigurður H. Guðjónsson
Vilhjálmur S. Smáradóttir
Sólmundur M. Sigurðarson

Guðnastöðum, Landeyjum
Miðhóli, Ásahreppi
Undirhlíð 1, Sólheimum
Laufskógum 34, Hveragerði
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Kjarrhólum 2, Selfossi
Austurhlíð 3, Biskupstungum

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélag:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Hafþór Theodorsson
Tinna Erlingsdóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Gerplustræti 33, Mosfellsbæ
Gilsbakka 31, Hvalsveili
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Hlynur Kárasen

Hraunbæ 45, Hveragerði

Skotiþróttafélag:

Skotiþróttafélag Suðurlands
Skotiþróttafélagið Skyttur

Gunnar Egilsson
Magnús Ragnarsson

Lóurima 12, Selfossi
Gilsbakka 31, Hvalsveili

Ungmennafélag:

U.B.H.
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðhóll
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóttandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Oddur Bjarni Bjarnason
Albert Rútsson
Ármann Fannar Magnússon
Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Magnea Guðmundsdóttir
Guðmundur Jónasson
Jóhanna Bríet Helgadóttir
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Þróstur Guðnason
Daníel Pálsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Viktor S. Pálsson
Lára Jónsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Bryndís Eva Óskarsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvalsveili
Brautarhóli, Biskupstungum
Skiðbakka 1, Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Brennu, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Þrándarlundi, Skeiða-Gnúp.
Bólöldu 3, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Hraunbraut 10, Borg í Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Hjálmsstöðum, Laugardal
Hellum, Landsveit
Grafhólum 18, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Dalbæ, Flóahreppi
Heinaberg 7, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 16 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 13 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018
Guðni Guðmundsson	Þverlæk	2019

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Þuríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017
Gissur Jónsson	Selfossi	2019
Haraldur Gísli Kristjánson	Hólum	2019

Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélagum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2019, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2020. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

Íþróttagrein	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Golf	2152	2843	2642	2867	2960	2981	2921	3163	3018	3028	3617
Hestaíþróttir	1932	1964	2014	2044	2044	2070	2078	2016	2077	2028	2200
Almenningsíþróttir	551	1252	1240	1210	1308	1857	1879	1909	1862	722	1921
Knattspyrna	1441	1340	1167	1177	1418	1456	1337	1481	1379	1561	1741
Fimleikar	807	859	1032	735	1155	1262	1193	1056	973	1280	1359
Körfuknattleikur	868	716	716	720	861	821	874	797	828	766	1104
Frjálsar íþróttir	763	633	639	647	692	764	961	978	644	676	751
Handknattleikur	457	426	355	454	521	565	511	549	253	414	463
Skotfimi	131	77	135	187	186	313	248	242	253	446	456
Sund	115	116	194	235	244	229	187	189	475	509	278
Blak	224	221	185	228	224	235	280	137	238	194	266
Badminton	148	135	117	130	131	137	160	73	143	175	184
Glíma	201	178	149	167	182	179	163	188	193	203	177
Motocross	131	151	151	131	140	104	114	151	152	150	160
Júdó	79	55	83	55	55	55	55	171	44	116	116
Taekwondo	100	134	115	180	144	137	127	150	43	121	113
Íþróttir fatlaðra	103	104	111	108	89	76	86	86	69	71	77
Kraftlyftingar	26	38	34	94	73	92	71	71	71	70	74
Akstursíþróttir			9	16	20	26	31	49	50	57	69
Borðtennis	100	97	67	60	59	66	59	44	58	56	59
Leiklist	93	103	93	104	98	73	73	66	66	38	58
Lyftingar						26	41	25	36	42	56
Brídds	37	37	32	31	30	30	30	30	29	29	28
Bogfimi									6	11	12
Karate				11	11		9	8	9	7	8
Skógrækt	5	5	5	5	5	5	5				
Þríþraut			9	9							
Hnefaleikar		13	13								
Skák	7	5									
SAMTALS	10464	11497	11307	11605	12650	13559	13493	13629	12969	12770	15347

Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarfélagu voru félagsmenn samtals 19.800, en voru árið áður 21.322, sem er fækkun um 7,14%. Íbúum á sambands svæðinu fjölgaði um 1.022 á milli ára, sem er 4,71% fjölgun og eru nú 22.698 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2020.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn			tekjur af	getrauna-	tekjur af
	15 ára -	16 ára +	alls	lottói	númer	getraunum
Frjálsíþróttaráð HSK				933.740		
Glimuráð HSK				221.683		
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	14	15	9.685		
Golfkl. Ásatúns	1	471	472	238.655	830	0
Golfkl. Dalbúi	0	116	116	39.591	813	582
Golfkl. Flúðir	6	249	255	266.103		
Golfkl. Geysir	13	37	50	91.146		
Golfkl. Hellu	13	111	124	150.357	852	3.518
Golfkl. Hveragerðis	14	276	290	303.614	812	19.337
Golfkl. Kiðjabergs	15	405	420	237.379	797	2.371
Golfkl. Selfoss	57	678	735	662.535	808	808
Golfkl. Tuddi	10	29	39	43.155		
Golfkl. Úthlið	0	191	191	61.407		
Golfkl. Þorlákshafnar	20	295	315	328.637		
Golfkl. Þverá	0	54	54	21.007	867	38
Golfkl. Öndverðarness	17	585	602	292.323		
Hestamannaf. Geysir	180	535	715	881.779		
Hestamannaf. Háfeti	9	85	94	43.988		
Hestamannaf. Ljúfur	27	111	138	80.274		
Hestamannaf. Logi	37	157	194	247.159		
Hestamannaf. Sleipnir	84	534	618	681.843		
Hestamannaf. Smári	74	261	335	350.933		
Hestamannaf. Trausti	8	142	150	52.871		
Íþróttaf. Dímon	270	402	672	1.427.515	859	375
Íþróttaf. Garpur	30	279	309	315.269	855	3.823
Íþróttaf. Gnýr	0	53	53	93.074		
Íþróttaf. Hamar	518	1524	2042	3.899.813	810	20.351
Íþróttaf. Milán	0	53	53	12.524		
Íþróttaf. Mímir	1	139	140	119.726		
Íþróttaf. Suðri	5	122	127	63.378	827	492
Karatef. Suðurlands	0	8	8	2.020		
Knattsp.f. Árborg	13	239	252	267.267	811	3.759
Knattsp.f. Rangæinga	228	578	806	1.042.152	866	163.079
Knattsp.f. Ægir	62	502	564	362.328	822	18.365
Körfuknattf. Selfoss	191	147	338	999.416		
Lyftingaf. Hengill	0	52	52	10.100		
Skotíþr.félagið Skyttur	1	127	128	121.746	795	146
Skotíþr.félag Suðurlands	0	406	406	133.317	823	38
Torfærúkl. Suðurlands	0	99	99	112.061		
UBH	0	187	187	130.646	860	2.882
Umf. Biskupstungna	94	256	350	477.938	803	8.065
Umf. Dagsbrún	0	165	165	123.373		
Umf. Eyfellingur	0	66	66	98.730		
Umf. Eyrarbakka	9	62	71	62.535	820	6.398
Umf. Framtiðin	22	61	83	101.638		
Umf. Gnúpverja	32	381	413	342.572	802	87
Umf. Hekla	244	552	796	1.427.335	851	2.389
Umf. Hrunamanna	98	321	419	768.805	801	2.505
Umf. Hvöt	36	137	173	333.042		
Umf. Ingólfur	0	107	107	0	850	282
Umf. Laugdæla	74	200	274	626.516	840	351.611
Umf. Merkiðvoll	0	56	56	15.351		
Umf. Selfoss	1528	1237	2765	7.275.515	800	119.734
Umf. Skeiðamanna	6	276	282	261.660	799	351.991
Umf. Stokkseyrar	101	339	440	494.238	825	2.331
Umf. Trausti	1	88	89	104.790	862	198
Umf. Þjótandi	92	188	280	634.559	804	6.402
Umf. Þór	192	560	752	1.284.911	815	7.710
Umf. Þórsmörk	0	61	61	96.307	861	1.694
Samtals	4.434	15.366	19.800	29.882.031	1.101.361	

Íþróttaiðkendur aðildarfélag HSK

Eitt af árlægum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2019, sem skilað var á árinu 2020.

Aðildarfélag HSK	Konur -15 ára/16 ára+		Karlur -15 ára/16 ára+		Bæði kyn -15 ára/16 ára+		Alls
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	1	14	1	14	15
Golfkl. Ásatúns	0	80	1	391	1	471	472
Golfkl. Dalbúi	0	45	0	71	0	116	116
Golfkl. Flúðir	1	100	5	149	6	249	255
Golfkl. Geysir	7	8	6	29	13	37	50
Golfkl. Hellu	5	43	8	62	13	105	118
Golfkl. Hveragerðis	7	107	7	167	14	274	288
Golfkl. Kjðjabergs	3	148	12	257	15	405	420
Golfkl. Tuddi	5	8	5	21	10	29	39
Golfkl. Selfoss	7	239	48	433	55	672	727
Golfkl. Úthlið	0	59	0	103	0	162	162
Golfkl. Þorlákshafnar	8	102	12	193	20	295	315
Golfkl. Þverá	0	23	0	30	0	53	53
Golfkl. Öndverðarness	6	258	11	327	17	585	602
Hestamannaf. Geysir	104	246	76	289	180	535	715
Hestamannaf. Háfeti	7	37	2	46	9	83	92
Hestamannaf. Ljúfur	17	46	10	65	27	111	138
Hestamannaf. Logi	8	60	12	89	20	149	169
Hestamannaf. Sleipnir	49	252	35	282	84	534	618
Hestamannaf. Smári	32	113	41	138	73	251	324
Hestamannaf. Trausti	4	63	2	75	6	138	144
Íþróttaf. Dímon	275	25	245	19	520	44	564
Íþróttaf. Garpur	12	90	13	118	25	208	233
Íþróttaf. Gnýr	0	46	0	47	0	93	93
Íþróttaf. Hamar	257	817	282	733	539	1550	2089
Íþróttaf. Milán	0	0	0	47	0	47	47
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	1	19	2	29	3	48	51
Karatef. Suðurlands	0	0	0	8	0	8	8
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	98	0	98	98
Knattsp.f. Rangæinga	72	17	123	62	195	79	274
Knattsp.f. Ægir	8	52	26	115	34	167	201
Körfuknattleiksf. Selfoss	38	16	148	70	186	86	272
Lyftingaf. Hengill	0	35	0	17	0	52	52
Skotiþróttafélagið Skyttur	1	3	0	128	1	131	132
Skotiþróttafélag Suðurlands	0	6	0	330	0	336	336
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	0	33	0	33	33
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Biskupstungna	65	23	68	17	133	40	173
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	6	0	6	0	12	12
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	8	7	10	1	18	8	26
Umf. Gnúpverja	11	22	22	131	33	153	186
Umf. Hekla	67	239	63	257	130	496	626
Umf. Hrunamanna	70	87	52	142	122	229	351
Umf. Hvöt	12	4	21	13	33	17	50
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	87	33	103	32	190	65	255
Umf. Merkiðvöllur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	941	196	991	263	1932	459	2391
Umf. Skeiðamanna	2	4	0	7	2	11	13
Umf. Stokkseyrar	63	52	38	158	101	210	311
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjóttandi	35	5	57	22	92	27	119
Umf. Þór	133	69	99	172	232	241	473
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2428	3922	2657	6340	5085	10262	15347

Íþróttakarlar og Íþróttakona HSK

HSK hefur frá árinu 2018 valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK.

Íþróttakarlar

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
2018	Elvar Örn Jónsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2019	Haukur Þrastarson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2020	Breki Bernhardsson	Umf. Selfoss	judó

Íþróttakona HSK

Ár	Íþróttakona	Félag	Íþróttagrein
2018	Dagný María Pétursdóttir	Umf. Selfoss	taekwondo
2019	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2020	Heiðrún Anna Hlynisdóttir	Golfkl. Selfoss	golf

Íþróttamaður HSK frá 1964 - 2017

Hér má sjá yfirlit um þá sem voru kjörnir íþróttamenn HSK frá 1964 – 2017.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmisdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	judó

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður Umf. Þjótaanda var valin matmaður héraðsþingsins á Hvolsvelli árið 2020.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1967	Féll niður	Flúðir	1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús	1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1972	Hörður Óskarsson	Árnes	1999	Páll Eggertsson	Laugaland
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga	2001	Jón Andrússon	Hvoll
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
1976	Pétur Pétursson	Borg	2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver
1977	Björn Gíslason	Hella	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli	2005	Markús Ívarsson	Selfoss
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
1980	Féll niður	Laugarvatn	2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver	2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
1984	Jón M. Ívarsson	Árnes	2011	Helgi S. Haraldsson	Hella
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss	2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur	2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði	2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði
1991	Elinborg Gunnarsdóttir	Skógar	2018	Guðmundur Jónsson	Þorlákshöfn
1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn	2019	Baldur Gauti Tryggvason	Laugaland
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð	2020	Bryndís Eva Óskarsdóttir	Hvolsvöllur

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Vegna sóttvarna á COVID-19 tímum var ákveðið að fella niður keppnina, sem til stóð að halda á héraðsþingi 2020.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1969-70	Engin keppni		1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1978-81	Engin keppni		2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2008	Jóhanna Lilja Þróðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2011	Steinnunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2015	Sigbrúður Harðardóttir	Flúðir
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð	2019	Kristín Svandís Jónsdóttir	Laugaland
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	2020	Engin keppni	
1995	Kristinn Guðnason	Hella			

Fréttapunktur frá ÍSÍ 2020



Verum hraust

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands - ÍSÍ fór af stað með skilaboðin #verumhraust# á samfélagsmiðlum í október 2020. Áttinu "Verumhraust" er ætlað að hvetja alla landsmenn til að sýna frumkvæði og sköpunargleði við að efla líkamlega og andlega heilsu sína á tímum kyrrsetu og tímabundinna takmarkanna. ÍSÍ hvetur landsmenn til að prófa hinar ýmsu greinar skipulagðrar íþróttastarfsemi þegar að íþróttastarfsemi hefst að nýju, en innan ÍSÍ eru 33 sársambönd og yfir 50 viðurkenndar íþróttagreinar. Yfirvöld heilbrigðismála hafa lagt á það ríka áherslu á tímum kórónuveirunnar að þjóðin stundi almenna hreyfingu og að gott heilsufar skipti máli í orrustu við smitsjúkdóma – en átakið hefur ekki síður það langtíamarkmið að markviss hreyfing verði hluti af daglegu lífi sem allra, allra flestra. Verum hraust – og deilum myndrænni hvatningu undir #verumhraust# á samfélagsmiðlum, svo allir hinir taki líka við sér.

Covid-19 og íþróttahreyfingin

Kórónaveirufaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á íþróttahreyfinguna. Móthald hefur verið mjög skert og æfingar hafa litið takmörkunum vegna sóttvarnaráðstafana. Tímabundnar lokanir voru á öllu íþróttastarfi og tekjuöflun íþróttahreyfingarinnar verið erfið. Þessu mótlæti öllu hefur íþróttahreyfingin mætt með úrræðasemi og þrautseigju. Hreyfingin hefur verið samhent í því að fylgja þeim takmörkunum sem settar hafa verið og sýnt samstöðu á erfiðum tímum.

Faraldurinn hefur einnig sett mark sitt á starfsemi ÍSÍ á árinu. ÍSÍ hefur verið tengiliður við heilbrigðisvirkir varðandi undanþágur, eftirfylgni um gerð sársambandsreglna varðandi framkvæmd æfinga og móta á tímum faraldursins og varðandi almenna upplýsingagjöf sem og að koma ábendingum og skoðunum hreyfingarinnar á framfæri við stjórnvöld. ÍSÍ hefur annast úthlutun styrkja til íþróttahreyfingarinnar frá stjórnvöldum, vegna Covid-19.

Forysta ÍSÍ hefur unnið náið með stjórnvöldum á tímum faraldursins og lagt áherslu á að tryggja þurfi fjárhagslegan stuðning til starfsins svo hreyfingin sé í stakk búin til að halda úti íþróttastarfi í landinu og komi sterk undan faraldurinum, eftir sem áður.

Stuðningur ríkisins við íþróttahreyfinguna á tímum COVID-19

Ríkisstjórn Íslands hefur stutt veglega við íþróttahreyfinguna á tímum kórónaveirufaraldursins.

- Á vormánuðum úthlutaðu stjórnvöld 450 milljónum króna til að koma til móts við tekjufall innan íþróttahreyfingarinnar. ÍSÍ hafði umsjón með ráðstöfun þessara fjármuna. Þessum fjármunum var úthlutað í tveimur aðgerðum, þ.e. um 300 milljónir króna í svokallaðar almennar aðgerðir og um 150 milljónir króna í sértækar aðgerðir, skv. tillögum sérstaks vinnuhóps ÍSÍ um verkefnið.
- Stutt var við þátttöku barna og ungmenna í íþróttum með því að bjóða upp á viðbótar frístundastyrk til barna frá efnaminni heimilum, alls 600 milljónir króna. Boðið er upp á það úrræði með aðkomu sveitarfélaganna.
- Í lok desember 2020 voru samþykkt lög um greiðslur til íþróttahreyfingarinnar vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónaveirufaraldurs. Úrræðið er í umsjón Vinnuálastofnunar og tekur til tímabilsins 1. október 2020 – 30. júní 2021.



Frá einum af fjölmörgum rafrænum fundum sem ÍSÍ hélt á árinu.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt frekari stuðning við starf íþróttahreyfingarinnar, sem afgreitt verður á árinu 2021.

Lífshlaupið

Lífshlaupið 2020 fór fram dagana 5. – 25. febrúar. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er, þ.e. í frítíma, í vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Í Lífshlaupinu skrá þátttakendur alla hreyfingu sem þeir stunda á þeim tíma sem keppnin er í gangi. Metþátttaka var í Lífshlaupinu en virkir þátttakendur voru samtals 18.198. Áhugasamir geta skoðað meira um verkefnið á www.lifshlaupid.is.

Hjolað í vinnuna

Hjolað í vinnuna fór fram dagana 6. til 26. maí 2020. Þrátt fyrir sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu var þátttakan góð enda sjaldan verið jafn mikilvægt að huga vel að heilsunni. Þátttakendur voru alls 6.659 sem er 7% aukning frá árinu á undan. Áhugasamir geta skoðað meira um verkefnið á www.hjoladivinnuna.is.

Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ

Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fór fram þann 13. júní 2020. Markmið Sjóvá Kvennahlaups ÍSÍ hefur frá upphafi verið að vekja áhuga á reglulegri hreyfingu. Lögð er áhersla á að hver og einn taki þátt á sínum forsendum og komi í mark á sínum hraða. Þrátt fyrir Covid-19 og takmarkanir í þjóðfélaginu var þátttakan góð. Áhugasamir geta skoðað meira um kvennahlaupið á www.kvannahlaup.is.

Göngum í skólann

Göngum í skólann fór fram dagana 2. – 7. september 2020. Alls 75 skólar voru skráðir til leiks í verkefninu. Markmið Göngum í skólann er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Á vefsíðu verkefnisins www.gongumiskolann.is má finna skemmtilegar frásagnir og myndir frá skólum sem tóku þátt.

Íþróttavika Evrópu

Íþróttavika Evrópu fer fram víðsvegar um Evrópu dagana 23. – 30. september ár hvert. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að sporna gegn auknu hreyfingarleysi meðal almennings í Evrópu. ÍSÍ hefur umsjón með verkefninu hér á landi. Vegna

kórónaveirufaraldursins fór vikan að mestu fram á samfélagsmiðlum. Sérstök áhersla var á framhaldsskólana í ár og gátu framhaldsskólar sótt styrk til ÍSÍ til þess að nýta til heilsuefingar innan skólans. Áhugasamir geta skoðað frekar um verkefnið á www.beactive.is.

Þjálfaramenntun ÍSÍ

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun er í boði þrisvar á ári, vor, sumar og haust en ÍSÍ sér um almenna hluta þjálfaramenntunar og sársamböndin um þann sérhæfða. Í ár hafa yfir 200 nemendur/þjálfarar lokið námi á 1., 2. eða 3. stigi. Þjálfaramenntunin er á framhaldsskólastigi og er kennsla í almenna hlutanum í boði í mörgum framhaldsskólum.

Að störfum er vinnuhópur ÍSÍ um endurskoðun á þjálfaramenntun ÍSÍ.

Stjórnendanám

ÍSÍ stóð fyrir tveimur stjórnendanámskeiðum á árinu 2020 og fóru þau bæði fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Viðfangsefnin voru margvísleg og má þar nefna verkefnastjórnun og tímastjórnun, hlutverk og ábyrgð starfsfólks, skipulag tölvupósts, fundir og fundarstjórn og stjórnun teyma. Námskeiðið er vottað af Alþjóðaólympíuhreyfingunni (IOC) og styrkt af Ólympíusamhjálpinni og hlutu allir þátttakendur viðurkenningu frá IOC í lok námskeiðsins. Fleiri stjórnendanámskeið eru fyrirhuguð á árinu 2021.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs hóf störf á vormánuðum 2020 eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið haustið 2019.

Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Starfi samskiptaráðgjafa sinnir Sigurbjörg Sigurpáldóttir, klínískur sálfræðingur, með aðsetur í húsnæði Domus Mentis-Geðheilsustöðvar. Hægt er að hafa beint samband við hana í símatíma alla þriðjudaga kl. 10-11, í síma 839-9100. Einnig er hægt að tilkynna atvik beint í gegnum heimasíðuna samskiptaradgjafi.is eða senda tölvupóst á sigurbjorg@dmg.is.

ÍSÍ hvetur alla sem koma að starfi íþróttahreyfingarinnar að kynna sér starfsemi samskiptaráðgjafans og nýta sér þjónustu hans ef upp koma mál sem heyra undir hans svið

Trans og íþróttir

Á árinu kom út bæklingurinn Trans börn og íþróttir. Síðastliðin ár hefur þó nokkur fjöldi barna á öllum aldri stigið fram sem trans. Mikilvægt er að huga vel að aðgengi þessa hóps að íþróttastarfi, taka vel á móti börnunum og huga vel að þeirra sérstöðu. Bæklingurinn er hugsaður til upplýsinga fyrir foreldra, þjálfara og aðra sem að íþróttastarfinu koma. Bæklingurinn var unninn m. a. í samstarfi við Samtökin 78, Trans Ísland og Trans vini. Bæklingurinn er fyrst og fremst leiðbeinandi og tekur til barna að 12 ára aldri eða fyrir kynþroska. Hann má nálgast í prentaðri útgáfu á skrifstofu ÍSÍ og í rafrænni útgáfu á vefsíðu ÍSÍ.

Fyrirmyndarverkefni ÍSÍ

Í lok árs 2020 voru alls 8 íþróttahéruð með viðurkenningu ÍSÍ sem Fyrirmyndarhéruð eða um þriðjungur íþróttahéraða ÍSÍ og fer þeim fjölgandi. Fyrirmyndarfélögum fjölga einnig og benda má á að sveitarfélögin líta í ört vaxandi mæli til þessara viðurkenninga við útteilingu fjármagns til íþróttastarfsemi.

Fræðsla og fræðsluefni

Nokkrir stuttir fræðsluviðburðir voru haldnir árið 2020 og mun færri en í venjulegu árferði. ÍSÍ bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSÍ.

Ólympíuhlaupið

Ólympíuhlaup ÍSÍ hefur nú tekið við af Norræna skólahlaupinu sem hefur verið hluti af skólaíþróttum síðan 1984. Með Ólympíuhlaupinu er leitast við að hvetja nemendur í grunnskólum landsins til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur geta valið um þrjár vegalengdir, þ.e. 2,5 km, 5 km og 10 km. Þátttakan var mjög góð en alls tóku 76 skólar þátt í verkefninu.

Ólympíudagurinn

Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert og hér á landi var hann haldinn hátíðlegur í Skallagrímssgarði í Borgarnesi í ár. Settar voru upp sex hreyfistöðvar; skotfimi, ringó, blak, crossball, stangarféttbolli og æfing sirkusatriða. Um 90 unglingar Vinnuskólans mættu á svæðið, skipt var í hópa og fjörið hófst.

Í lok dags stóð Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ fyrir fræðslufundi fyrir íþróttafólk sem nýtur sérstakra styrkja í gegnum sín sársambönd frá Afrekssjóði ÍSÍ.

Persónuvernd

Með tilkomu nýrra laga um persónuvernd voru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki. Gerð er krafa um að öll sársambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskra) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn krefur. Gerð er krafa um að allir ábyrgðaraðilar setji sér gilda Persónuverndarstefnu eða fræðslu til einstaklinga með öðru móti, sem unnið er eftir.

ÍSÍ hefur, í samstarfi við Advania/Advice, unnið leiðbeiningarþakka fyrir íþróttahreyfinguna þar sem tekið er á flestum þeim hlutum sem sársambönd ÍSÍ, íþróttahéruð og íþrótt- og ungmenntafélög þurfa að huga að í kjölfar breytinga á persónuverndarlöggjöfnni.

Sett hefur verið upp vinnusvæði á Microsoft Teams fyrir ábyrgðaraðila héraðssambanda/sársambanda og íþróttafélaga þar sem ábyrgðaraðilar geta tengst og sett inn spurningar varðandi verkefni. Svör við spurningunum má síðan sjá á vinnusvæðinu. Ef



Frá undirritun viðaukasamnings um 400 milljón króna framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2020.

ábyrgðaraðila vantar upplýsingar til að tengjast þessu vinnusvæði þá er hægt að hafa samband við skrifstofu ÍSÍ.

Formannafundur ÍSÍ 2020

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 13. nóvember 2020. Fundinn sitja formenn og framkvæmdastjórn sambandsaðila ÍSÍ ásamt framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Fundurinn var haldinn á Microsoft Teams og var þátttakan frábær eða yfir 100 manns. Málefni COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á starf og fjárhag íþróttahreyfingarinnar voru fyrirferðarmikil á fundinum en einnig var farið yfir starf vinnuhópa ÍSÍ sem starfa á milli þinga um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar.

Skýrsla stjórnar var flutt og farið yfir ársreikning ÍSÍ ásamt lykiltölum úr rekstri íþróttahreyfingarinnar í heild. Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, Frimann Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur og Guðrún Inga Svirtsen formaður vinnuhóps ÍSÍ um úthlutun á framlagi ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19, héldu erindi sem tengdust fjármálum hreyfingarinnar.

Myndræn tölfraði um íþróttastarfið

ÍSÍ birtir árlega tölfraði úr starfsskýrslum sem íþrótt- og ungmenntafélög innan ÍSÍ skila rafrænt á ári hverju í gegnum Felix – félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ um umfang íþróttahreyfingarinnar, kynjaskiptingu, aldursdreifingu, íþróttagreinir og íþróttahéruð. Við birtingu á tölfraðinni er notast við Power BI sem gefur möguleika á gagnvirkri og fjölbreyttari framsetningu á niðurstöðunum. Notandinn getur því unnið með gögnin á annan hátt en áður og skilgreint leit sína betur eftir áhugasviði.

Vetrarólympíuleikar ungmenna

Vetrarólympíuleikar ungmenna fóru fram í Lausanne í Sviss dagana 9. - 22. janúar 2020. Var þetta í fyrsta sinn sem Ólympíuleikar ungmenna eru haldnir í tveimur löndum og í fyrsta sinn sem kynjahlutföll keppenda voru jöfn. Auk keppni sem fór fram í Sviss – Lausanne, Ölpunum og St. Moritz fór keppni fram í nokkrum greinum á Jura svæðinu í Frakklandi. Á leikunum tóku þátt alls 1.880 íþróttamenn. Á leikunum átti Ísland einn keppanda af hvoru kyni í alpagreinum og skíðagöngu eða fjóra alls.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ hefur á árinu unnið að

ýmsum þáttum sem tengjast Afrekssstefnu ÍSÍ og þeim áherslum sem eru skilgreindar í stefnunni. Skipaðir hafa verið vinnuhópar sem hafa verið að skoða atriði sem snúa að skólaumhverfi afrekssíþróttafólks, tryggingamálum og daglegu lífi afrekssíþróttafólks. Þá hefur sviðið komið að þeirri umræðu sem snýr að þörfum sársambanda gagnvart þjóðarleikvöngum og aðstöðumálum.

Ólympískir viðburðir

Mörgum alþjóðlegum íþróttaviðburðum var frestað ár árinu 2020 og þar eru Ólympískir viðburðir engin undantekning. Næstu Sumarólympíuleikar fara fram í Tókýó dagana 23. júlí - 8. ágúst 2021 en þeir áttu að fara fram síðasta sumar og hefur þeim þannig verið frestað um eitt ár.

Smáþjóðaleikar Evrópu áttu að fara fram í Andorra á árinu 2021, en þeim var aflýst og því verða næstu Smáþjóðaleikar á Möltu sumarið 2023.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fer venjulega fram í ársbyrjun á oddatöluári en næst verður hún 11. - 18. desember 2021 í Voukatti í Finnlandi. Á hátíðinni keppa ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára.

Næstu Vetrarólympíuleikar fara fram í Peking í Kína dagana 4. - 20. febrúar 2022.

Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fer jafnan fram í júlí á oddatöluári, en vegna þess að leikunum í Tókýó var frestað um eitt ár þá færast hún til ársins 2022 og þá hefur Ólympíuleikum ungmenna sem áttu að fara fram í Dakar í Senegal sumarið 2022 verið frestað til 2026. Verða það fyrstu leikarnir á vegum Alþjóðáólympíunefndarinnar (IOC) sem fara fram í Afríku.

Afrekssjóður ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ hefur tekið miklum breytingum á undanföllum árum samhliða auknum stuðningi ríkisvaldsins. Á árinu 2020 var úthlutað rúmlega 463 milljónum króna til 30 sársambanda ÍSÍ og höfðu styrkveitingar aldrei verið hærri. Vegna breyttra aðstæðna þurfti að endurskoða þær styrkveitingar í lok árs og lækkuðu þær um tæpar 75 milljónir króna þannig að úthlutunin varð um 389 milljónir króna. Rafrænar afrekssjóðir ÍSÍ

Afrekssjóðir ÍSÍ voru haldnar með rafrænum hætti í vetur. Sársamböndum ÍSÍ gefst kostur á að tilnefna ungt og efnilegt íþróttafólk á aldrinum 15-18 ára í búðirnar. Haldnir hafa verið fræðslufyrirlestar um ýmis málefni sem vonandi nýstast krökkunum til frekari ástundunar og afreka.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2020



Árið 2020 var árið sem íþróttahreyfingin þurfti á ímyndunaraflinu að halda og finna lausnir á alls konar flækjum. Þetta var árið sem íþróttahreyfingin tileinkaði sér nýja tækni, sat netfundi og hélt iðkendum á öllum aldri virkum í hreyfingu.

Aðgerðir til að hefða útbreiðslu COVID-faraldursins leiddu til þess að allt íþróttastarf stöðvaðist í tvígang, fyrst frá 20. mars - 4. maí og aftur 8. október á höfuðborgarsvæðinu og 30. október á landinu öllu. Hömlum var ekki aflétt af íþróttastarfi fyrr en eftir áramótin eða 13. janúar 2021.

Ungmennabúðir UMFÍ

Starfsemin var flutt í dásamlegt og líflegt umhverfi í íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni sumarið 2019. Orðspor Ungmennabúða UMFÍ hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og eru skólahópar víða að af landinu þéttbókaðir alla virka daga í ungmennabúðunum út skólaárið.

Fyrstu skólahóparnir komu í nýjar Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni í upphafi skólaárs haustið 2019. Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar á Laugarvatni. Vel gekk að skrá hópna í búðirnar fram að samkomubanni vorið 2020 en þá féll allt skólustarf niður.

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs þegar skólahópar nýta það ekki, fyrir námskeið sambandsaðila og aðildarfélag, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði. Margir hafa gripið tækifærið og átt ógleymanlegar stundir í faðmi náttúrunnar á Laugarvatni.

Ánægjuvogin 2020

Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknunum og greiningu (R&G) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir heiti verkefnisins Ungt fólk. Spurt er m.a. um ánægju iðkanda með félag viðkomandi, aðstöðuna og helstu áherslatriði þjálfarans í starfi. Einnig eru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti á borð við vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd.

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna m.a. að eftir því sem krakkar stunda oftari í viku íþróttir með íþróttafélagi, því ólíklegri eru þau til að neyta vímuefna. Hlutverk þjálfara og ábyrgð hans í uppeldi iðkanda er líka ótvírætt og skiptir sköpum hvaða áherslur hann hefur í forgangi í starfi sínu, s.s. sem hvernig hann horfir á sigur í keppni, drengilega framkomu og heilbriggt líferni.

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi og taka ÍSÍ og UMFÍ þeim fagnandi. Þar kemur skýrt fram að nemendum sem eru virkir í skipulögðu íþróttastarfi líður betur og þeir vinna betur í hópi en aðrir. Þetta er mikill fjöldi barna því um 90% grunnskólanema í hverjum árgangi fer í gegnum íþróttastarf með íþróttafélagi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur einnig fram að 61% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla æfi með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftari.

Niðurstöðurnar voru greindar niður á íþróttahéruð og hafa skýrslurnar verið sendar út til héraðanna.

Mikilvægi Íslenskrar getsþár

Íslensk getsþá, lottóleikir og 1X2, hafa reynst íslenskum íþróttafélögum afar dýrmætir bakhjarlar og traustir stuðningsaðilar þegar gefið hefur á bätinn. UMFÍ á 13,33% hlut í Íslenskri getsþá. Fyrirtækið hefur greitt eigendum sínum mánaðarlega og fer fjármagnið að nærri öllu leyti áfram til sambandsaðila



Stjórn UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ.



Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

UMFÍ. Útgreiðslur til UMFÍ hafa aukist á hverju ári og námu árið 2019 182,4 milljónum króna sem voru greiddar til sambandsaðila. Í október 2020 var ákveðið að greiða aukalega til eigenda Íslenskrar getsþár, þar á meðal til UMFÍ. Aukagreiðslan nam 300 milljónum króna sem skiptist á milli ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ. UMFÍ fékk 40 milljónir króna sem greiddar voru út til sambandsaðila.

Sýnum karakter og Vertu með

UMFÍ og ÍSÍ standa saman að nokkrum verkefnum. Þar á meðal eru verkefnið Vertu með og Sýnum karakter. Vertu með hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Á vegum verkefnisins hefur komið út bæklingur á sex tungumálum ætlaður foreldrum barna og ungmenna af erlendum uppruna. Vietnamska og arabíska bættust við í bæklingafloðuna í lok árs.

ÍSÍ og UMFÍ hafa jafnframt veitt fimm félögum / íþróttahéruðum styrki til að vinna að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð.

ÍSÍ og UMFÍ halda úti vefsíðu Sýnum karakter. Þar er hægt a nálgast ýmsan fróðleik til að styðja betur við líkamlega og andlega þjálfun íþróttafólks, hlusta á hlaðvarp og margt fleira. Sýnum karakter: www.synumkarakter.is.

Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu í Reykjavík 17.

september. Þetta var fyrsta skiptið sem hún hefur verið haldin á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðstefnan hefur verið haldin á hverju ári frá 2009. Ætíð hefur verið haldið í upphafleg markmið hennar, sem er að leggja áherslu á og efla lýðræðislega þátttöku ungs fólk í leik og starfi. Eins er lögð áhersla með henni að einstaklingar styrki sjálfsmynd sína og geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Þátttakendur á Ungu fólki og lýðræði eru langflestir á aldrinum 16-25 ára.

Samskiptaráðgjafinn

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótt- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við sigurbjorg@dmg.is eða hringt í síma 839-9100.

Sakavottorð

Sambandsaðilar og aðildarfélag þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Á fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsíðna vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélag sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 25. - 31. maí 2020. Undirbúningur fór á fullt um leið og Almannaþingarnir gáfu grænt ljós á skólastarf með eðlilegum hætti eða um miðjan apríl.

Viðburðir í Hreyfivikunni voru af ýmsum toga, allt frá opinni íþróttæfingu fyrir alla, skipulögðum göngutúrum og mörgum fleiri þar sem fólk var hvatt til þess að hreyfa sig saman.

Mótahald UMFÍ 2020

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2020. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku síðar og Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Undirbúningur allra mótanna var samkvæmt áætlun. Undirbúningsnefndir allra mótanna voru vel meðvitaðar um Covid-19 og þær afleiðingar sem mótahald gæti haft. Því voru teknar vel ígrundaðar og ábyrgar ákvarðanir um mótahaldið.

Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislunni. Það var þá ljóst að engin leið yrði að halda mótin og tryggja öryggi þeirra sem þau myndu sækja. Þessum mótum var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu. Ákveðið var að biða með ákvörðun um Unglingalandsmótið en vonir stóðu til að ástandið mundi batna og samkomur sem þessar gætu farið fram. Hins vegar, þegar seinni bylgja Covid-19 skall á okkur og samkomutakmarkanir voru hertar til muna, varð ljóst að ekki væri hægt að halda þetta mót með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar vildu. Ekki yrði hægt að tryggja öryggi mótsgesta og eftir samtöl og fundi með Almannaþingateymi ríkislögreglustjóra var ákvörðun tekin um að fresta mótinu um eitt ár.

UMFÍ fékk hrós fyrir þessar ákvarðanir og lagði sitt á vogarskálarnar til að hefta útbreiðslu Covid-19. Framundan í haust verður þráðurinn tekinn upp að nýju og vinna sett í gang með framkvæmd þessara móta á næsta ári. Mikið af þeirri vinnu sem unnin var mun nýtast á komandi mánuðum og er stefnt á að halda glæsileg mót á næsta ári.

Sambandsráðsfundur UMFÍ 2020

Til stóð að halda 43. sambandsráðsfund UMFÍ á Hótel Geysi í Haukadal í Bláskógabyggð dagana 23.- 25. október 2020. Sambandsráðsfundurinn er haldinn annað hvert ár og er hann æðsta vald í málefnum ungmennafélagshreyfingarinnar á milli sambandsþinga. Samkomutakmarkanir og aðrar hömlur af völdum COVID-faraldursins öllu því hins vegar að halda þurfti fundinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti á Microsoft Teams 29. október 2020. Fundurinn var vel sóttur en um sextíu fulltrúar sátu hann.

Á sambandsráðsfundinum var kynnt sextán blaðsíðna minnisblað UMFÍ um veirufaraldurinn, afleiðingar hans og tillögur að aðgerðum til að hjálpa íþrótt- og æskulýðsfélögum að sporna við neikvæðum áhrifum faraldursins á félög og iðkendur. Lagðar voru fram nokkrar tillögur sem byggðu á samtölum við einstaklinga úr grasrótastarfi UMFÍ og stjórnendur aðildarfélaga UMFÍ í kjölfar þriðju bylgju faraldursins sem stöðvaði íþróttastarf á höfuðborgarsvæðinu í byrjun október. Um var að ræða aðgerðir í vörn og sókn, enda lykiliðrið í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum til að ná árangri. Til grundvallar er staða mála og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda. Minnisblaðið má nálgast á vefsíðu UMFÍ: https://www.umfi.is/media/4741/umfi_covid11.pdf



Frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.



Frá ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn 7. október 2020. Í aðdraganda dagsins gerði auglýsingastofan Sahara myndband þar sem forseti Íslands ræddi um áherslur Forvarnarsins og rætt við fjölskyldur, börn og ungmenni um forvarnir og heilbriggt lífni. Því til viðbótar gerði Sahara nokkrar myndir með slagorðum dagsins og birti þær ásamt vídeóum á samfélagsmiðlun þeirra félagasamtaka sem standa að Forvarnardeginum.

Að Forvarnardeginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörn og Embætti landlæknis, sem jafnframt sér um verkefnastjórn. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnaneyslu og ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur.

Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ

Á árinu 2020 komu út þrjú tölublað af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Hægt er að nálgast eintak Skinfaxa víða um land, m.a. í íþróttahúsum og sundlaugum. Blaðið er einnig á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórn, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda tölvupóst á umfi@umfi.is.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2020 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 271 verkefni árið 2020, samtals að upphæð 20.238.788 kr. Af því fengu 25 verkefni á sambandssvæði HSK styrk samtals að upphæð 1.520.500 kr.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Blakdeild Hamars	Þjálfara- og skyndihjálparnámskeið	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 1	6.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 1A	68.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 2B	38.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 2	6.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 3A	34.500
Fimleikadeild Selfoss	Dómaranámskeið í hópþímleikum	10.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 2A	28.500
Fimleikadeild Selfoss	Fyrirlestur um hugarfar og hugarafi í hópþímleikum	30.000
Handknattleiksdeild UMF. Selfoss	Þjálfaranámskeið HSÍ 3. stig	30.000
Hestamannafélagið Geysir	Saga félagsins í 70 ár	200.000
UMF. Selfoss	Rafíþróttir á Selfossi	100.000
Knattspyrnudeild Selfoss	UEFA PRO þjálfaragráða	50.000
Knattspyrnudeild Selfoss	UEFA A þjálfaragráða	50.000
UMF. Hekla	Menntun fimleikabjálfa	17.000
Íþr.f. Hamar	Efling á dómarastarfi	75.000
UMF. Selfoss, rafíþróttanefnd	Þjálfaramenntun ÍSÍ 1. stig	28.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið fyrir stjórnendur leikskólalópa	12.500
UMF. Selfoss	Skyndihjálparnámskeið	100.000
UMF. Selfoss	Heimasíða	100.000
UMF. Selfoss	Þjálfararáðstefna	250.000
UMF. Selfoss	Námskeið fyrir stjórnendur	20.000
UMF. Selfoss	Ársskýrsla á rafrænt form	150.000
UMF. Selfoss	Fyrirlestur um jákvæð samskipti	50.000
Fimleikadeild Hamars	Þjálfaranámskeið 1A FSÍ	17.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrirverandi formann UMFÍ, úthlutaði 1.050.000 kr. til átta verkefna á árinu 2020.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Frankvæmdanefnd ULM 2020	Kolefnisjöfnun ULM á Selfossi	300.000
--------------------------	-------------------------------	---------

Ferðasjóður Íþróttafélaga

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði Íþróttafélaga vegna keppnisferða innanlands. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Til úthlutunar að þessu sinni voru 95 milljónir króna af þeim 127 milljónum sem ætlaðar voru til keppnisferða ársins 2020. Mótahald á árinu 2020 var í heildina gloppótt vegna þeirra sóttvarnaráðstafana sem í gildi hafa verið frá marsmánuði 2020 og færðist mótahald frá hausti 2020 og fram að áramótum að stórum hluta yfir á árið 2021. Með hliðsjón af þessum einstöku aðstæðum ákvað framkvæmdastjórn ÍSÍ að úthluta ekki öllu framlaginu í sjóðnum og færa 32 milljónir á milli ára.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	SAMTALS
Glimuráð HSK	15.886		33.324										49.210
Golfkl. Geysir										18.117			18.117
Golfkl. Hveragerðis				18.657	25.143	7.416	14.613						65.829
Golfkl. Selfoss	11.788			15.265						22.835			49.888
Golfkl. Þverá					7.894								7.894
Golfkl. Öndverðarnesi										17.205	6.388		23.593
Hestam.f. Geysir			26.348										26.348
Hestam.f. Ljúfur								7.259					7.259
Íþr.f. Dímon	58.430		7.654	35.284	35.685	14.169				97.026	46.237		294.485
Íþr.f. Garpur				22.125						15.874		24.383	62.382
Íþr.f. Gnýr						17.434			22.206		20.280		59.920
Íþr.f. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610	205.462	330.491			214.651	433.104	525.795	601.421	3.901.294
Íþr.f. Milan						22.212		22.819	63.057	38.163			146.251
Íþr.f. Suðri						81.323			44.413		48.165		173.901
Íþr.f. Uppsveita												22.973	22.973
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121		25.404		38.851	26.710	18.769			380.479
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860	124.000	109.716	135.628			180.705	136.407	366.813	1.513.349
Knattsp. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218	95.118	228.547	382.843	347.346	271.713	206.462		274.640	2.147.887
Körfukn.fél. Selfoss	107.598	114.924	65.268	114.987	92.133	151.187	161.040	86.942	93.748	371.273	285.921	91.892	1.736.913
UMF. Gnúþverja							25.849		34.043	47.079			106.971
UMF. Hekla		42.042				9.427				14.441	23.929	13.300	103.139
UMF. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091	187.874	143.125	86.592	91.052	93.171	104.531	169.563	100.788	1.594.421
UMF. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405	110.553	65.123							518.035
UMF. Samhygð							2.465						2.465
UMF. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123	1.611.712	2.628.863	2.138.051	2.150.981	1.271.028	19.891.522
UMF. Þjótandi										27.969			27.969
UMF. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938	91.218	77.705	150.561	131.116	200.360	101.850	158.968	111.986	1.387.684
Samtals	2.724.751	1.859.187	2.250.620	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714	2.337.097	3.692.935	3.853.454	3.572.634	2.879.224	34.320.178

Úthlutun vegna COVID-19

Ísl skipaði vinnuhóp 25. mars 2020 til að móta tillögur að skiptingu þeirra fjármuna sem renna frá ríkinu til íþróttahreyfingarinnar til að mæta áhrifum Covid-19. Þann 29. apríl 2020 var undirritaður samingur á milli mennta- og menningarmálaráðherra og ÍSÍ um 450 milljón króna stuðning vegna faraldurs Covid-19.

Þann 19. maí 2020 voru síðan greiddar til 214 íþrótt- og ungmennafélaga tæplega 300 milljónir króna í almennri aðgerð, í samræmi við tillögur vinnuhópsins sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðherra.

Þann 26. maí 2020 var auglýst eftir umsóknum vegna sértækra aðgerða frá sambandsaðilum og íþrótt- og ungmennafélögum sem höfðu orðið fyrir tapi

eða tekjufalli vegna viðburða sem hætt var við á vormánuðum, vegna Covid-19. Til úthlutunar voru eftirstöðvar fjárframlags ríkisins, um það bil 150 milljónir króna.

Ofangreindur vinnuhópur skilaði af sér tillögum 27. ágúst 2020 og voru þær tillögur í framhaldinu samþykktar af framkvæmdastjórn ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðherra.

ÍSÍ úthlutaði 3. september 2020 rúmlega 150 milljónum króna úr sértækum aðgerðum vegna áhrifa Covid-19, að undangengnu umsóknarferli. Úthlutunin byggir á tillögum vinnuhópsins. Alls bárust 98 umsóknir vegna sértækra aðgerða. Heildarupphæð umsókna voru tæpar 700 milljónir króna.

Styrkir til aðildarfélag HSK, almenn aðgerð

Golfklúbbur Selfoss	198.261
Golfklúbbur Kiðjbergis	94.090
Golfklúbbur Þorlákshafnar	73.928
Golfklúbbur Öndverðarness	84.009
Hestamannafélagið Geysir	586.999
Hestamannafélagið Ljúfur	73.928
Hestamannafélagið Logi	118.201
Hestamannafélagið Sleipnir	376.359
Hestamannafélagið Smári	110.454
Íþróttafélagið Dímon	356.578
Íþróttafélagið Garpur	84.411
Íþróttafélagið Hamar	2.067.098
Knattspyrnufélag Rangæing	314.852
Knattspyrnufélagið Ægir	97.450
Körfuknattleiksfélag Selfoss	613.029
Umf. Biskupstungna	200.005
Umf. Gnúpverja	50.000
Umf. Hekla	123.661
Umf. Hrunamanna	647.041
Umf. Laugdæla	179.568
Umf. Selfoss	10.502.691
Umf. Stokkseyrar	98.929
Umf. Þór	1.422.301
Umf. Þjórtandi	109.757
Samtals:	18.583.600

Styrkir til aðildarfélag HSK, sértæk aðgerð

Hestamannafélagið Geysir	8.100.000
Hestamannafélagið Sleipnir	1.110.011
Íþróttafélagið Hamar, knattspyrnudeild	540.000
Knattspyrnufélagið Ægir	645.000
Ungmennafélag Selfoss, handknattleiksdeild	2.895.000
Samtals:	13.290.011



Dúfum var sleppt fyrir fyrsta opinbera leik kvennaliðs Hamars í knattspyrnu.



Sóttvarna var gætt þegar Selfoss tók við sigurlauninum í meistarakappni kvenna.

Íslenskar getraunir úthluta 2 milljónum króna til HSK félaga

Vegna mikillar þátttöku íslenskra tippara og góðrar afkomu á árinu 2020 ákvað stjórn Íslenskra getrauna að úthluta 50,3 milljónum króna styrk til afreksdeilda í knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik. Enn fremur var ákveðið að úthluta 10 milljónum króna í aukafélag til þeirra 60 félaga sem hafa selt mest og fengið flest áheiti vegna sölu á getraunaseðlum.

Fimm aðildarfélög HSK eða deildir þeirra fá úthlutað fjármagni frá getraunum við þessa úthlutun, samtals kr. 2.014.331. Knattspyrnudeild Umf. Selfoss fær 1 milljón vegna kvennaliðs félagsins, 150.000 vegna karlaliðsins og 31.827 vegna sölu á getraunaseðlum. Handknattleiksdeild Umf. Selfoss fær 300.000 vegna karlaliðs félagsins í efstu deild og Körfuknattleiksdeild Þórs fær einnig 300.000 vegna karlaliðs félagsins í efstu deild. Þrjú félög fá svo framlag vegna áheitasölu á getraunaseðlum, Laugdælir 104.219 kr., Skeiðamenn 90.984 kr. og KFR 31.827 kr.



Ný félagsaðstaða Golfklúbbs Selfoss var vígð þann 11. janúar 2020.



Ungir handboltamenn á Selfossi ásamt Einari Guðmundssyni, þjálfara.

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Baldur Gauti Tryggvason formaður, stjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2020 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2020.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs

á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og nú fékk nefndin það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakar HSK í þriðja sinn.

Fundur í valnefndinni var haldinn 24. febrúar 2021 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Ragnar Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss og fyrrverandi varaformaður HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK og Baldur Gauti Tryggvason, stjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2020

15 konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK 2020 og 13 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2020 hlyti golfkonan Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss sæmdarheitið íþróttakar HSK árið 2020 hlyti judómaðurinn Breki Bernhardsson úr Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Hafdís Hafsteinsdóttir, Umf. Gnúpverja, Kristín Sigfúsdóttir Íþr.fél. Garpi og María Óladóttir Umf. Selfoss.

HSK fjárfesti í samkomutjald sem til stóð að tjalda á keppendatjaldsvæðinu á Unglingalandsmótinu á Selfossi. Þá voru keyptar 300 treyjur fyrir keppendur HSK.

Eins og allir vita var mótinu frestað um ár vegna alheimsfaraldurs og því verður skýrsla nefndarinnar í styttra lagi þetta árið.

Sjáumst á Selfossi 2021.

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi

Stjórn HSK hefur skipað framkvæmdanefnd fyrir unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2021 á Selfossi. Nefndin hefur haldið sex fundi.



Valnefndin að störfum.

Nefndina skipa: Þórir Haraldsson, fyrrv. formaður ULM nefndar 2012 sem er formaður nefndarinnar, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sem er ritari nefndarinnar, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK sem er gjaldkeri nefndarinnar, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Ísabella Rán Bjarnadóttir, ungmennaráði Sv. Árborgar, Elin Þórdís Pálsdóttir, ungmennaráði Sv. Árborgar, Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ og Gísli Halldór Halldórsson, bærastjóri Sv. Árborgar. Eftirtaldir starfa með nefndinni og eru boðaðir á fundi: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK og Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Sv. Árborgar.

Nefndin hefur m.a. unnið að skipulagningu, undirbúningi keppnisgreina, afþreyingar, kynningar og fjármögnun mótsins.

Keppnisgreinar á mótinu verða: Biathlon (hlaupaskotfimi), bogfimi, borðtennis, fimleikar/fimleikalíf, frísbíggj, frjálssar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kökuskræytingar, körfubolti, motocross, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund, taekwondo og upplestur.

Undirbúningur mótsins hélt áfram af fullum krafti í upphafi árs 2020. Þegar heimsfaraldur COVID-19 skall á færðust fundahöld og samskipti í fjarfundarform en undirbúningur var haldið áfram. Skipulag, kynning og fjármögnun mótsins hélt áfram en þess gætt að binda ekki skuldbindingar umfram það sem nauðsynlegt var vegna óvissu um mótshaldið. Undirbúningur og skipulag tók breytingum eftir því sem reglur sóttvarnaryfirvalda breyttust. Í júní og byrjun júlí var haft náð samráð við sóttvarnaryfirvöld

um framhaldið en 8. júlí tók nefndin þá ákvörðun, að höfðu samráði við sóttvarnaryfirvöld, að fella mótið niður þar sem ekki væri ábyrgt að halda mótið vegna hættu á útbreiðslu smita.

Í framhaldinu var ákveðið að mótið yrði haldið á Selfossi 2021 og gáfu sömu einstaklingar kost á sér að starfa að mótshaldinu og var nefndin endurskipuð. Þá var haft samband við sérgreinastjóra og stuðningsaðila og voru allir tilbúnir að koma að mótinu ári síðar. Í ljósi þessara breytinga lagði nefndin til við UMFÍ að unglingum fæddum 2002 yrði heimilað að keppa á mótinu og var það samþykkt.

Undirbúningur fyrri ára mun nýfast vel við mótshaldið 2021. Nefndin ákvað að bæta borðtennis við sem keppnisgrein en halda að öðru leyti keppnisgreinum óbreyttum. Þannig liggja reglur keppnisgreina fyrir að mestu leyti, undirbúningur að fjármögnun, söfnun styrktaraðila, kostenda verðlauna og kynningarstarf mun nýfast beint við mótshaldið 2021.

Aðstaða á Selfossi er öll til fyrirmyndar og eingöngu þarf að koma upp góðri aðstöðu fyrir strandblak og strandhandbolta til að íþróttamannvirknin séu tilbúin til að taka við keppendum. Hið sama gildir um tjaldsvæðin sem eru tilbúin sem og önnur aðstaða, s.s. fyrir stjórnstöð ofl. Nýtt fjölnota íþróttahús sem tekið verður í notkun á Selfossi í sumar mun enn bæta aðstöðuna og verður nýtt til margvíslegrar starfsemi og keppni á mótinu.

Mikinn fjöldi sjálfbóðaliða þarf til að framkvæma mótið með sóma, sérstaklega til að vinna við íþróttakeppnina en einnig í gæslu, sölu, þríf og aðra þjónustu við móts gesti og verður leitað til aðildarféлага HSK um sjálfbóðaliða til starfa þegar nær dregur mótinu en áhugasamir eru hvattir til að gefa sig fram við nefndarfolk og starfsfolk.



Séð yfir vallarsvæðið á Selfossi þar sem nýtt fjölnota íþróttahús er í byggingu og verður tekið í notkun á Unglingalandsmótinu.

Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2020

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2020 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna 2020:

Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Badmintonnefnd

Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór
Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór
Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór

Blaknefnd

Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri
María Rósa Einarsson, Íþróttafélaginu Dímón
Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Áslaug Harðardóttir, Umf. Laugdæla

Borðtennisnefnd

Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímón
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímón
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

Bríddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímón
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

Fimleikanefnd

Formaður: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímón
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss.

Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi
Ritari/varaf.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

Golfnefnd

Formaður: Össur Friðgeirsson, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Bjarni Jóhannsson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum

Handknattleiksnefnd

Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Milán
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Milán
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

Hestaíþróttanefnd

Formaður: Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Magnús Ólason, Hestamannafélaginu Sleipni
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Samhyggð
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímón
Varamaður: Ásberg Lárentínsson, Umf. Þór

Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný

Knattspyrnunefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Hafþór Theodórsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Umf. Biskupstungna
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu
Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Sundnefnd

Formaður: Charlotte Clausen, Íþróttafélaginu Hamri
Guðmundur Pálsson, Umf. Selfoss
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss

Sögu- og minjanefnd

Formaður: Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímón
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda
Varamaður: Gunnar Marmundsson, Íþróttafélaginu Dímón

Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Almenningsíþróttanefnd

70 keppendur í Bláskógaskokki

Hið árlega Bláskógaskokk HSK var haldið 13. júní og tóku 70 hlauparar þátt í hlaupinu. Líkt og í fyrra sá tímataka.is um tímátökuna og nú með nýrri tækni þar sem svokölluð flaga var í keppnisnúmerinu. Það reyndist vel, nema þeim sem fóru úr jakkanum með númerinu í miðju hlaupi! Keppendur gátu valið um tvær vegalengdir, 10 eða 5 mílur. Lengri vegalengdin var frá Gjábakka að Laugarvatni og sú styttri frá Laugardalsvöllum að Laugarvatni. Fyrstu keppendur í karla- og kvennaflokki fengu sérverðlaun sem voru í boði Hótel Arkar í Hveragerði.

Níu HSK met voru sett í hlaupinu. Guðný Brund Rúnarsdóttir bætti HSK metið í kvennaflokki í 5 mílum og í flokki 40-44 ára. Sigursveinn Sigurðsson sem kom fyrstur í mark í 5 mílum setti HSK met í karlaflokki og í flokki 40-44 ára. Renuka Chareyre Perera setti HSK met í flokki 45-49 ára og Eydis Katla Guðmundsdóttir var með met í 55-59 ára flokki.

Þrjú HSK met voru sett í 10 mílna hlaupinu. Hjónin Sigmundur Stefánsson og Ingileif Auðunsdóttir settu met í 65-69 ára flokki og Björn Magnússon setti met í 70-74 ára flokki.

Að loknu hlaupi bauð sundlaugin á Laugarvatni öllum í sund og MS gaf drykki.

HSK þakkar samstarfsaðilum, styrktaraðilum og sjálfbæðaliðum fyrir þeirra framlag.

Heildarúrlit má sjá á www.hlaup.is.

Badmintonnefnd

Innan vébanda HSK var badminton iðkað sem keppnisíþrótt hjá þremur félögum árið 2020 en þau voru Dímon, Hamar og Umf Þór. Iðkendaflöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku en iðkendaflöldinn hélst svipaður þetta árið.

Tveir leikmenn voru valdir í úrtakshóp unglingalandsliðs Íslands í badminton, Margrét Guangbing Hu, U17 ára, úr Hamar og Úlfur Þórhallsson, U13 ára, úr Hamar. Margrét var auk þess valin í sérstakan úrvalshóp Badmintonsambandsins. Bæði mættu þau á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið. Margrét og Úlfur eiga framtíðina fyrir sér í badminton og gaman verður að fylgjast með þeim sem og öðrum iðkendum í framtíðinni.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Þetta árið voru aðstæður þannig að ekki var hægt að halda mótin og féllu þau því niður. Auk þess eru vanalega haldin tvenn stór barna- og unglingamót innan

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.



Bláskógaskokk 2020.

vébanda HSK, Kjörismót Hamars og Unglingamót Þórs. Kjörismót Hamars féll því miður niður þetta árið vegna samkomutakmarkana.

Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórmót sem er mót fyrir börn og unglinga. Þetta mót er svokallað byrjendamtót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 60 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 7 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótinu á settum tíma.

Blaknefnd

Óvenjulegt ár er að baki og hefur blak verið lítið stundað á vegum HSK vegna Covid-19 faraldursins. Rétt áður en seinni umferð HSK móta átti að fara í gang voru allar íþróttir settar á bið vegna hans. Þegar íþróttir voru aftur leyfðar var komið sumar og blakið kunn kominn í bið svo ákveðið var að reyna að halda seinni hluta HSK móta um haustið. Önnur bylgja af faraldrinum kom þá og kom í veg fyrir það og var ákveðið í nóvember að blása af HSK mótin fyrir 2020. Ljósí punkturinn á árinu er að við fengum úrvalsdeildarlið í karlaflokki en Hamar er þegar þetta er skrifað ennþá ósigrað á toppi Mizuno deildar með jafn mörg stig og HK.

Fyrir hönd Blaknefndar HSK,
Haraldur Örn Björnsson, formaður

Borðtennisnefnd

Vegna samkomutakmarkana vara héraðsmótinu 2020 aflýst. Til stendur að halda héraðsmót haustið 2021.

Briddsnefnd

Karl Gunnlaugsson heiðraður á HSK tvímenningi

HSK tvímenningurinn í bridds fór fram í Selinu á Selfossi fimmtudaginn 2. janúar síðastliðinn með þátttöku 15 para.

Spiluð voru 40 spil og eftir þessi 40 spil stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Gísli Þórarinnsson og Sigurður Skagfjörð með 61,3 stig. Brynjólfur Gestsson og Helgi Hermannsson urðu í öðru sæti með 57,6 stig og Sigfinnur Snorrason og Össur Friðgeirsson tóku bronsið með 56 stig, eftir hörku keppni við Þróstur Árnason og Björn Snorrason.

Heildarúrlit mótsins má sjá á www.hsk.is

Briddsmenn heiðruðu Karl Gunnlaugsson á Varmalæk sérstaklega á mótinu, en hann hefur keppt á HSK mótum í rúm 75 ár í hinum ýmsu greinum. Karl er enn að keppa, en hann varð 89 ára á árinu.

HSK-mótið í sveitakeppni

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge var spilað á Flúðum 29. febrúar 2020 og mættu átta sveitir til leiks.

Sveitin sem kallaði sig Fjórir góðir tryggði sér sigurinn með 108,43 stig, sveitin Íslenskur landbúnaður varð í öðru sæti með 92,91 stig og TM Selfossi varð í þriðja sæti með 79,13 stig.

Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmundur Ólafsdóttir Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Eyrún María Guðmundsdóttir íþrf. Dímon, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss.

Frjálsíþróttaráðið 2020 var óvenjulegt ár sökum heimsfaraldurs covid19 og setti faraldurinn mark sitt á meirihluta ársins. Aðalfundur ráðsins var haldinn 28. september 2020 vegna samkomutakmarkana sem ríktu um vorið og komu í veg fyrir að hægt væri að halda fundinn á venjulegum tíma. Á aðalfundinum voru gerðar breytingar á stjórn ráðsins. Anna Pálsdóttir Umf. Selfoss gaf ekki lengur kost á sér og í hennar stað var Eyrún María Guðmundsdóttir íþrf. Dímon kosin inn í stjórnina.



Frá fyrri hluta héraðsmóts karla í blaki 2019-2020.

Það náðist að halda frjálsíþróttaskóla FRÍ á Selfossi með hefðbundnu sniði dagana 21.-25. júní. Sem fyrr voru umsjónarmenn skólans Ágústa Tryggvadóttir og Fjóla Signý Hannesdóttir. Rúmlega 50 börn á aldrinum 11-14 ára sóttu skólan og komu mjög víða af landinu. Markmið sumarbúðanna er að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi. Dagskráin var mjög fjölbreytt þar sem til að mynda voru kvöldvökur, leikir, sundferðir og fleira í bland við æfingar. Sölvi Tryggvason svaraði spurningum og fræddi börnin um heilsu. Einnig deildi Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir reynslu sinni þegar hún varð Ólympíumeistari ungmenna í 200m hlaupi árið 2018. Guðbjörg þjálfaði einnig sprettthlaup á einni æfingunni í skólanum. Guðni Valur Guðnason kringlukastari, einn fremsti íþróttamaður sem við eigum í dag í frjálsum var einnig að þjálfra sem og Íslandsmethafinn í þristökki, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, ásamt fleirum góðum þjálfurum. Sumarbúðunum lauk svo með vel heppnuðu frjálsíþróttamóti.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/Selfoss á meistaramótum og áttum við góðu gengi að fagna á öllum mótunum í flokkum barna og unglinga. Við sigruðum MÍ 11-14 ára utanhúss með fjölmennt lið auk þess sem A-lið HSK sigraði bikarkeppni 15 ára og yngri. Líkt og undanfarin ár var töluverð áskorun að setja saman bikarlið í flokki fullorðinna og HSK/Selfoss átti einnig fáa keppendur á MÍ aðalhluta. Því miður tókst ekki að halda MÍ 11-14 ára innanhúss á árinu. Mótinu var fyrst frestað vegna þess að mótshaldarar gáfu það frá sér skömmu fyrir mót. Skömmu síðar hófst covid19 faraldurinn með sitt keppnisbann og þegar átti að reyna að halda mótið um haustið skall á þriðja bylgja faraldursins. Eins féll Bikarkeppni fullorðinna utanhúss niður annars vegar vegna covid19 og hins vegar vegna þess að öll lið nema tvö drógu sig út úr keppni skömmu fyrir mót.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og

bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11-14 ára innanhúss

Féll niður á árinu

MÍ Unglinga innanhúss

3. sæti 13 Íslandsmeistararitilur

MÍ Aðalhluti innanhúss

6. sæti 1 Íslandsmeistararitilur

Bikarkeppni innanhúss

5. sæti 0 bikarmeistararitilur

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

5. sæti 1 bikarmeistararitilur

MÍ 11-14 ára utanhúss

1. sæti 19 Íslandsmeistararitilur

MÍ unglinga utanhúss

3. sæti 22 Íslandsmeistararitilur

MÍ aðalhluti utanhúss

9. sæti 1 Íslandsmeistararitilur

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

Féll niður á árinu

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

1. sæti 6 bikarmeistararitilur

HSK á 14 einstaklinga í úrvalshópi unglinga hjá FRÍ en vegna þess hve fá mót voru haldin árið 2020 var ákveðið að hópurnir sem var valinn fyrir tímabilið 2019-2020 myndi haldast út tímabilið 2020-2021. Að auki bættust nýjrir inn í hópinn ef þeir náðu tilskildum árangri. Þeir sem eru í úrvalshópnum nú um áramót eru: Brynjar Logi Sólvason Umf. Selfoss, Laugdæll, Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss, Einar Árni Ólafsson Umf. Þjóta, Goði Gnýr Guðjónsson Umf. Heklu, Hjalti Snær Helgason Umf. Selfoss, Sebastian Þór Bjarnason Umf. Selfoss, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu, Unnsteinn Reynisson Umf. Þjóta,



Sigurlið HSK í bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri utanhúss.

Viktor Karl Halldórsson Umf. Þór, Auður Helga Halldórsdóttir Umf. Þór, Álfrún Dilljá Kristinardóttir Umf. Selfoss, Ásrún Aldís Hreinsdóttir Umf. Selfoss, Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss og Hildur Helga Einarssdóttir Umf. Selfoss. Þess má geta að mörg þessara ungmenna komust í úrvalshópinn fyrir árangur í fleiri en einni grein. Einn einstaklingur úr HSK er í stórmótahóp FRÍ en hópurnir samanstendur af efnilegustu ungmennum landsins í frjálsum íþróttum. Sá einstaklingur er Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss.

Frjálsíþróttamaður HSK 2020 var valinn af Frjálsíþróttaráði Dagur Fannar Einarsson úr Umf. Selfoss. Dagur Fannar er mjög fjölhæfur frjálsíþróttamaður og þar af leiðandi eru fjölþrautir hans aðal keppnisgrein. Hann var búinn að ná nægilega góðum árangri til þess að komast á NM unglinga í tugþraut en því miður féll það mót niður v. covid19. Hann keppti mikið á árinu þrátt fyrir að mótin hefðu verið heldur færri en vanalega og náði hann þeim árangri að verða Íslandsmeistari í níu keppnisgreinum á árinu í flokki 18-19 ára auk þess sem hann varð Íslandsmeistari í 400m grindahlaupi í flokki fullorðinna. Hann setti jafnframt 23 HSK met á árinu sem sýnir hversu öflugur hann er. Dagur Fannar er vel að titlinum kominn enda með rétta hugarfarið og hefur alla burði til þess að ná mjög langt á frjálsíþróttasviðinu.

Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK 2020. Eva María er hástökkvari og náði þeim frábæra árangri að stökkva 1,81m í sumar sem er Íslandsmet í hennar flokki. Sá árangur kom henni í 3. sæti á afrekaskrá íslenskra kvenna í hástökki frá upphafi. Stökkið setti hana einnig í annað sætið á Norðurlöndunum í sínum aldursflokki og í 8. sæti á heimslistanum. Eva María náði að keppa á innanhússtímabilinu með sameiginlegu landsliði Íslands og Danmerkur á Norðurlandamóti fullorðinna og náði hún þar 7. sæti. Hún var búin að ná lágmarkum á NM unglinga og EM unglinga auk þess sem hún var komin inn á sterkt mót í Mannheim í Þýskalandi en því miður féllu þessi mót öll niður vegna covid19. Eva María stefnir hátt í íþróttinni og það verður gaman að fylgjast með henni á frjálsíþróttavellinum á komandi árum.

Þrátt fyrir að fjölda móta hafi verið aflýst vegna samkomutakmarkana á síðasta ári voru óvenjumörg met slegin, eða samtals 159. Til samanburðar voru 145 met slegin árið 2019.

Fatlaðir settu tvö met, keppendur 11 – 22 ára settu 104 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met og keppendur í öldungaflokkum settu 49 met. Tíu þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki. Álfrún Dilljá Kristinardóttir Umf. Selfoss, keppandi í 14 ára flokki, setti flest HSK met á árinu. Hún setti samtals 30 HSK met í þremur aldursflokkum og sjö þessara meta voru auk þess Íslandsmet. Dagur Fannar Einarsson keppandi Umf. Selfoss í flokki 18-19 ára setti samtals 23 met, 18 þeirra voru einstaklingsmet og þá setti hann fimm boðhlaupsmet með félögum sínum. Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu, sem keppti í 16-17 ára flokki, kom næstur með samtals 17 met, fimm þeirra voru í boðhlaupum. Eva María Baldursdóttir keppandi Umf. Selfoss í flokki 16-17 ára setti 15 HSK met og eitt þeirra var Íslandsmet. Aðrir ótaldir Íslandsmetshafar á síðasta ári voru þau Ísold Assa Guðmundsdóttir og Daníel Breki Elvarsson. Ólafur Guðmundsson Selfossi setti flest HSK met í öldungaflokkum, en hann setti 20 met á árinu í flokki 50 - 54 ára. Næst komu þau Fjóla Signý Hannesdóttir og Örn Davíðsson bæði í flokki 30-34 ára, en þau settu bæði fimm met í sínum aldursflokki. Ólafía Ósk Svanbergisdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK met í flokkum fatlaðra á árinu, en hún setti tvö HSK met í flokki F 35-38.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 10 mótum á árinu. Innanhúsmót HSK voru haldin í Kaplakrika í góðu samstarfi við frjálsíþróttadeild FH og kunnum við FH-ingum góðar þakkir fyrir. Stærsti viðburður Frjálsíþróttaráðs var Bikarkeppni 15 ára og yngri sem haldin var á Selfossvelli í ágúst og tókst vel. Auk móta sem HSK hélt mönnum við eina grein á Bikarkeppni FRÍ innanhúss og auk þess að senda starfsmenn á RIG leikana sem haldnir voru í febrúar.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2020.

Mót á vegum HSK 2020

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára innanhúss

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 12. janúar. Á mótið voru skráðir 76 keppendur og er það í annað sinn sem umtalsverð fækkun er á keppendum milli ára. Það bar helst til tíðinda á mótinu að Umf. Hekla og Íþrf. Garpur tefldu fram sameiginlegu keppnisliði í fyrsta sinn og héldu því fyrirkomulagi á öllum mótum ársins. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 450 stigum, í öðru sæti varð Garpur/



Keppendur HSK/Selfoss á MÍ 15-22 ára innanhúss.



Sigurlið HSK/Selfoss á MÍ 11-14 ára utanhúss.

Hekla með 255 stig og Umf. Hrunamanna í þriðja sæti með 108 stig. Margir foreldrar fylgdu börnum sínum á mótið og aðstoðuðu við framkvæmd mótsins auk þess að verma áhorfendabekkina.

Unglingamót HSK 15-17 ára innanhúss.

Unglingamót HSK fór fram 12. janúar, samhlíða Aldursflokka- og Héraðsmóttinu. Á Unglingamótið voru 39 keppendur skráðir og er það svipaður fjöldi og á síðasta ári. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppnina.

Héraðsmót HSK fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK fullorðinna fór fram 12. janúar. Á mótið voru skráðir 27 keppendur og þar af voru sex gestakeppendur frá FH svo ekki það er ekki hægt að segja að mótið hafi verið fjölmenn. Þrátt fyrir fámennið var karlakeppnin æsi spennandi en öðru máli gegndi um kvennakeppnina þar sem aðeins tvær konur mættu til leiks. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 86 stig, Umf. Þjóttandi var í öðru sæti með 67 stig og Umf. Þór var í þriðja sæti með 5 stig.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum áttu að fara fram á Hellu 22. mars. Ákveðið var að hætta við mótið vegna covid þrátt fyrir að á þeim tímamarki hafi ekki verið búið að grípa til formlegra samkomutakmarkana á landinu. Mótið var svo dagsett aftur um haustið og átti að fara fram í nóvember en ekkert varð af því vegna þriðju bylgju covid.

Vormót HSK

Vormót HSK var haldið 9. júní á Selfossvelli, heldur seinna en vant er þar sem beðið var með mótið þangað til búið væri að rýmka samkomutakmarkanir sem voru í gildi um vorið. Rúmlega 90 keppendur voru skráðir til leiks og er það svipaður fjöldi og á síðasta ári. Mótvindur var í öllum hlaupum en að öðru leiti voru aðstæður ágætar. Keppendur HSK létu ekki sitt eftir liggja og sigruðu fjórar greinar. Dagur Fannar Einarsson sigraði 300m hlaup karla, Sebastian Þór Bjarnason sigraði kringlukast pílta, Hjalti Snær Helgason sigraði spjótkastr pílta og Eva María Baldursdóttir sigraði hástökk kvenna.

Aldursflokkmót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkmót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram 14. júní á frjálssíðavellinum í Þorlákshöfn. Rúmlega 60 keppendur voru skráðir til leiks en það verður að teljast mjög fámenn. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 594 stig, í öðru sæti var Garpur/Hekla með 207 stig og í þriðja sæti Umf. Hrunamanna með 117 stig.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 14. júní á frjálssíðavellinum í Þorlákshöfn, samhlíða aldursflokkmóttinu. Keppendur á Héraðsleikunum voru 48 talsins og er það á pari við fjölda keppenda 2019. Á móttinu voru margir að stiga sín fyrstu skref á frjálssíðavellinum og margir persónulegir sigrar sem náðust. Að móti loknu fengu allir þátttakendur viðurkenningu.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 13.-14. júlí. Á mótið voru skráðir 80 keppendur og þar af 17 gestaþátttakendur frá liðunum á höfuðborgarsvæðinu. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með nokkrum yfirbúðum eða 264,5 stigum. Í öðru sæti var Garpur/Hekla með 124,5 stig og í þriðja sæti var Umf. Hrunamanna með 37 stig. Stigahæsti karl mótsins var Goði Gnýr Guðjónsson Umf. Heklu með en hann sigraði fjórar greinar á móttinu. Stigahæsta kona mótsins var Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss en hún sigraði þrjár greinar greinar. Mikið metaregn var á móttinu en átta héraðsmet voru slegin.

Héraðsmót fatlaðra

Samhlíða Héraðsmóti fullorðinna var haldið Héraðsmót fatlaðra í frjálsum en þar mætti einungis einn keppandi til leiks. Keppnisgreinar á móttinu voru 200m hlaup, langstökk, kúluvarp og kringlukast.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli 25. ágúst. Um 40 þátttakendur af HSK svæðinu tóku þátt á móttinu auk þriggja gestaþátttakenda. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 174 stig, Garpur/Hekla varð í öðru sæti með 71 stig og Umf. Þór í þriðja með 62 stig.

Bikarkeppni 15 ára og yngri

Samkvæmt mótaúthlutun ársins 2020 átti HSK að halda bikarkeppni fullorðinna árið 2020 og átti hún að fara fram aðra helgina í ágúst. Vegna uppgangs veirunnar á þeim tíma og smita sem komu upp á MÍ unglinga fyrr um sumarið var ákveðið að fresta móttinu um tvær vikur og HSK var beðið um að halda Bikarkeppni fullorðinna og unglinga samhlíða á einni helgi eða einum degi. Ástæðan fyrir því að bikarkeppni 15 ára og yngri datt upp í hendurnar á okkur var að Reykjavíkurlíðin sem ætluðu að halda mótið treystu sér ekki til að halda það vegna vallaraðstæðna hjá þeim. Líðin voru þó tilbúin til að aðstoða á móttinu og fór það svo að Ármann mannaði hástökkið. Beðið var eftir tilsökunum á sóttvarnareglum svo tækt yrði að halda móttin en svo fór, eftir að öll líðin nema tvö höfðu dregið sig til baka úr bikarkeppni fullorðinna, að sú keppni var felld niður. Ákveðið var að halda bikarkeppni 15 ára og yngri á Selfossi 29. ágúst og tókst það með ágætum þrátt fyrir alla óvissuna á undirbúningstímabilinu. Sex lið öttu kappi á móttinu og átti HSK tvö þeirra. A-lið HSK náði í 6 gull, 7 silfur og 1 brons en B-liðið náði í 4 brons. A-lið HSK sigraði mótið eftir spennandi keppni og B-liðið varð í 5. sæti. Aðstæður á móttinu voru mjög góðar margir keppendur voru að bæta sinn besta árangur. Ísöld Assa Guðmundsdóttir Umf. Selfoss náði að jafna stúlknamet 13 ára í hástökki þegar hún stökk 1,63 metra og bar sigur úr býtum.

Sérstakt hrós vil ég færa öllum þeim sjálfbóðaliðum sem komu til starfa á mótum ársins 2020. Allir tóku vel í þá auka vinnu sem fólst í því að fylgja sóttvarnareglum á mótunum t.d. við sóttþreinsun áhalda á milli kasta og við að virða hólfaskiptingu. Jákvæðni og var við völd og allir mjög lausnamiðaðir. Keppendahópurinn var einnig mjög jákvæður í þessu öllusaman. Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum félaga, sjálfbóðaliðum, þjálfurum og iðkendum kærlega fyrir samstarfið á árinu. Sjáumst á frjálssíðavellinum 2021!

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Glimuráð HSK

Stjórn glímuráðs HSK kosin á aðalfundi 2020: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/ varaform: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi og Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda.

Heimsfaraldur Covid-19 og þær sóttvarnar-rástaðir sem stjórnvöld gripu til settu verulegt mark á starf Glimuráðs HSK árið 2020 líkt og íþróttahreyfinguna alla. Ráðið hélt eitt mót í febrúar en önnur mót féllu niður sem eftir lífði ársins líkt og hjá GLÍ. Alls iðkuðu 177 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfskýrslum ÍSÍ árið 2020. Af þeim hóp tóku 50 þátt í keppni en enginn keppendi frá HSK tók þátt í því eina móti sem GLÍ stóð fyrir á árinu.

Aðalfundur glímuráðs HSK var haldinn í Selinu 11. mars. Á fundinum var farið yfir starf ráðsins árið 2019 og línurnar lagðar fyrir starfið framundan. Ráðið býr við traustan fjárhag sem býður vel upp á eflingu glímustarfsins á svæðinu.

Fjórir fulltrúar frá HSK sátu Glímuping sem haldið var í Reykjanesbæ 30. maí 2020. Þar var Marín Laufey Davíðsdóttir kosin í stjórn GLÍ á auk þess sem Jana Lind Ellertsdóttir var kosin varamaður. Ólafur Oddur Sigurðsson hefur setið sem formaður Keltneska fangbragðasambandsins undanfarin ár. Kjartan Lárússon var endurkjörin formaður Glímudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Mót á vegum HSK

Grunnskólamót HSK 2020

Grunnskólamót HSK 2020 fór fram þriðjudaginn 11. febrúar í íþróttahúsinu Reykholti Bláskógabyggð. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 51 þátttakandi frá fimm grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glímt var á tveimur dýnulögðum völlum samtímis og skein bæði kapp og gleði af kraftmiklum keppendahópnum. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómarmar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK. Í stigakeppni milli skóla sigraði Hvolsskóla þrjá flokka af fjórum en í flokki stelpna í 5.-7. bekk höfðu þau stúlurnar í Flóaskóla stigabikarnum.

5. bekkur stelpna

1. Steinunn Lilja Jóhannesdóttir, Bláskógaskóla

5. bekkur strákar

1. Sæþór Leó Helgason, Flóaskóla

6. bekkur stelpna

1. Arna Danielsdóttir, Bláskógaskóla

6. bekkur strákar

1. David Örn Aitken Sævarsson, Flóaskóla

7. bekkur stelpna

1.-2. Kamilla Hafðís Ketel, Flóaskóla

1.-2. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Flóaskóla

7. bekkur strákar

1. Valur Ágústsson, Hvolsskóla

8. bekkur stelpna

1. Melkorka Álfdrís Hjartardóttir, Flóaskóla

8. bekkur strákar

1. Andreas Haraldur Ketel, Flóaskóla

9. bekkur stelpna

1. Svanhvít Stella Þorvaldsdóttir, Grsk. Hellu

9. bekkur strákar

1. Ísak Guðnason, Hvolsskóla

10. bekkur stúlkna

1. María Sif Indriðadóttir, Hvolsskóla

10. bekkur strákar

1. Sindri Sigurjónsson, Hvolsskóla

Stigakeppni skóla

5. - 7. bekkur strákar stig

1. Hvolsskóla 20

2. Flóaskóla 19

3. Bláskógaskóla 7

5. - 7. bekkur stelpna stig

1. Flóaskóla 17

2. Bláskógaskóla 16

2. Hvolsskóla 15,5

4. Laugalandsskóla 5

8. - 10. bekkur drengja stig

1. Hvolsskóla 22

2. Flóaskóla 6

3. Bláskógaskóla 6

8. - 10. bekkur stúlkna stig

1. Hvolsskóla 20

2. Flóaskóla 11

3. Grunnskólinn Hellu 6

4. Bláskógaskóla 5

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glimuráðs HSK árið 2020. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glimusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glimusambandsins.

Fyrir hönd Glimuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir og vona að glímustarfið nái að dafna á ný að loknum faraldrinum.

Stefán Geirsson, formaður.

Íþróttanefnd fatlaðra

Árið 2020 var sérstakt enda Covid við völd og lítið um mótahald. Helstu verkefni nefndarinnar eru héraðsmót í íþróttagreinum sem eru stundaðar á svæðinu og fara þau mót fram í samvinnu við þjálfara viðkomandi greina.

Þau mót sem haldin voru árið 2020 voru eftirfarandi:

Héraðsmót í golfi fatlaðra, 25. ágúst

Mótið var haldið á Selsvelli við Flúðir og voru keppendur 11.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Karlar:

1. sæti Bjarni Friðrik Ófeigsson

2. sæti Eðvald Huginn Hólmarsen

3. sæti Árni Bárðarson

Konur:

1. sæti Telma Þ. Þorbjörnsdóttir

2. sæti Sigríður E. Kristinsdóttir

3. sæti María Sigurjónsdóttir

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum

Þetta mót er alltaf skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK og fer fram samhliða héraðsmóti ófatlaðra. Á mótinu í ár tók einn keppandi þátt, María Sigurjónsdóttir og keppti hún í kastgreinum.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is veitir allar upplýsingar um það sem í boði er um land allt og aðstoðar einnig við að koma að nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

Þorbjörg Vilhjálmssdóttir

Sundnefnd

Ekki er hægt að segja annað en þetta sundár hafi verið sérstakt. Eftir að allt íþróttastarf hafði legið niðri vegna Covid-19 í samfélaginu var ákveðið að halda aldursflokkamót HSK í Þorlákshöfn 27. maí þegar yfirvöld gáfu leyfi á vordögum. Þetta var fyrsta mótið á vegum HSK eftir samkomubannið.

Þrátt fyrir mikla rigningu var svakaleg stemning í sundlauginni og keppendur frá Hamri og Selfossi



Óskar Ingi á héraðsmóti fatlaðra í golfi.

tóku þátt. Selfoss vann stigakeppnina að þessu sinni með 170 stig. Keppendur stóðu sig með stakri þryði og margir bættu árangur sinn til muna. Sara Ægisdóttir hlaut verðlaunabikar fyrir stigahæsta sund samkvæmt stigatöflu FINA en það var í 100m. skriðsundi sem hún synti á 1:10,56mín. og hlaut 361 stig.

Haldið var Héraðsmót HSK í Laugaskarði í Hveragerði 25. júní 2020 í blíðskaparveðri. Góð mæting var frá Sunddeild Selfoss og Hamri. Allir keppendur stóðu sig mjög vel og foreldrar voru virkir við að aðstoða við mótið. Eftir verðlaunaafhendingu var öllum boðið upp á SS pylsur og Kjörís. Selfoss vann stigakeppnina og Hamar varð í öðru sæti.

Sundfólk frá HSK tók þátt í Gullmóti KR og RIG á árinu og auk þess keppti Sara Ægisdóttir frá sunddeild Selfoss á IM 50.

Vegna þess hvernig ástandið í samfélaginu síðastliðið ár hefur verið, var erfitt að halda uppi eðlilegri starfsemi í sundnefnd HSK.

Charlotte Clausen

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárússon Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon, Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður Gunnar Marmundsson Íþr.f. Dímon, en hann tók þátt í störfum nefndarinnar. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Þorgeir Vigfússon, sem starfað hefur lengi í nefndinni eða frá árinu 2002 og formaður nefndarinnar síðustu ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Er honum þökkúð mjög góð störf fyrir HSK og ánægjulegt samstarf í nefndinni.

Nefndin kom ekki nema einu sinni saman á árinu vegna COVID19 á starfsárinu. Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að Sigmundur Stefánsson Umf. Þjótanda yrði útnefndur öðlingur ársins 2020.

Greining á myndum HSK féll að mestu niður á árinu en stefnt er á að halda því verkefni áfram núna í vetur. Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www.myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að yta á ábendingarhnaðinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

Kjartan Lárússon



Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15, Selfossi
Sími: 480 1960

OPNUNARTÍMI:

Virka daga frá 06:30 til 21:30
Helgar 09:00 til 19:00

Komdu í sund á Selfossi og á Stokkseyri



Tilboð
handklæði,
sundföt
og sund
1.700 kr.

Gjaldskrá

Fullorðnir (18–66 ára)

Stakt skipti: 1.050 kr.
10 skipta kort: 4.300 kr.
30 skipta kort: 8.600 kr.
Árskort: 30.000 kr.

FRÍTT fyrir öll börn að 10 ára
aldri (miðast við 1. júní)

Börn (10–18 ára)

Stakt skipti: 160 kr.*
10 skipti: 1.200 kr.
30 skipti: 3.400 kr.

*Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.



Sundlaug Stokkseyrar

Stjörnusteinum 1a, Stokkseyri
Sími: 480 3260

OPNUNARTÍMI:

Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí
Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30
Laugardaga 10:00 til 15:00
Sunnudaga lokað

• Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst
• Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00
• Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang.
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.

Skýrslur aðildarfélagas HSK:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa

Starfsárið hjá Hreppaköppum litaðist augljóslega mikið af Covid-19 eins og hjá flestum félögum og einstaklingum. Hreppakappar eru með reikningsárið 1. október – 30. september og gera þá yfirleitt árið upp fyrir áramót með aðalfundi. Í þetta skiptið dróst það vegna aðstæðna í samfélaginu. Aðalfundurinn var ekki haldinn fyrr en 2. mars. Þar var kosin nánast alveg ný stjórn. Sigurjón Snær Jónsson hélt sæti sínu sem formaður félagsins en með honum í stjórn eftir fundinn sitja Axel S. Arndal, Heimir Sigurðsson, Páll Orri Prastarson og Vilberg Tryggvason.

Hreppakappar voru samhlíða Vélhjólaiþróttaklúbbnum í Reykjavík með tvö þolakstursmót á árinu 2020 í Hrunamannahreppi. Seinna mótið var slegið af viku fyrir settan dag vegna sóttvarna. Gert er ráð fyrir að þessi tvö mót verði haldin á árinu 2021.

Golfklúbbur Ásatúns

Aðalfundur Golfklúbbs Ásatúns var haldinn að Sandhólum 10 Hrunamannahreppi 18. janúar 2020. Lagðir voru fram reikningar og stjórn kosin, ásamt venjulegum aðalfundarstörfum.

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Sigurjón Harðarson, formaður, Eiríkur Stefánsson, Edda Eðvaldsdóttir, Árni Söfussón, Edda Ólafsdóttir. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir. Endurskoðendur: Sighvatur Halldórsson og Hörður Sigurjónsson.

Golfklúbburinn Dalbúi

Árið 2020 verður eflaust lengi í minnum haft, þá sérstaklega vegna þess usla sem Covid-19 hefur valdið, bæði okkur hér á landi sem og heimsbyggðinni allri. Hins vegar hefur golfiþróttin sjaldan verið blómlegri. Helgast það að stórum hluta af þeirri ástæðu að flestir Íslendingar voru hérlandis megnið af árinu, og nutu margir þess að ferðast um landið okkar fagra. Kylfingar voru duglegir að heimsækja golfvelli á landsbyggðinni og fór GD ekki varhluta af því.

Fjöldi gesta sem skráðir voru í gestabókina 2020



Axel S. Arndal við æfingar í braut í Hrunamannahreppi sumarið 2020.

voru 3660. Þess ber þó að geta að gestabókin var fjarlægð þegar bylgja númer tvö af Covid bankaði upp á í sumar, og var það gert til þess að lágmarka alla snertifleti milli kylfinga. Það má því gera ráð fyrir að töluvert fleiri hafi spilað völinn en skráðir voru. Til samanburðar skráðu sig 2700 manns í gestabókina árið 2019, en einhver skekkjumörk liggja þar að baki líkt og þetta árið. Félagsmönnum fjölgaði lítillega á starfsárinu en fjölgunin var í kringum 5.5%. Félagsmenn telja í dag 114.

Golfmót sumarsins voru sex að þessu sinni og heppnuðust þau afar vel. Þátttaka í mótin var almennt góð.

Ýmsar breytingar áttu sér stað á völinum sumarið 2020. Helsta breytingin var á 1. braut en þar var rauði teigurinn færður neðar á brautinni. Hafi er vinna að nýju og betrumættu æfingasvæði. Þar verður t.d. hægt að æfa högg úr glömpum, stutta spilið, ásamt því að æfa eins og hingað til högg fyrir mismunandi fjarlægðir. Áfram verður þúttæfingasvæðið við hlið skálans. Núverandi æfingasvæði var vel nýtt af bæði félagsmönnum og öðrum kylfingum.

Golfklúbburinn fékk afar góða og vandaða umfjöllun í Klyfngi.is í sumar. Var það mjög ánægulegt og ekki loka fyrir það skotið að þessi umfjöllun hafi haft góðan auglýsingamátt því margir sem heimsóttu okkur í Miðdalinn höfðu á orði að þeir hefðu heyrt af golfvölinum á Klyfngi.

Aðalfundur GD 2020 var haldinn 26. nóvember. Stjórn Dalbúa var þannig skipuð á starfsárinu 2020:

Bryndís Scheving, formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Gísli B. Ívarsson, ritari, Hafþór B. Guðmundsson, meðstjórnandi, Ragnar Þórisson, varamaður og Helgi Einarsson, varamaður.

Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt upp á 35 ára afmæli sitt á árinu 2020. Ársins verður væntanlega minnst út af Covid 19 og þeim afleiðingum sem það hafði, en við getum þó ekki kvartað miðað við ýmsa aðra.

Lítil sem engin ferðalög voru til útlanda og frá maí til september var í meginatriðum unnt að leika golf á Selsvelli að uppfylltum skilyrðum. Veðrið var í heildina tekið gott og hefur umferð um völinn aldrei verið meiri, þátttaka í mótum sló fyrri met, talsverð fjölgun varð í klúbbum og félagsstarfið gekk vel.

Unglingakennslan hefur aldrei verið öflugri, góð þátttaka var á Vordegnum þó takmarka þyrfti samkomuhald, Meistaramótið og Réttarmótið sem og Bikarkeppnin tókust vel og var aðsókn góð. Líð okkar hélt sæti sínu í 3. deild, en þátttaka í öldungamóti féll niður í ár.

Völlurinn var í mjög góðu ástandi, mikið um framkvæmdir og pallurinn við golfskálann stækkaður. Unnt var að endurnýja mikilvæg tæki og sinna viðhaldi vélakosts. Fjárhagur golfklúbbsins er traustur, þökk sé miklu sjálfbærðisástarfi og ötulli vinnu við fjárflokkun. Aðalfundur GF verður haldinn 19. febrúar nk. og má finna allar nánari upplýsingar á heimasíðu klúbbsins á gfgolf.is.

Golfklúbburinn Geysir

Þetta síðasta starfsár, árið 2020 verður okkur eftirminnlegt. Heimsfaraldur skall á okkur fyrir um ári síðan og hefur sett allt okkar líf meira og minna úr skorðum. Faraldurinn hafði mis mikil áhrif á fólk og fyrirtæki og félagasamtök. Á okkar litla golfklúbb voru áhrifin lítil, þar sem að völluminn opnaði aldrei þetta sumarið, frekar en árin þar á undan, vegna ástands hans í framhaldi af vetrarskaða á flötum og brautum.

Aðalfundur er haldinn nú í febrúar 2021 fyrir starfsárið 2020, þótt lög klúbbsins kveði á um það, en er kannski eðlilegt í ljósi þess að stífar samkomutakmarkanir hafa verið í gildi allt þar til núna um miðjan janúar og vonum við að okkur fyrirgefist að hafa frestað fundi um einhverjar vikur.

Starfsárinu fyrir 2019 lauk og starfsárið 2020 hófst með aðalfundi GEY 2019 sem var haldinn 9. desember.

Stjórn félagsins skipa Pálmi Hlökkversson, formaður, Frimann Birgir Baldursson, ritari, Gunnar Skúlason, gjaldkeri, Hermann Marínó Maggýjarson, meðstjórnandi og Einar Tryggvason, meðstjórnandi.

Starfið á þessu ári var eðli málsins samkvæmt gjörólíkt því sem við eigum að venjast á venjulegu ári. Eins og í fyrra og árið þar áður lá fyrir að miklar skemmdir væru á völinum, þótt hann hefði náð töluverðum framförum frá fyrra ári. Hann var aldrei opnaður á árinu 2020 eins og til stóð en eigendur og rekstraraðilar unnu í því að bæta ástand vallarins og viðhalda því sem var í lagi.

Ásamt eigendum og rekstraraðilum, lagði klúbburinn til fræ og áburð til að styðja við það starf eins og árið áður. Stefnt er á opnun vallarins 2021. Völlurinn verður eðlilega ekki í toppstandi, en vonandi vel spilhæfur, ef veturinn fer ekki illa með.

Ekkert mótahald var á Haukadalsvelli þetta árið,



Það viðraði vel til golfiðkunar í sumar.



Krakkar með viðurkenningarskjöl að loknu golfnámskeiði hjá GHG með Einari Lyng golfkennara.

en eins og fyrr segir standa vonir til að völlurinn verði opnaður í vor og að við höldum a.m.k. meistaramót eins og venjan var þegar allt var eðlilegt.

Það voru vaskir menn sem fóru til Þorlákshafnar fyrir hönd klúbbsins og kepptu í sveitakeppni GSÍ. Einvaldurinn Edwin Rögnvaldsson valdi liðið og stýrði af röggsemi. Spilað var í 4. deild. Liðið átti erfitt uppdráttar og endaði við botninn, en bjargaði sér þó frá falli og spilar áfram í 4. deild næsta sumar.

Við í stjórn þökkum samstarfið á liðnu starfsári sem var um allt mjög sérstakt. Við vonum auðvitað til þess að þessu veiruástandi ljúki og lífið komist í eðlilegt horf. Eins vonum við að veðráttan fari vel með völlinn okkar í framtíðinni, þannig að starfið verði eitthvað nær því sem við þekkjum frá fyrri árum.

Golfklúbbur Hellsu

Aðalfundur Golfklúbbs Hellsu hefur ekki verið haldinn fyrir árið 2020 vegna COVID-19 verður hann haldinn um leið og fjöldatakmörkun verður hækkuð yfir 20 manns. Stjórn er því óbreytt. Óskar Pálsson, formaður, Einar Long, varaformaður, Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir, gjaldkeri, Bjarni Jóhannsson, ritari og Guðný Rósa Tómasdóttir, meðstjórnandi. Varamenn eru Gunnlaugur Karl Skúlason og Friðrik Sólvi Þórarinnsson.

Árið 2020 var öðruvísi en þau ár sem við höfum upplifað vegna COVID-19. Hætta þurfti við tvö stór opin mót í byrjun sumars sem hafa verið okkar helsta tekjulind. Við gátum samt sem áður verið með eitt GSÍ mót 25.-27. júní Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri þar mættu 12 sveitir til leiks.

Innanfélagsmót voru haldin eins hægt var og var þátttakan í þeim nokkuð góð.

Meistaramótið var dagana 8.-11. júlí, 21 kylfingar tóku þátt. Meistarar eru Andri Már Óskarsson og Guðný Rósa Tómasdóttir.

Holuþekkingin var einnig haldin eins og sl. ár þar sigraði Andri Már Óskarsson.

Andri Már stóð sig vel í sumar á mótariðinni hann var í 4. sæti á Íslandsmótinu sem haldið var í Mofellsbæ og var hann einu hoggvi frá því að lenda í 2. sæti. Þess má geta í framhaldi að Andri Már fór holi í hoggvi þann 6. júní á 13. braut hér á Strandarvelli það er í fyrsta skipti sem hann nær því.

Golfkennsla var í sumar að venju tvisvar sinnum í viku, kennari var Gylfi Birgir Sigurjónsson eins og sl. ár. Það voru 13 börn og unglingar sem mættu á þessar æfingar að jafnaði.

Félagar í klúbbum eru nú 136, úr Rangárþingi

ytra eru 41, Rangárþingi eystra 21 og 74 utan Rangárþings.

Í vetur í einhverju óveðrinu fauk sandur yfir nokkrar brautir, aðallega á 3. og 5. flatirnar. Þetta er eitthvað sem við höfum ekki séð áður og fór ansi mikill tími í að hreinsa þetta upp.

Völlurinn var að mestu leyti góður í sumar vallarstjóri var Jón Þórarinn Magnússon.

Golfklúbbur Hveragerðis

Starfsárið 2020 lítaðist mikið af heimsfaraldrinum og var ekki hægt að opna skála eins og til stóð en völlur opnaði fyrir almenning um mánaðamót apríl maí. Starfsemin var með óeðlilegum hætti í upphafi og svo komu tilslakanir frá sóttvarnaryfirvöldum sem gerðu það að verkum að við gátum opnað skálann að nýju.

Lítið var um mótahald en náðum við að halda úti okkar miðvikudags skalla og KFC mótarið, tókst hún í alla staði vel. Flott þáttataka varð síðan í Opna Kjörís, uppselt og komust færri að en vildu. Önnur mót féllu niður sökum ástands og ber þar að nefna VITA golfmótið sem varð mikil skráning í en þurftum frá að hverfa vegna hertra aðgerða stjórnvalda.

Barna og unglinganámsskeið voru á sínum stað ásamt æfingum fyrir börn unglinga og afrekskyllinga.

Mikil fjölgun var í klúbbum og var mikið spilað hjá okkur í sumar svo í endann var þetta heilt yfir nokkuð gott.

Golfklúbbur Kiðjabelgs

Í ár var stjórn Golfklúbbs Kiðjabelgs skipuð eftirtöldum. Börkur Arnviðarson, formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir, gjaldkeri og Jónas Kristinnsson, ritari. Meðstjórnendur eru Gunnar Þorláksson og Magnús Þór Haraldsson. Varamenn Ágúst Friðgeirsson og Jens Magnússon.

Fjöldi spilaðra hringja á völlum samkvæmt golf. ís var um 15.000 samanborið við 10.500 árið 2019 sem er um 40 % fleiri hringir en 2019.

Veturinn var völlum hliðhollur og kom hann vel undan. Vallarstjóri var Steinn Ólafsson og framkvæmdastjóri var Birkir Már Birgisson. Mjög miklar framkvæmdir fóru fram á völlum og við aðstöðu á svæðinu. Er talið að félagsmenn hafi lagt fram meira en 2.500 vinnustundir í sjálfbæðavinnu í sumar.

Mikið af stígum vallarins hafa verið endurbættir, aðstaða á æfingasvæðinu og í kringum skálann var endurbætt og svo var skálinn tengdur við hitaveitu.

Meistaramót GKB var haldið dagana 15. til 18. júlí. Akkúrat þessa daga sýndi veðrið á sér hið versta snið með miklu hvassviðri, þ.a. aflýsa þurfti öllum leikdögum nema þeim síðasta, þannig að einungis var spilað ein umferð í öllum flokkum nema meistaraflokki karla, sem spilaði tvo hringi á lokadeginum. Klúbbsmeistarar Golfklúbbs Kiðjabelgs 2020 voru krýndir Sturla Ómarsson í meistaraflokki karla og Brynhildur Sigursteinsdóttir í meistaraflokki kvenna. Alls voru þátttakendur í mótnu 84 og leikið var í 10 flokkum.

Mikið fjór var hjá kvennanefndinni eins og undanfarin ár með reglulega tíma á föstudögum og vegleg kvennamót.

Að venju skráði GKB 3 flokka til leiks í Íslandsmóti Golfklúbba, þar sem meistaraflokkur lék í 2. deild karla, Kvennasveit eldri kylfinga spilaði í 2 deild, og Karlasveit eldri kylfinga spilaði í 2 deild.

Meistaraflokkur karla spilaði á Akranesi og varði sæti sitt í deildinni. Kvennasveitin spilaði í Vestmannaeyjum og lenti í 2. sæti efir tap fyrir heimakomum. Ekki tókst að manna karlasveit eldri kylfinga í ár, og urðum við því miður að afboða okkur í mótið, sem þýðir að sveitin þarf að leika í 3. deild að ári.

Golfklúbbur Selfoss

Stjórn Golfklúbbs Selfoss árið 2019-2020 skipuð: Páll Sveinsson formaður, Bjarki Már Magnússon varaformaður, Svanur Bjarnason ritari, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Halldór Morthens meðstjórnandi, Ástfríður Sigurðardóttir meðstjórnandi og Vignir Egill Vigfússon meðstjórnandi. Stjórn fundaði 12 sinnum á árinu. Aðalfundur var fyrirhugaður 10. desember 2020 en stjórn ákvað á fundi 2. desember að fresta fundinum til næsta árs vegna samkomu takmarkana í kjölfar heimsfaraldurs.

Árið 2020 byrjaði sannarlega vel hjá Golfklúbbsi Selfoss. Eftir mikla vinnu við að reisa áhvalda- og aðstöðuhús klúbbsins við Svarfólsvægi, vinnu sem hafði staðið frá miðju sumri 2019 og yfir allt haustið, var glæsileg opnunarátt haldin þann 11. janúar. Þar mætti fjöldi manns sem fagnaði áfanganum með kossum og knúsum, enda mátti slíkt enn á þeim tíma! Í kjölfar opnunarinnar hófust æfingar barna og unglinga og einnig hófust æfingar og námskeið eldri félagsmanna sem Hlynur stýrði af myndarbrag. Þúttmótarið undir stjórn barna- og unglinganefndar hófst á sama tíma og var mætingin á mótariðina frábær, svo ekki sé meira sagt. Eldri kylfingar GOS, ELD-GOS, nýttu aðstöðuna vel á morgnana í þútt- og sveifluæfingum auk þess sem húsið var nýtt af eldri borgurum í Árborg. Strax á upphafsvikun hússins kom notagildið í ljós. Ekki einungis var um að ræða byltingarkennda æfingaaðstöðu, byltingarkennda vinnuaðstöðu fyrir vélar, tæki og töl klúbbsins heldur kom í ljós að þörfin fyrir félagsmiðstöð hafði sannarlega verið til staðar. Er óhætt að segja að með opnum aðstöðunni hafi klúbburinn stigið skref í átt þess sem vonandi koma skal í framtíðinni, að golfklúbburinn hafi yfir aðstöðu að ráða sem er allt í senn æfingaaðstaða, félagsaðstaða og aðstaða til mannfagnaða, fundahalds, skrifstofustarfa og fleira.

Eftir að starfið hafði farið á fullt skall heimsfaraldur Covid-19 á. Var það okkur í GOS mikið áfall, eins og öðrum íþróttafélögum á landinu sem og heimsbyggðinni allri. Varlega var farið í að ganga um aðstöðuna og er óhætt að fullyrða að það hafi





Sveit GOS sem vann 2. deildina á Akranesi og mun því spila í 1. deild árið 2021.

tekist vel. Vitaskuld hafði faraldurinn áhrif á rekstur klúbbsins en sem betur fer fékkst leyfi til að opna velli landsins að vori, kylfingum og lýðheilsu landans til heilla. Stór hópur yngri iðkenda, aðstandenda þeirra og félagsmanna hafði bókad æfingaferð á Novo St. Petri í vor en vitaskuld féll sú ferð niður. Stefnit er að næstu ferð við fyrsta tækifæri.

Hlynur Geir framkvæmdastjóri nýtti Covid tímabilið og vordagana til margra hluta en einn af þeim var breyting gamla áhaldakofans við þúttæfingasvæði. Af hreinum dugnaði og elju var sá kofi tekinn í gegn, ljótir gamlir gámar fjarlægðir og byggt við húsið, endurnýjað og klætt og það tekið í gagnið sem golfbílageymsla og golfsettagymsla yngri iðkenda. Mikil þrýði er af húsinu og framför frá því sem var.

Golfsumarið hófst svo af fullum krafti í maí og er óhætt að segja að völlurinn hafi nýst félagsmönnum vel ásamt því að aðsókn gesta á völinn varð strax mikil. Mjög hagstætt veðurfar í sumar ásamt þeirri staðreynd að fólk ferðaðist og golfaði eingöngu innanlands varð til þess að um metsumar var að ræða bæði varðandi fjölda leikinna hringja og tekjur af flatargjöldum. Góður völlurinn var í frábæru standi og á miðju sumri gátum við státað okkur af einum bestu flötum á landinu, slík voru gæðin í vinnu vallarstjóra og starfsmanna í sumar. Slíkt spyrst fljótt út og er alltaf ódýrasta og besta auglýsing sem hugsast getur. Klúbburinn lét gera stutt kynningarmyndbönd sem auglýstu völinn og aðstæður og var þeim dreift á samfélagsmiðla. Völlurinn fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum þannig að allt hjálpaðist að við að gera þetta að metári í rekstri klúbbsins.

Nýliðastarf hélt áfram að blómstra, barna- og unglingastarfið starfaði af miklum krafti og aukinn kraftur færðist í starf eldri kylfinga á árinu. Einnig var eftir því tekið hversu mikil fjölgun kvenna var í starfi klúbbsins og ber því að fagna.

Mótahald var öflugt í ár, innanfélagsmót og opin mót voru vel sótt sem og meistaramótið sem er hápunktur í starfi klúbbsins ár hvert. Skemmt er frá því að segja að mótið fór gríðarlega vel fram, metfjöldi þátttakenda var í mótinu á frábærum velli klúbbsins. Kynslóðaskipti eru að verða hjá afrekskylfingum klúbbsins, öflugt barna- og unglingastarf síðustu ára hefur skapað unga afrekskylfinga sem hafa

ýtt reynsluboltunum úr efstu sætumum. Því ber að sjálfsögðu að fagna, framtíðin er björt. Í þessu samhengi skal minnst á þann eftirtektarverða árangur að GOS átti hvorki fleiri né færri en átta þátttakendur á Íslandsmóti sem fram fór á velli GM í Mosfellsbæ í ágúst. Þar gerði Andri Már Óskarsson sér lítið fyrir og hafnaði í fjórða sæti, glæsilegur árangur. Karlasveit GOS náði svo besta árangri sínum á Íslandsmóti golfklúbba sem fram fór á velli Leynis Akranesi í júní. Strákarnir sýndu úr hverju þeir eru gerðir þegar þeir tryggðu sér sigur í 2. deild og þar með réttinn til að leika í 1. deild að ári, deild hinna bestu. Einnig er vert að benda á að Heiðrún Anna Hlynisdóttir sótti landsliðsverkefni á árinu og erum við í GOS verulega stolt af því að eiga landsliðsmann innan okkar raða.

Nýframkvæmdir á velli og svæði og vinnan við þær hafa ekki farið framhjá neinum í ár. Auk áhaldna og aðstöðuhúss var unnið hörðum höndum að uppbyggingu brautanna þriggja sem eiga að taka við af brautunum sem fara undir þjóðveg og brúarstæði eftir nokkur ár. Bílastæði var stækkað við skála enda ekki vanþörf á. Frekari framkvæmdir voru á aðstöðu- og æfingahúsi á haustdögum en þá voru settir í fleiri gluggar og aðstæður gerðar enn betri. Einnig var reist milliloft í áhaldahúsi en það milliloft eykur geymslupláss verulega.

Nýr golfhermir var keyptur í október en sú fjárfesting var svar við þeirri miklu ásókn sem var í herminn síðastliðinn vetur. Það er gott að sjá hve duglegir félagsmenn voru að nota herminn og ekki síður gott að sjá hversu vel hann nýttist í kennslu.

Enn er kórónaveiran að herja á heiminn og búa til nýjar áskoranir í starfi okkar í GOS. Sem betur fer sér þó vonandi fyrir endann á þeirri óværu og við kylfingar, sem og aðrir getum farið að lifa eðlilegu lífi án takmarkana og þrenginga. Við leggjum okkar á vogarskálarnar með því að fara í öllu eftir þeim reglum sem settar eru og er það upplifun okkar að félagsmenn séu vel samtaka í því.

Það er bjart framanundan. Auk verklegra framkvæmda sem halda áfram í vetur og á næsta ári og varða stækkun og endurbætur vallar og aðstöðu halda framtíðarverkefni okkar í GOS áfram að vera þau sömu og fyrri ár. Við höldum áfram að efla innviði starfsins, skapa enn öflugra barna- og unglingastarf, enn öflugra nýliðastarf, enn öflugra kvennastarf, enn

öflugra eldri kylfinga starf, enn öflugra afreksstarf og tryggja áframhaldandi fjölgun kylfinga ásamt kynningu á því frábæra starfi sem hér er unnið.

Golfklúbburinn Úthlíð

Þessi skýrsla er skrifuð í skugga Golfklúbburinn heimsfaraldurs vegna kórónuveirunnar. Að öllu jöfnu er aðalfundur GÚ haldinn í nóvember ár hvert, en vegna sóttvarnarráðstafana yfirvalda var ekki hægt að koma því við að þessu sinni. Við verðum að sjá til með aðalfund eftir því hvernig mál þróast næstu vikur og mánuði. Fyrir liggur að allir núverandi stjórnarmenn gefa kost á sér áfram þannig að ekki er ástæða til stjórnarkjörs nema fram komi óskir um slíkt. Að venju gerum við ráð fyrir að halda félagsfund um páskanna og verður hann boðaður þegar nær dregur.

Það jákvæða hins vegar að síðasta sumar var stærsta golfsumar sem komið hefur á Íslandi. Vegna ferðatakmarkana og aukins frítíma stórs hluta þjóðarinnar var ásókn í golf mikil og aldrei hefur verið spilað meira golf á Úthlíðarvelli og í sumar. Sérstaklega jókst spil þó fyrri hluta sumars og teygði sig lengur inn í haustið en undanfarið. Völlurinn var opin frá miðjum maí fram í miðjan október eða um fimm mánuði. Veðurfar var einnig ágætt, sérstaklega í haust.

Völlurinn kom ágætlega undan vetri og nýtt kal var ekki teljandi, þó voru sumstaðar ennþá einstaka kalblettir frá kalvetrinum mikla 2017/18 en þeir hurfu að mestu þegar leið á sumarið og í haust má segja að ekkert kal hafi verið í flötum. Að reka golfvöll á okkar breiddargráðu langt frá sjó er stundum á mörkum þess mögulega og einmitt þegar þetta er skrifað 1. desember er komin hláka ofan í mikinn snjó og síðan spáð miklum gaddi í marga daga. Þetta gæti orðið hættulegt ef að sveill myndast og nær ekki að taka upp innan þess tíma sem gras þolir súrefnisskort sem er um 100 dagar.

Hirðing vallarins gekk ágætlega, vallarstarfsmenn voru nokkuð fleiri en undanfarin ár. Nói Mar Jónsson, Marcin Piśkiewicz og Jón Þórðarson sáu um slátt. Einnig vann Daniel Jónsson á vellinum við afgreiðslu og önnur störf. Flatir voru slegnar daglega yfir hásumarið frá byrjun júlí fram í miðjan ágúst en 4-5 sinnum í viku þess utan. Brautir og teigar voru að jafnaði slegnar á mánudögum og föstudögum en á miðvikudögum voru teigar slegnir og svæðið í kring um flatirnar.

Vélakostur er þökkalegur núna. Þó þurftum við að berjast við bilanir í brautarslátturvélinni í haust. Við hirðingu eru nú aðallega notaðar þrjár slátturvélar, ein fyrir brautir, önnur fyrir flatir og sú þriðja fyrir röff. Fleiri tæki og tól eru notuð fyrir aðrir hirðingar. Við höfum fengið lánaða vél frá Dalbúum til að sá og verticutta flatir en hún er orðin gömul og mögulega kaupum við nýja slíka vél í félagi við þá.

Skráðir félagar í GÚ í bókum GSÍ eru núna 493. Skýrist þessi mikli fjöldi aðallega af tvennu. Í fyrsta lagi tók GÚ í sumar að sér að vera golfklúbbur starfsmanna Íslandsbanka, og í öðru lagi fjölgaði mikið svokölluðum aukafélögum, þ.e. félögum sem aðeins fá aðild að GSÍ í gegn um GÚ en hafa ekki spilarétt í vellinum. Fjöldi almennra félaga í GÚ stóð nokkuð í stað en þeir eru um 150 talsins. Þá keyptu að venju ýmis fyrirtæki og félagasamtök sem eiga sumariðs í Úthlíð og nágrenni kort á völinn fyrir dvalargesti.

Í byrjun árs tók GSÍ í notkun nýtt tölvukerfi fyrir golfklúbba sem er kallað golfbox. Notkun á því gekk til að byrja með nokkuð brösuglega en slípaðist þegar leið á. Einna erfiðast var að nota mótahlutann af



Klúbbmeistarar GÚ urðu Þorgerður Hafsteinsdóttir og Bjarki Þór Davíðsson.

kerfinu en Ólafur Sigurðsson formaður mótanefndar lagði á sig ómælt erfiði við að læra á kerfið með þeim árangri að þetta hafðist allt.

Annars voru mót sumarsins öll vel sótt og tókust vel. Fyrirtækið Margt Smátt var aðal styrktaraðili vormótins sem að venju var í byrjun júní. Mótið heiðraði minningu Halldórs Snorra Guðmundssonar og af því tilefni afhenti Sameyki, vinnustaður Dóra, Ljósinu 200.000 kr styrk sem Erna Magnúsdóttir tók við. Einnig fjölmenntu svokallaðir „Vinir Dóra“ á mótið en þeir hafa jafnan tekið þátt í því á hverju vori. Vormótið er ávallt punktakeppni í karla- og kvennaflokki og sigurvegarar núna voru Örn Þráinsson og Guðrún Harðardóttir.

Miðsumarmótið var fjölmennt að venju og tóku næstum 100 manns þátt. Leikið var Texas Scramble og sigurvegarar voru afafedgarnir Sveinn Sæland og sonarsonurinn Auðunn Sæland. Þess má geta að þeir ættliðir Sælanda tóku þátt í mótinu þar sem Axel Sæland keppti einnig.

Meistararmótið var haldið um miðjan júlí. Klúbbmeistarar urðu Bjarki Þór Davíðsson og Þorgerður Hafsteinsdóttir. Geirs goða mótið sigruðu Björn Guðjónsson sem fékk Geirs goða bikarinn til varðveislu og Krístrún Runólfssdóttir sem fékk Höllubikarinn.

Mótaröð hjóna- og parakeppninnar sigruðu Guðmundur Leifsson og Krístrún Runólfssdóttir, alls voru fjögur mót í röðinni í sumar. Þess má einnig geta að Krístrún fór holi í höggi á vellið í sumar, á sjöttu braut á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Sumrinu lauk með skemmtilegri bændaglímu þar sem bændurnir Vilmar Pétursson og Björn Þorfinnsson áttust við. Veðrið var reyndar með versta móti, hífandi rok og rigning á köflum en allir höfðu gaman af og um kvöldið var veisla þar sem Herbert Guðmundsson sá um að halda uppi stemmingunni.

Að lokum þökkum við öllum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu sem er að líða, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum og öðrum sem styrkt hafa klúbbinn.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2020 var þannig skipuð: Guðmundur Baldursson formaður, Magnús Ingvason varaformaður, Ingvar Jónsson ritari, Magnús Joachim Guðmundsson gjaldkeri, Óskar Logi Sigurðsson meðstjórnandi, Ásta Júlía Jónsdóttir og Óskar Gíslason varamenn.



Árið 2020 var afar sérstakt hjá Golfklúbbi Þorlákshafnar vegna þess ástands sem veirufaraldurinn olli, ýmsar takmarkanir og hömlur settu mikinn svip á starfið, en að sama skapi var árið okkur hagstætt að mörgu leiti. Mikil aðsókn var á völinn, meiri en áður hefur verið hjá okkur, en þær samkomutakmarkanir sem í gangi voru gerðu okkur verulega erfitt fyrir. Veðrið lék við okkur oft og tíðum og má skýra fjölgun heimsóknna m.a. vegna þess og einnig þess að þær takmarkanir sem í gangi voru beindu fólki að einhverju leiti til okkar. Með breyttum og betri velli hefur ásókn í að koma og leika Þorláksvöllum aukist verulega. Fjölgun spilaðra hringja síðasta sumar var um 76 % frá árinu á undan. Þorláksvöllur er sá golfvöllur sem einna lengst er opin árlega og ákveðin forrétindi að geta spilað á vellið að jafnaði sjö til átta mánuði á ári eða lengur. Þetta er nánast eini völlur landsins sem er með opið inn á sumargræn allt árið.

Starf sumarsins á golfvellið helgaðist mikið eins og undanfarin sumar, af þeim framkvæmdum og breytingum sem unnið er að, umhirðu vallarins ásamt því að taka á móti og sinna þeim sem komu og heimsóttu okkur.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um áramótin 369 félagar og 107 aukaaðilar samtals 476. Þetta er umtalsverð aukning á félagaöld milli ára.

Unglingastarfið í sumar var eins og áður í umsjá Ingvars Jónssonar PGA golfkennara. Gekk starfið mjög vel. Þjálfað var í þremur flokkum 1. – 3. bekk, 4. – 6. bekk og 7. bekk og eldri. Þátttakan og áhuginn í sumar var mikill og horfum við til þess að komast í innanhúss aðstöðu eins fljótt og hægt er til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann. Þetta er eina íþróttagreinin í sveitarfélaginu sem ekki hefur aðstöðu til æfinga og iðkunar þann tíma. Mikil ánægja var með æfingarnar bæði hjá foreldrum og iðkendum.

Kvennastarfið GP undir stjórn Ástu, Elínar og Valdísar gekk vel. Það var góður hópur kvenna sem spilaði reglulega saman allt sumarið.

Ingvar Jónsson sá um kennslumál fyrir klúbbinn og þar á meðal að leiðbeina bæði hópum og einstaklingum.

Mótahald á árinu var með minna móti þetta árið vegna þeirra takmarkana sem í gangi voru. Íslandsmót golfklúbba - 4. deild karla var haldið hér. Þar kepptu 11 sveitir og stóð okkar sveit sig mjög vel þó ekki kæmist hún upp um deild. Þó nokkur fyrirtækja- og klúbbamót voru haldin á árinu og heppnuðust þau yfirleitt mjög vel. Innanfélagsmót

voru sex talsins og voru þau með svipuðu sniði og árið áður.

Meistararnót GP var haldið í byrjun júlí, keppt var í fjórum flokkum karla og einum flokki kvenna. Þórður Jónsson varð klúbbmeistari karla og Svava Skúladóttir klúbbmeistari kvenna.

Aðalfundur GP vegna ársins 2020 var haldinn 27. janúar s.l. Fjárhagsleg afkoma á árinu var mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afkoma eftir afskriftir og fjármagnsliði var þökkaleg. Við getum verið sátt með árangurinn miðað við allar þær framkvæmdir sem unnið var að.

Stjórn GP þakkar starfsfólki, félögum og öllum öðrum fyrir ánægjulegt starfsár.

Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ fyrir árið 2019-2020 var haldinn 23. janúar 2021, óvenju seint vegna samkomutakmarkanna. Góða þátttaka var á fundinum en honum var streymt til félagsmanna.

Mikil aukning var í leiknum hringjum á Öndverðarnessvelli 2020 og voru leiknir hringir á bilinu 16-17.000.

Tekjur klúbbsins voru um 58 milljónir á rekstrarárinu borið saman við 56 árið áður. Rekstrargjöld voru alls um 52 milljónir og hagnaður eftir rekstrargjöld og fjármagnsliði því tæplega 5,5 milljónir.

Starfsmenn í fullu starfi eru Sveinn Steindórsson, framkvæmdarstjóri og Ólafur Dór Steindórsson, vallarstjóri.

Stjórn GÖ 2020 var skipuð eftirfarandi: Knútur G. Hauksson formaður, Guðmundur Pálmason varaformaður, Brynjar Stefánsson ritari, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Hannes Björnsson meðstjórnandi, Aðalsteinn Steinþórsson og Sigríður Björnsdóttir varamenn.

Hestamannafélagið Geysir

Aðalfundur Geysis var haldinn 25. febrúar í Rangárhöllinni við Hellu. Þar var Davíð Jónsson kosinn sem varaformaður, Magnús Lárusson og Alma Gulla Matthíasdóttir sem meðstjórnendur og Sigvaldi Lárus Guðmundsson og Eygló Arna Guðnadóttir sem varamenn. Aðrir í stjórn eru



2. braut á Öndverðarnessvelli sem heitir Réttin. Hún dregur nafn sitt af gamalli steinhlaðinni fjárrétt sem flötin er staðsett í.

Ólafur Þórisson formaður og Brynja Jóna Jónasdóttir gjaldkeri.

Starfsárið var að mörgu leiti óvenjulegt þar sem um miðjan vetur var öllum námskeiðum aflýst og keppnum frestað. Í staðinn var haldið sumarnámskeið fyrir börn og unglinga.

Stórt íþróttamót var haldið í lok maí og stórt Gæðingamót var haldið um miðjan júní. Meistaramót Íslands í gæðingakeppni var haldið um miðjan júlí og Áhugamannamót Íslands var haldið um miðjan júlí. Suðurlandsmótunum tveimur sem halda átti í ágúst var aflýst. Einnig var Íslandsmóti ungmenna og fullorðna aflýst en halda átti það á Rangárbökkum við Helli í ágúst.

Landsmóti hestamanna átti að halda á Rangárbökkum við Helli sumarið 2020 en því var frestað seinnipart vetrar og ákvörðun tekin að halda skuli Landsmót hestamanna sumarið 2022 í staðinn.

Nánast allt fræðslustarf hefur legið niðri en samt náðist að halda einn fyrirlestur í byrjun febrúar 2020.

Æskulýðsstarfið var ótrúlega öflugt þrátt fyrir allt og sumu frestað. Í staðinn fullt af sumarnámskeiðum, reiðtúr og fleiri viðburðum sem möguleiki var að halda á einhverjum tíma ársins 2020.

Heilmiklar reiðvegaframkvæmdir voru einnig framkvæmdar á árinu 2020.

Hestamannafélagið Háfeti

Aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar. Stjórn félagsins skipa Stefán Jónsson formaður, Katrín Hjálmarasdóttir gjaldkeri, Katrín Stefánsdóttir ritari, Guðmundur Þorkelsson meðstjórnandi og Svanur Gunnarsson meðstjórnandi.

Félagsstarfið var í lágmarki af eðlilegum ástæðum vegna Covid veirunnar. Engin mót voru haldin þetta árið, en farið var í kvenna- og karlareið.

Farið var í mikla viðgerð á félagsheimilinu sem var verulega farið að láta á sjá, skipt um þakjárn, skipt um glugga og hurð einnig tvær hliðar klæddar járn.

Löggöf var undirstaða að nýjum reiðvegi vestur með berginu en eftir er að setja yfirlagið á hann.

Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 26. maí 2020. Stjórn félagsins skipa Erla Björk Tryggvadóttir formaður, Cora Jovanna Claas gjaldkeri, Snævar Sigtryggsson meðstjórnandi, Ragna Helga-dóttir meðstjórnandi og Jónína Baldursdóttir ritari.

17. júní gleði var haldin í Hveragerði. Teymt var undir börnum. Félagsmenn komu með sína hesta og hjálma.

Sumarnámskeið Ljúfs var haldið hjá Eldhestum í samstarfi við Hveragerðisbæ. Alls mættu fimm hópar, hver hópur mætti í fimm skipti klukkutíma í senn. Í heildina komu 38 börn, kennari var Cora J. Claas, útskrifaður reiðkennari frá Hólum í Hjaltadal.

Firmakeppni Ljúfs var haldin í lok júlí á félagssvæði Ljúfs og var metfjöldi skráninga á mótinu á þessum áratug ef ekki frá aldamótum. Keppt var í teymdum polla-, polla-, barna- og unglingaflokkum ásamt eldri flokkum. Þátttakan var sérstaklega góð í pollaflokkum. Í samstarfi við Reiðskólann á Bjarnastöðum, var þeim börnum sem ekki höfðu hest til umráða, boðið að fá lánaðan hest til þess að geta tekið þátt. Grillveisla var í lok mótsins.

Í samstarfi við Reiðskólann á Bjarnastöðum, undir stjórn Coru J. Claas, reiðkennara var haldinn haustreiðskóli, þar sem börnin mættu einu sinni í viku í 120 mín í 9 vikur. 52 börn voru skráð á námskeiðið



Hopp- og leikjadagur hjá Geysi.

og þurfti þau ekki að mæta með neitt nema góða skapið. Hestar, reiðtygi og hjálmar voru á staðnum. Frístundabíllinn keyrði börnin frá Hveragerði til Bjarnastöða.

Það var komið af stað samstarfsverkefni Exmerkt, Reiðskólans á Bjarnastöðum og æskulýðsnefndar Ljúfs til að styrkja æskulýðsnefnd og hvetja knapa til félagsaðildar í Ljúf. Ákveðið var að bjóða upp á merktar peysur á mjög sanngjörnu verði og minna í leiðinni á að skrá sig í félagið. Yfir 50 peysur hafa rokið út og hefur nýliðun í gegnum þetta verkefni verið yfir 30 manns, sem er um 25 % aukning á heildarfjölda félagsmanna, þar af 29 börn, 19 börn af þeim sem fengu peysur voru nú þegar í félaginu.

Ljúfur hefur keypt aðgang að myndefni á Worldfengur.com fyrir alla félagsmenn sem viðbót við frían aðgang að WF.

Bókin "Heimur hestsins" sem er fróðleiksrit fyrir forvitna krakka var gefin út af Félagi hrossabænda & Landssambandi hestamannafélaga árið 2015. Ljúfur ákvað að senda bókina ásamt reiðvettlingum til allra Ljúfs barna 15 ára og yngri, þar sem ekki var hægt að bjóða upp á margmenna fræðslu í haust.



Haustreiðskólinn, sem haldinn var á Bjarnastöðum, vakti mikla lukku.

Hestamannafélagið Logi

Í janúar lok var aðalfundur haldinn á Skjóli í Bláskógabyggð og var Gústaf Loftsson kosinn nýr formaður. Einnig voru kosin ný í stjórn María Jónsdóttir, Kristján Traustason og Svavar Bjarnason.

Lítið var um samkomur útaf samkomutakmörkunum en það náðist að halda reiðnámskeið fyrir börn og byrjendur og voru þáttakendur um 60 talsins. Einnig stóð Logi að móti á Flúðum með Smára og Trausta.

LOGI



Hestamannafélagið Sleipnir

Starfsárið hófst með hefðbundnum hætti. Uppskeruhátíð

Æskulýðsnefndar félagsins var haldin 16. janúar. Þar voru kynnt þau námskeið sem í boði voru til vorsins sem og voru veittar viðurkenningar til bestu nemenda síðasta vetrar. Skráning á námskeiðum vetrarins hófst. Aðalfundur félagsins var haldinn 23. janúar og var með hefðbundnum hætti. Barna og unglinganámskeið hófst í síðustu viku janúar. Hefðbundin þórrareiðtúr félagsmanna var farinn 22. febrúar og var góð þátttaka að venju. Hefð er fyrir 4. vetrarmótum (innanfélagsmótum) Sleipnis á hverjum vetri og var fyrsta vetrarmótið haldið 6. feb. Upp úr miðjum mars skall svo Covid19 á af fullum þunga og var því sem eftir stóð vetrarmóta, sem og Páskamóti Sleipnis aflýst. Í garð gengu tilmæli stjórnvalda og hertar sóttvarnareglur og ákvað stjórn félagsins að aflýsa öllu félagsstarfi til að styðja við þær aðgerðir.

Er liðið var inn í maí hafði aðeins slaknað á reglum og var haldið lokað mót, Firmakeppni, þann 9. maí. Hefðbundinn kvennareiðtúr félagsins var farinn 16. maí. Takmarkanir voru á skráningu sökum Covid19 og ýmsar aðrar hömlur. Tókst þó með afbrigðum vel í blíðskaparveðri. Skeiðfélagið var með sína fyrstu skeiðleika af fimm þann 20. maí og fram til 21. ágúst fylgdu fjórir í kjölfarið. Miklar takmarkanir voru á þeim, engir áhorfendur né veitingasala eða önnur þjónusta. Einnig var haldið lokað íþróttamót dagana 22. – 24. maí, voru skráningar 146 og keppnisgreinar 10. Í kjölfarið fylgdi síðan Gæðingamót Sleipnis sem haldið var 5-7. júní, skráningar voru 61 og þar af 21 í barna og unglingaflokkum. Segja má að þátttaka og skráning hafi litast af Covid ástandinu. Farið var aðeins að rofa til í Covid og var ákveðið að fara hefðbundna sumarferð félagsmanna, þriggja daga ferð kring um 17. júní. Sökum takmarkana og sóttvarnareglu var fjöldi minni en venjulega eða 67 manns. Tókst





Yfirlistmynd af lokadegi Íslandsmóts barna og ungmenna 2020 á félagssvæði Sleipnis, Brávöllum á Selfossi.

ferðin með ágætum og var mikil ánægja af. Sleipnir sótti um að halda Íslandsmót barna og unglinga 2020 og fékk það. Lagt var í töluverðan kostnað og mikla vinnu við að undirbúa mótið, laga velli/plön/reiðhöll og félagsheimilið. Mótið var haldið dagana 18. – 21. júní. Skráningar í keppnisgreinar voru 247 en áætlað var að fylgjendur keppenda á mótinu hafi verið á bilinu 600-650 manns auk áhorfenda óskýlda keppendum. Mótinu var streymt af Alendis. Mótið tókst með miklum ágætum og var rétt að um að eitt best heppnað Íslandsmót í hestaiþróttum hefði verið að ræða, sérlega hvað varðaði aðstöðu, skipulag, aðbúnað og utanumhald mótsins. Einnig léku veðurguðirnir við okkur allan mótsímenn. Sumarskóli Sleipnis, reiðnámskið fyrir börn í Árborg / Flóahreppi sem ekki hafa aðgang að hestum eða búnaði, hófst að venju í júní og stóðu yfir fram í ágúst. Full skráning var og komust færri að en vildu. Eftir ótrúlegan árangur í vor og sumar skall svo önnur bylgja Covid á um miðjan september og fór þá allt á hliðina. Það sem eftir lifði árs var lítað af enn strangari takmörkunum, lokunum íþróttahúsa og æfinga innan sem utandyra. Í desember voru tveir félagsmenn Sleipnis útnefndir af LH. Þetta eru þær Ragnhildur Haraldsdóttir, sem íþróttaknapi ársins og Glódís Rún Sigurðardóttir, sem efnilegasti knapi ársins. Aðrir tilnefndir Sleipnisfélagar 2020 voru: Daníel Gunnarsson – Skeiðknapi, Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir – Efnilegasti, Sigursteinn Sumarliðason – Skeiðknapi. Þá er nú lokið yfirferð um starf Hestamannafélagsins Sleipnis á starfsárinu 2020 Félagsmenn í Sleipni voru í árslok 2020 alls 593 eða um +5.0 % af íbúafjölda Árborgar og Flóahrepps (félagssvæðis Sleipnis).

Hestamannafélagið Smári

Starfandi stjórn: Bragi Viðar Gunnarsson, formaður, Hörður Úlfarsson, gjaldkeri, Ragnheiður Hallgrímsdóttir, ritari, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Jón William Bjarkarsson, meðstjórnendur. Síðasti aðalfundur var haldinn 27. janúar 2020.



Hestamannafélagið Smári hefur átti gott starf á árinu 2020 miðað við að heimsfaraldur dundi yfir okkur öll. Það náðist að halda vetrarleika og halda námskeið en með þó nokkrum takmörkunum. Stærsti viðburður félagsins var Gæðingamótið okkar. Það var unnið í samstarfi við hestamannafélögin Loga og Trausta og gekk starfið prýðilega. Skráningar

og þátttaka mótsins mjög góðar og ríkir almenn ánægja með mótið.

Æskulýðsstarfið okkar hefur einnig verið unnið í samstarfi við hestamannafélögin Loga og Trausta. Það náðist að halda örfá námskeið fyrir krakkana okkar, en ferðum og hittingum var frestað. Hins vegar fer starfið vel af stað í vetur og þátttaka verið góð á námskeiðum.

Við eigum unga og efnilega knapa sem taka þátt meðal annars í Hæfileikamótun LH og erum við afar stolt af okkar æskulýðsstarfi.

Það liggur fyrir það verkefni að sameina okkar hestamannafélag með Loga og Trausta á árinu 2021. Sú vinnsla er í höndum sameiningarnefndar sem sér um málið. Þetta verður síðan lagt fyrir á næsta aðalfundi, en hann hefur ekki verið haldinn enn þá vegna fjöldatakmarkanna. Einnig stefnum við að því að halda Gæðingamótið okkar aftur í sumar, en það hefur náð að festa sig í sessi á keppnistímabilinu.

Miðað við fjöldatakmarkanir og sóttvarnir hefur stjórn Hestamannafélagsins Smára, ásamt fólki í æskulýðsnefnd gengið vel að halda út starfi á þessum erfiðu tímum. Af því erum við stolt og höldum áfram með gott starf.



Sólun Morthens situr Katalínu frá Hafnarfirði á Opna Gæðingamótinu á Flúðum.

Íþróttafélagið Dímon

Ekki er frá mörgu að segja frá liðnu ári, 2020, enda lá nær allt mótahald og íþróttæfingar að miklu leiti niðri vegna covid-faraldursins. Starfið fór þó af stað með fullum krafti í janúar og febrúar en í mars og apríl



lágu æfingar að mestu niðri. Sumarið var ágætt og leikjanámskeið vel sótt sem og frjálsíþróttæfingar. Markmiðið þegar farið var aftur af stað með sumaræfingar í frjálsum var að stefna á landsmót en það gengur bara næst. Hefðbundið vetrarstarf í 8 íþróttagreinum hófst svo í ágúst og gekk vel fram í byrjun október þegar aftur þurfti að leggja árar í bát út nóvembermánuð. Þrátt fyrir þetta allt höfum við í Dímon verið ákaflega ánægð bæði með samstarfið innan okkar sveitarfélags um íþróttastarfið, ekki síst samfellu í skóla- og íþróttastarfi og samheldni í ákvarðanatöku við erfiðar aðstæður. Í sumar unnu starfsmenn sveitarfélagsins einnig í endurbótum á frjálsíþróttavellinum sem ber að þakka. Sérstaklega erum þó við þakklát fyrir þann góða þjálfarahóp sem við höfum og þá fjölbreytni sem okkur hefur tekist að bjóða upp á gegnum tíðina. Sem stendur biður félagið upp á æfingar í: badminton, borðtennis, blaki, frjálsum, fimleikum, glímu, körfubolta og sundi, auk leikjanámskeiðanna á sumrin.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps 2020

var haldinn 25. febrúar að

Laugalandi í Holtum. Þær

breytingar urðu á stjórn

félagsins að Jóhanna

HLöðversdóttir lét af

störfum og gekk Nanna Jónsdóttir í stjórn. Stjórn

Garps skipa Nanna Jónsdóttir formaður, Friðgerður

Guðnadóttir gjaldkeri og Árni Pálsson ritari. Aðrir

meðlimir stjórnar eru Guðný Salvör Hannesdóttir

varamaður og Árbjörg Sunna Markúsdóttir sem

fulltrúi yngri iðkenda.

Árið fór af stað með hefðbundnum hætti þar til COVID-19 skall á. Æfingar og keppni urðu með hléum. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, körfubolta, borðtennis og sundi. Þjálfarar Garps eru Ástþór Jón Ragnheiðarson og Gunnlaugur Friðberg Margrétarson í frjálsum íþróttum, Sóley Margeirsdóttir með sund, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson með borðtennis og Anita Ólöf Jónsdóttir með körfubolta. Æfingar í frjálsum íþróttum eru í samstarfi við ungmennafélagið Heklu að mestu leiti og voru þær haldnar á Hellu yfir sumarið og var þátttakan góð. Nýmæli var að boðið var upp á æfingar á dagskólatíma fyrir yngstu iðkendurnar einu sinni í viku á haustmánuðum, við góðar viðtökur. Um haustið voru einnig tekin upp skráningargjöld og innleitt skráningar- og umsýslukerfið Nóra í gegnum HSK aðgang.

Mikil röskun var á starfinu vegna COVID-19 en félagið hélt úti að hluta frjálsíþróttæfingum í samstarfi við Heklu í fjarkennslu með ágættri þátttöku þegar ekki var heimilt að hafa hefðbundnar æfingar. Sótt voru á árinu borðtennis- og frjálsíþróttamót, þátttakendur og þjálfarar voru félaginu til fyrirmyndar og árangurinn mjög góður.

Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu og eru honum færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt.

Árið litaðist af fordæmalausum tímum en þrátt fyrir það viðburðaríkt og skemmtilegt.

Íþróttafélagið Gnýr

Stjórn íþróttafélagsins Gnýs skipa: María K. Jacobsen, formaður, Leifur Þór Ragnarsson varaformaður og Valgeir F. Backman gjaldkeri og ritari.



Boccia var æft tvisvar í viku á meðan hægt var og fyrir mót sem ekki varð í mars 2020 og því miður varð sama uppá teningnum 2021 en það eru bjartari tímar framundan.

2020 var árið sem við horfðum inná við og kynntumst betur okkur sjálfum og hvert öðru öðruvísi. Við fórum í göngutúra með góðu millibili og töluðum meira saman um hluti sem skiptu máli. Við töluðum um líðan, áskoranir og framtíð. Árið 2020 áttum við Sólheimar 90 ára afmæli og mikið skipulag og væntingar um rosalegt ár, eitthvað pínulítið kom í veg fyrir það. Í janúar sýndum við samstöðu með flóttamönnum og þá sérstaklega með þeim sem misstu lífið á flóttta, margir bjuggu til báta úr pappír og svo var myndataka með bátunum og stuðningfyrirlesing. „Fullkomnlega ófullkomið“ sýning Lísu Sögu. Einstök verk og falleg sem voru þó gölluð sem gerði þau fullkomnlega ófullkomin! Í febrúar „Miljarður rís“ Guðjón Gísli „DJ.GG“ stjórnaði dansi í Grænu könnunni gegn stafrænu ofbeldi héldum uppá Skátamessu og konudaginn. Þann 25. febrúar lést Ragnar Bjarnason, 85 ára að aldri. Raggi var stórvinnur Sólheima. Kór Menntaskólans á Laugarvatni var með tónleika í Sólheimakirkju. Netleikhús Sólheima hófst og leikritum streymt í stað venjulegs leikárs, með æfingum og sýningum.

Covidálfurinn svokallaði fór á kreik og skildi eftir óvæntar gjafir hjá einangruðum íbúum, Berit sjálfboðaliði bjargaði geðheilsu margra með þessu stórskemmtilega uppátæki. Skildi eftir litlar gjafir, fallegar orðsendingar og álfar á ferð. Menningarveisla og afmælishátið hófst og stóð í tvo mánuði. Íslendingar ferðuðust innanlands og við getum fullyrt að gestaþöldi fór fram úr öllum væntingum. Tónleikar voru alla laugardaga með einstökum listamönnum eins og Jón Svavar og Guðrúnu, Árstíðir, Góss, Unnur Birna og Björn Thoroddsen, Gréta Salome og lokatónleika fyrir lokun voru þeir félagar okkar í Dos Sardinias. 1. ágúst var öllu lokað en þá áttu Friða Dís, Minningartónleikar Ragga Bjarna. Salka Sól og Jónas Sig eftir að stíga á stökk. Þann 18. júní fór Reynir Pétur



Núverandi stjórn Hamars ásamt framkvæmdastjóra, f.v. Laufey, Sandra, Þórhallur, Dagrún, Íris og Ágúst.

aftur í hringferð um landið en núna á rafmagnsbíl með Ingólfi Stefánsyni, þeir félagar komu við á mörgum stöðum og þar vildi Reynir þakka fyrir sig. Gaman var að fylgjast með þeim félögum. Reynir gaf út geisladiskinn Ribbiribbirei. Þann 5. júlí var afmælishátið Sólheima, heiðursgestir voru forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid. Hringbraut tók upp afmælið og sýndi tvo þætti.

Bókabúð Gulla formlega opnuð, pósthús og notaðir hlutir fá nýtt líf í loppumarkaði.

27. sept Sólheimahlaupið og framfarabíkar Frískra flóamanna hlaut Kristján Atli Sævarsson. Sigaði með yfirburðum bikarinn góða fyrir miklar framfarir, seiglu og kraft á gönguæfingum.

List án landamæra; Sýningar Erla Björk Sigmundsdóttir og Pálína Erlendsdóttir í Hveragerði og Elfa Björk Jónsdóttir í Galleri Gróttu Kópavogi. Jólamarkaður Sólheima í kringlunni, markaðurinn gekk vonum framar þrátt fyrir allt. Með sól í hjarta og tilhlökkun um að hitta ykkur öll aftur sem allra fyrst.

Íþróttafélagið Hamar

Starfandi í aðalstjórn frá aðalfundi sem haldinn var 16. febrúar 2020: Þórhallur Einisson formaður, Íris Brá Svavarsdóttir gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari, Ágúst Örlaugur Magnússon og Laufey Sif Lárusdóttir meðstjórnendur.



Árið 2020 byrjaði nokkuð vel þar sem allar deildir héldu úti æfingum eins og vant var. Meistaraflokkar kepptu og æfðu af krafti og barna- og unglingastarf blómstraði. Fljótlega fengu þó allir stórt verkefni í hendurnar og þurftu allir að leggjast á eitt að finna lausnir á áður óreyndum leiðum til að halda úti starfi. Allar deildir kepptust við að halda börnum og unglingum uppteknum við heimaæfingar á meðan stór hluti barna í Grunnskólanum sættu sóttkví og á meðan ekki var leyft að safnast saman á æfingum.

Vorið leið og létti þónokkuð á boðum og bönnum en þegar sól hækkaði á lofti fór stór hluti starfsseminnar fram undir berum himni og sjaldan höfum við verið jafn þakklát fyrir sumarið á Íslandi. Eitthvað var um mót og keppnir sem hægt var að taka þátt í en engan veginn til jafns við önnur ár. Til að koma til móts við iðkendur héldu deildir skipulögðu starfi sínu áfram inni sumarið sem alla jafna fara í frí um miðjan maí.

Haustið einkenndist af bjartsýni þrátt fyrir möguleika um boð og bönn vegna veirunnar og varð raunin sú að venjubundið starf var lagt niður um tíma. En allar deildir höfðu þá skólast vel til í fjaræfingum frá vori og stóðu þjálfarar og stjórnendur deilda sig með þryði við að halda öllum við efnið.

Á árinu hefur aðalstjórn og framkvæmdastjóri unnið mikið í innviðum félagsins og mótun stefnu til næstu ára. Í fyrsta skiptið var gerð þjónustukönnun til foreldra barna sem stunda íþróttir hjá félaginu í samstarfi við Grunnskólann í Hveragerði og Hveragerðisbæ. Vonir eru bundnar við að með þeim hætti er hægt að nálgast foreldra betur og fá ómetanlegar upplýsingar um líðan barna og unglinga hjá Hamri meðal annars. Ætlunin er að gera könnun sem þessa á hverju ári til að meta hvernig við stöndum okkur gagnvart okkar skjólstæðingum.

Við í Hamri enduðum svo árið með von í hjarta um betri tíma og setjum fókussinn á að bæta enn betur upplifun þeirra sem stunda íþróttir hjá félaginu.



Guðlaug Jónatansdóttir og Leifur Þór Ragnarsson á góðri stundu á íþróttavellinum.

Íþróttafélagið Milan

Stjórn IF Milan árið 2020 var þannig skipuð: Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Sigurþór Þórðarson, ritari og Örn Þrastarson, varaformaður.



Aðalfundur félagsins sem yfirleitt fer fram að vori var færður aftur til 16. september. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og voru því endurkjörnir. Starfsemi félagsins litaðist mikið af áhrifum covid19 enda voru æfingar fullorðinna bannaðar mestan hluta ársins. IF Milan spilaði tímabilið 2019-2020 í utandeild HSÍ með góðum árangri. Sex lið voru skráð til leiks og tókst liðinu að vinna deildina með yfirburðum og varð í fyrsta sinn Íslandsmeistari utandeildar. Bikarinn kom því yfir brúna og voru mikil en fámenn fagnaðarlæti á Pylsuvagnsplaninu. Félagið æfði einu sinni í viku fram í febrúar en líkt og önnur félög þurfti að hætta æfingum þann veturinn v. covid. Æfingar hófust aftur í september og náðust nokkrar æfingar áður en skellt var aftur í lás og æfingar fullorðinna bannaðar á ný.



Milan varð Íslandsmeistari utandeildarliða árið 2020.

Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins fór fram þann 3. febrúar 2020. Stjórnendur félagsins eru Sigurður Heiðar Guðjónsson og Bjarni Sigurðsson. Í hverri viku halda formenn íþróttatíma fjórum sinnum í viku, mánudaga til fimmtudaga, fyrir nemendur skólans þar sem keppt er og leikið sér í allskyns íþróttum og hreyfingu. Einnig er einu sinni í mánuði haldin keppni í ákveðinni íþrótt á milli bekkja skólans. Íþróttformenn félagsins bjuggu til íþróttabraut á dagamun sem er keppni þar sem nemendum skólans er skipt niður í lið og keppast um að safna stigum yfir daginn. Íþróttabrautir er loka þrautin, í þrautinni voru margar þrautir en á meðal annars var húlla hringja kast, hitta í skotmark með fótbolta og kaðall.



Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. maí 2020. Sigrún Elfa Reynisdóttir og Katrín Ýr Friðgeirsdóttir gengu úr stjórn en enginn bauð sig. Aðrir gáfu áfram kost á sér og var klappað fyrir þeim. Vilhelmina S. Smáradóttir, formaður, Aðalbjörg Skúladóttir, gjaldkeri og María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi. Verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi árangur. Sigríður Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra 2020 og Bjarni Friðrik Ófeigsson var kjörinn íþróttamaður Suðra 2020.



Þjálfari í sundi 2020 var Magnús Tryggvason og voru æfingar samhlíða sunddeild UMFS. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku, á mánudögum og miðvikudögum. Ekki var farið á nein mót á þessu ári.

Boccia er vinsælasta íþróttagrein Suðra með marga iðkendur. Þjálfarar í boccia 2020 voru Ófeigur Ágúst Leifsson, María Sigurjónsdóttir og Jónína Ósk Ingólfssdóttir.

Þrettánda árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Góð þátttaka og bætingar voru á þessu námskeiði.

Aðsókn í lyftingar 2020 hafa verið góðar og hélt þjálfari út æfingum á haustdögum þ.e. gönguferðum þar sem þeir sem mættir voru sendu inn skemmtilegar ljósmyndir á facebooksíðu félagsins. Þjálfari var Örvar Arnarson.

Haldið var áfram með taekwondo æfingar í samstarfi við UMFS og sá Sigurjón Bergur Eiríksson (3-Dan) um þjálfun og æfingar voru tvisvar í viku.

Tveir iðkendur Suðra stunduðu æfingar tvisvar í viku hjá Íþróttafélagi Ármanns í Reykjavík og þjálfari þeirra þar var Kári Jónsson. Þær eru einnig í afrekshópi ÍF í frjálsum og hafa stundað námskeið og æfingar á þeirra vegum sem var þó öllum aflýst árið 2020 ásamt 2 vikna æfingaferð sem átti að fara í apríl 2020.

Suðri átti þátttakendur á Íslandsmóti ÍF innanhúss sem haldið var í Kaplakrika, Íslandsmóti ÍF utanhúss sem haldið var á Akureyri ásamt nokkrum félagsmótum sem haldin voru í Reykjavík.

Í mars 2020 fór Sigríður Sigurjónsdóttir frá Suðra ásamt aðstoðarkonu til Ohio í Bandaríkjunum og keppti á Arnold Classic og stóð sig mjög og landaði 3. sætinu.

Heimsmeistaramóti fatlaðra í aflraunum var aflýst en halda átti það í Berlín.

Einnig keppti hún í aflraunum í desember 2020 og vann þar titilinn Sterkasta fatlaða kona Íslands og

önnur sterkasta fatlaða kona heims í sínum flokki. Með þessum árangri vann hún sér inn keppnisrétt á Arnold Classic og á Heimsmeistaramóti fatlaðra í aflraunum en ekki eru komnar dagsetningar á þessar keppni.

Félagar sem iðka íþróttir hjá Suðra eru um 50 talsins og er alltaf að fjölga, íþróttagreinar sem stundaðar eru 6 – 7 á ári.

Áfram erum við í góðu samstarfi við UMFS og tókum eitt skref í viðbót í því þegar gerðar voru þær breytingar að íþróttagalli Suðra er sá sami og UMFS en merktur báðum íþróttafélögum.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til þess að kynna sér starfsemi Suðra og taka þátt í þessu frábæra starfi sem þar fer fram. Ásamt því sem okkar iðkendur eru að efla hreyfifærni sína, þol og þrek með markvissri þátttöku þá eykst jafnframt félagsfærni og sjálfstraust með æfingum og keppni við jafningja hjá öllum enda skemmtilegur félagskapur og aldurstakmark ekkert.



Keppendur Suðra í kvennaflokki á héraðsmóti fatlaðra í golfi.

Íþróttafélag Uppsveita

Stofnfundur Íþróttafélags Uppsveita var haldinn 29. október 2019 og var þar kosið í stjórn. Sólmundur M. Sigurðarson er formaður. Gísli Þ. Brynjarsson varaformaður (og framkvæmdastjóri), Matthías Bjarnason gjaldkeri og meðstjórnendur eru Jón Ó. Jóhannesson og Anthony K. Flores.



Öll störf í kringum félagið eru sjálfböðuðunin að þjálfurum undanskildum. Íþróttafélagið er hugsað sem tækifæri fyrir iðkendur í Uppsveitum að stunda og keppa sína íþrótt með samsveitungum fyrir hönd Uppsveita Árnessýslu. Aðeins er starfrækt knattspyrnudeild eins og er og boðið er upp á æfingar og keppni fyrir 7. - 3. flokk og meistaraflokk karla í samstarfi við Ungmennafélög Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiðamanna, Laugdæla og Hvatar.

Í sumar var boðið upp á æfingar á Flúðum og Borg og í Reykholti, Árnesi og Brautarholti. Tvær æfingar í viku á hverjum stað fyrir iðkendur frá aldrinum 6 til 15 ára. Þjálfarar voru Gústaf Sæland, Sólmundur M. Sigurðarson, Máni S. Benediktsson og Matthías Bjarnason. Iðkendur voru 71 þar af 61 strákur og 10 stelpur. Farið var með 6. og 7. flokk á Páskamót Hamars, Set-mótið Selfossi, Extra-mót Fjölhis og Vismót Þróttar en á síðastnefnda mótnu hlaut lið 7. flokks Háttvísiverðlaun mótsins.

5. flokkur fór á N1 mótið á Akureyri og hlutu þar háttvísiverðlaun mótsins. Fleiri mót voru á dagskrá síðar um sumarið en féllu þau niður v. Covid-19 faraldursins. 3. flokkur fékk svo að leika listir sínar í Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem fimm lið kepptu um Voga Ídýfubikarinn í 8-manna bolta. Okkar menn höfnuðu í 3. sæti og fóru sáttir heim.

Meistaraflokkur Uppsveita steig sín fyrstu skref á árinu. Elvar Már Svansson þjálfaði liðið á undirbúningstímabilinu sem var lengra en vant er sökum samkomubanna milli leikja. Liðið keppti þó á vetrarmóti Ísbjarnarins og uppskar 6 stig í 5 leikjum. Einn leikur var ekki kláraður á því móti vegna reiðikasts þjálfara mótherjanna en leikmenn Uppsveita nálgðust málið af yfirvegun og háttvísi en það eru orð sem einkenndu Uppsveitir í flestum verkefnum og aldursflokkum í sumar. Liðið keppti í Lengjubikar og Mjólurbikarnum en uppskáru ekki sigra í þeim keppnum. Tefit var fram liðið á Íslandsmóti KSÍ og var lið Uppsveita dregið í A-riðil 4. deildar með liðum frá Höfuðborgarsvæðinu, Vestmannaeyjum og Grindavík. Fyrsti sigurinn kom í fyrsta leik gegn Ými á Versalavelli í Kópavogi 1-3. Fyrir fyrsta heimaliekin var Flúðavöllur vígður af Sr. Óskari H. Óskarssyni í Hruna en 1-2 tap var niðurstaðan gegn Vatnaliljum. Fyrsti heimasigurinn kom svo í næsta leik gegn Afríku 1-0. Eftir 10 leiki var skipt um þjálfara og Héðinn Harðarson stýrði liðinu síðustu 4 leikina og uppskar sigur gegn Grindvíkingum 2-1 á Flúðum og 3-3 jafntefli gegn Vatnaliljum í Fagralundi, Kópavogi. 34 leikmenn spiluðu með meistaraflokknum og var meðalaldurinn 23 ár. Máni S. Benediktsson var markahæstur á Íslandsmóti með 7 mörk og Kristján V. Sigurjónsson var valinn besti leikmaðurinn á lokahófi sem haldið var í Úthlið 3. október 2020.

Sólmundur M. Sigurðarson sótti 98. héraðsþing HSK þar sem félagið var samþykkt og innleitt í Héraðssambandið.

Það er hægara sagt en gert að stofna íþróttafélag í miðjum heimsfaraldri og viljum við þakka styrktaraðilum, sveitarfélögum Bláskógabyggðar, Hrunamanna, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes- og Grafingshrepps sem og öllum sjálfböðaliðum og foreldrum iðkenda fyrir stuðninginn á síðastliðnu ári.



Sr. Óskar H. Óskarsson vígði Flúðavöll og blessaði liðið fyrir komandi átök 25. júní 2020.

Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins fór fram á ZOOM þann 15. október 2020. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á milli ára. Eftirtaldir skipa stjórn Knattspyrnufélags Árborgar: Hafþór Theodórsson forseti, Sigurður Sigurðarsson, framkvæmdastjóri og gjaldkeri, Eiríkur Sigmarsson stjórnarmaður.



Stjórn Árborgar ætlar að leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu í kringum unga leikmenn á Suðurlandi. Það á viðhalda þeirri umgjörð sem hefur einkennt félagið síðustu ár. Við horfum björtum augum á framtíðina hvað varðar aðstöðu félagsins.

Fyrir tímabilið 2020 þá voru teknir inn nýir menn í teymið hjá okkur. Eiríkur Raphael Elvy tók við sem aðalþjálfari, Sindri Rúnarsson kom nýr inn sem aðstoðarþjálfari og Huguín Vignisdóttir var áfram sem sálfræðingur.

Í byrjun árs var tekið þátt í Fótþolli.net mótnu þar sem Árborg lenti í 3. sæti í sínum riðli.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var upp á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubikarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Lengjubikarinn litaðist hins vegar af Covid 19 og náðist aðeins að spila einn leik þar sem Árborg fór með 2-0 sigur af hólmi gegn KFS.



Lið Knattspyrnufélagsins Árborgar 2020.

Árið 2020 stefndi í mikið bikarævintýri. Í 1. umferð mætti Árborg liði Augnabliks. Sá leikur vannst eftir vítaspyrnukeppni. Í 2. umferð voru svo mótherjarnir Njarðvík. Sá leikur vannst einnig eftir vítaspyrnukeppni. Í 3. umferð var svo haldið í Mosfellsbæinn og att kappi gegn Aftureldingu. Þar var við ramman reip að draga og að lokum tapaði Árborg 3-0. Árborg fór mjög vel af stað Íslandsmótnu þar sem liðið náði í fimm sigra og tvö jafntefli í fyrstu sjö leikjunum. Vorum í baráttu um sæti í úrslitakeppni en úrslit í nokkrum leikjum féllu ekki okkar megin. Það fór svo að við lentum í þriðja sæti annað árið í röð og komust þar af leiðandi ekki í úrslitakeppni.

Langstærsta fjárfloflun félagsins er umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Hátíðinni var aflýst vegna COVID-19 og það setti alvarlegt strik í reikninginn fyrir rekstur félagsins. Árborg hefur ekki átt rétt á neinum „björgunaraðgerðum“ frá hinu opinbera, þar sem félagið er ekki með yngri flokka starf.

Á lokahófi félagsins var öflugur Aron Freyr Margeirsson kosinn leikmaður ársins, Magnús Viktorsson var markakóngur félagsins. Bjartasta vonin var hinn efnilegi markvörður okkar Gabriel Werner Guðmundsson. Þjálfarateymið var einnig heiðrað fyrir góð störf og mun Eiríkur Raphael Elvy þjálfari liðið 2021.



Leikmenn KFR fagna marki gegn Stokkseyri.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldinn 4. mars 2020 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Hulda Dóra Eysteinsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa átta reynslumiklir þjálfarar. Yfirþjálfari félagsins er Ólafur Örn Oddsson og aðrir þjálfarar voru á árinu Yngvi Karl Jónsson, Helgi Jens Hlíðdal, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Lárus Viðar Stefánsson, Sandra Sif og Fanney Úlfarsdætur, Gunnlaugur Friðberg Margrétarson.

Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 4. deild á tímabilinu en þjálfarar þeirra voru Ellert Geir Ingvason aðalþjálfari og Hjörvar Sigurðarson aðstoðarþjálfari.

Iðkendafjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 190 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitarfélögum. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitarfélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í



peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitarfélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Það verkefni hélt áfram árið 2020.

Iðkendur yngri flokka fóru á nokkur mót á starfsárinu þrátt fyrir ýmsar hamlanir í tengslum við Covid-19. Það náðist ekki að klára Faxaflóamót en Íslandsmóti náðist að mestu leyti að ljúka. KFR var í starfstarfi við elstu flokka Selfoss, Hamars, Ægis og Sindra þar sem iðkendafjöldi er takmarkaður.

Hæfileikamót KSÍ og N1 fór fram í september á árinu þar sem 66 leikmenn frá 26 félögum æfðu saman. Bjarni Þorvaldsson var valinn í hópinn frá KFR.

Starfsár KFR endar yfirleitt með uppskeruhátið yngri flokka en vegna aðstæðna og fjöldatakmarkana var engin uppskeruhátið haldin þetta árið.

Knattspyrnufélagið Ægis

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. nóvember 2020. Aðalstjórn félagsins skipa: Guðbjartur Örn Einarsson formaður og gjaldkeri, Anna Berglind Júlísdóttir ritari og Sigríður Lára Ásbergisdóttir, Lárus Arnar Guðmundsson og Jón Reynir Sveinsson meðstjórnendur. Yfirþjálfari félagsins: Arnar Logi Sveinsson.



Knattspyrnuárið 2020 var vægast sagt erfið vegna Covid og hafði bæði áhrif á keppni og rekstur félagsins. Hér er tæpt á því helsta.

Starfsemi yngri flokka á sl. tímabili var nokkuð hefðbundin framan af en vorönn og sumarstarf litaðist mikið af áhrifum Covid-19 faraldursins. Hafði þetta áhrif á æfingasókn, þar sem komið var á heimaæfingum meðan á takmörkunum stóð og þátttöku í einstökum mótum og Íslandsmóti eldri flokka.

Þjálfarar á tímabilinu voru þrír; Sveinbjörn Ásgrímsson, yfirþjálfari, Lárus Guðmundsson og Torfi H. Björnsson sem skiptu með sér þjálfun flokkanna. Sveinbjörn hætti störfum á miðju sumri vegna persónulegra ástæðna og héldu Torfi og Lalli vel utan um starfið það sem eftir var af tímabilinu.

Haldið var lokahófi í byrjun september þar sem veittar voru viðurkenningar til iðkenda og tókst það mjög vel.

Breyting varð á skipan barna- og unglingaráðs á tímabilinu. Ásta Kr. Ástráðsdóttir hætti og inn kom Hjördis Vigfúsdóttir, að öðru leyti var skipan þess óbreytt, þ.e. Lára Ásbergisdóttir, formaður, Anna Berglind Júlísdóttir og Hólmfríður Þorvaldsdóttir. Starfsemi barna- og unglingaráðs varð líkt og annað í starfi Ægis, fyrir áhrifum Covid-19 faraldursins, sérstaklega hvað varðar tækifæri til fjórðflunar og má þar sérstaklega nefna að hætta varð við hið árlega Sumarkaffi Ægis.

Barna- og unglingaráð hefur á tímabilinu sérstaklega beitt sér fyrir því að fjölga iðkendum og var farið í nokkur átaksverkefni í þeim efnum:

1. Viðburður í grunnskólanum í maí 2020. Ingó veðurguð mætti, söng og spilaði og talaði við krakkana um hve skemmtilegt væri í fótbolta. Viðburðurinn þótti mjög skemmtilegur og náði Ingó vel til krakkanna.

2. Striker fótboltanámsskeið í sumar fyrir iðkendur. Þótti takast ágætlega þó þátttaka hefði mátt vera meiri.

3. Tímabundin ráðning Halldórs Garðars og Davíðs Arnars í sumar til að sinna æfingum eldri iðkenda.

Samningar við þjálfara runnu út í lok tímabilsins og var ákveðið í ljósi fækkunar iðkenda að ráða tvo þjálfara á því tímabili sem hófst í sept. sl. Ráðinn var nýr yfirþjálfari, Arnar Logi Sveinsson og endurnýjaður samningur við Torfa til tveggja ára. Þar sem að Arnar Logi hafði tók á að vera með æfingar fyrr á deginum, gátum við gert tilkall um æfingartíma sem eru í meiri samfelli við skólalag iðkenda og hefur það m.a. gert það að verkum að iðkendum hefur fjölgað.

Meistaraflokkur Ægis lék að nýju 3. deild tímabilið 2020 eftir að hafa komist upp úr 4. deild tímabilið 2019. Þjálfari var áfram Nenad Zivanovic frá Serbíu. Undirbúningstímabilið hófst formlega í janúar og var góður stígandi í að byggja upp liðið fyrir mótið og hlutfall heimamanna í liðinu var áfram mjög gott. En fyrir okkur eins og aðra hafði Covid mjög neikvæð áhrif á tímabilið og varð það mikið lengra en áætlað var þar sem þurfti þrisvar að stoppa bæði æfingar og keppni. Fyrsti leikur í Íslandsmótinu varð ekki leikinn fyrr en 18. júní og sá síðasti leikinn 3. október þrátt fyrir að tvær umferðir væru eftir, en KSÍ tók ákvörðun um að hætta keppni vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda. Lokaniðurstæða varð 8. sæti í 12 liða deild. Þetta var ekki sá árangur sem við stefndum að og þurfum við að stefna að gera betur á næsta tímabili.

Hjá okkur eins og flestum hefur þessi Covid faraldur mikil áhrif á rekstur íþróttafélaga til hins verra og þarf að gæta vel að í framhaldinu til að áætlanir



5. flokkur Ægis á N1 mótinu 2020.

standist. Reksturinn var eitthvað neikvæður í ár en við eigum að ráða við það svo lengi sem ekki verði framhald á neikvæðri stöðu. Við erum þó bjartsýn og horfum björtum augum fram á við. Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2020.

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur var haldinn 21. apríl 2020, í skugga veirufaraldurs. Þar var ársreikningurinn meginmálið og mikilvægast að rekstrarmiðurstaðan var jákvæð. Fundurinn lýsti þó áhyggjum af því að hagnaður af reglulegri starfsemi hafði minnkað þriðja árið í röð og rétt að fara að öllu með gát næstu mánuði.

Í stjórn voru kjörin: Gylfi Þorkelsson, formaður, Eyþór Frímansson, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Jóhanna Hallbjörnsdóttir, Ólafur Valdín Halldórsson, Trausti Jóhannsson og Þorbjörn Jónsson.

Vegna veirunnar tókst ekki að ljúka mótum og æfingar fóru úr skorðum. Þann 4. maí mátti þó byrja að æfa aftur en alþjóðlegar körfuboltabúðir sem félagið ætlaði að halda í júní, og lögð hafði verið mikil vinna í að undirbúa, þurfti að fella niður.

Í júní hélt félagið 3á3 mót í Gjanni á Selfossi. Heppnaðist þetta með ágætum og góð þátttaka varð af höfuðborgarsvæðinu og víðar. Vonandi er þetta verkefni komið til að vera árlegur viðburður.

Um sumarið skráðu sig í akademíu félagsins nemendur frá ýmsum Evrópulöndum, einn af öðrum, og urðu þeir samtals átta þegar skóli hófst, auk tveggja nemenda af höfuðborgarsvæðinu sem skráðu sig til náms og eins austan af landi. Meðal annarra voru þeir breskir nemendur við akademíuna í gegnum Erasmus+ verkefni, sem er nýjung - að hingað til lands komi íþróttanemendur á þessum forsendum. Vonandi verður framhald á því. Er það gleðileg þróun að eftirspurn og aðsókn í akademíuna fer vaxandi utan Suðurlands, upptökusvæðis fjölbrautaskólans, og skapi sér alþjóðlegan sess.

Sjö leikmenn úr unglingastarfinu voru boðaðir í afreksbúðir KKÍ síðsumars og er það lýsandi fyrir uppganginn í félaginu.

Haustið varð erfitt. Eftir fáa leiki í yngri flokkum og einn leik í 1. deild karla tóku sóttvarnaryfirvöld í taumana og öllu mótahaldi var frestað 7. október. Stóð æfinga- og keppnisbann meira og minna fram í janúar, en loks hófst keppni um miðjan mánuðinn. Þegar þetta er skrifað er útlit fyrir að takist að ljúka mótum þetta árið, þó keppni muni standa fram undir miðjan júní, með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir félögin, þriggja mánaða lengingu á keppnistímabilinu.

Þeir ungir leikmenn Selfoss-Körfu fengu námsstyrk við háskóla í Bandaríkjunum og munu hefja nám þar næsta haust, og fleiri eiga eftir að bæstast í þann hóp áður yfir lýkur. Þar á meðal er einn alinn upp í unglingastarfi félagsins.

Fimm leikmenn úr 2006 árganginum voru valdir í æfingahóp U15 ára landsliðs drengja. Þetta er framúrskarandi árangur, enda árgangurinn sá öflugasti hjá félaginu, eins og tölurnar bera með sér. Miklar vonir eru bundnar við þennan hóp til framtíðar og aðrir hópar lofa góðu.

Í febrúar var skrifað undir samstarfssamning við spænska stórlíðið Real Betis í Sevilla. Um er að ræða náið samstarf þessara félaga um uppbyggingu ungra leikmanna, og leikmanna- og þjálfaraskipti. Strax sl. haust kom á Selfoss í gegnum þetta samstarf Mikel Ereno sem er aðstoðarþjálfari við m.fl. og akademíuna auk þess að þjálfar 10. flokk stúlkna. Félagið hefur



Gisli Steinn, Unnar Örn, Birkir Máni, Birkir Hrafn og Sigurður Darri voru allir valdir í æfingahóp U15 ára landsliðsins.

miklar væntingar til þessa spennandi verkefni og áhrifa þess á allt starfið til framtíðar lítið.

Yngriflokkastarfið hefur blómstrað á starfsárinu. Mikil fjölgun iðkenda hefur hleypt nýju blóði í starfið og er full ástæða til að horfa björtum augum fram á veginn.

Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur var haldinn 23. júní 2020. Stjórnarskipan í dag er eftirfarandi: Magnús Ragnarsson formaður, Jóhann Þórir Jóhannsson gjaldkeri, Bjarki Eiríksson ritari, Haraldur Gunnar Helgason varaformaður, Kristinn Valur Harðarson meðstjórnandi, Jón Þorsteinsson og Guðmar Jón Tómasson varamenn.

Vegna samkomutakmarkana var starfsemin mjög lítil á árinu. Engin mót voru haldin en opin æfingakvöld voru yfir sumartímann þar sem félagsmenn komu og gátu æft. Farið var í minniháttar framkvæmdir og viðhaldsvinnu á svæðinu yfir sumartímann. Skammbýssuvöllur var endurbættur og sett gott undirlag og gott vinnuborð við völlinn.



Helga Jóhannsdóttir setti Íslandsmet í skeet á árinu.

Skotíþróttafélag Suðurlands

Aðalfundur var haldinn 15. júní 2020. Kosin var ný stjórn en hana skipa: Gunnar Egilsson formaður, Bjarni Ingvar Halldórsson varaformaður, Margrét Ósk Jónsdóttir gjaldkeri og Guðmundur Gestur Þórisson og Hákon Svavarsson meðstjórnendur. Heildarfjöldi félaga á árinu er 401 manns.

Ekkert skeetmót var haldið á vellinum vegna covid ástandsins. Mikil aðsókn var á compact völlinn og fyrsta compact mótið á vellinum var haldið við góðan orðstír, en undirbúningur var frekar flókinn.

Eitt 22Lrb50 mót fór fram og svo var haldið fyrsta Íslandsmeistaramótið í 22Lrb50. Það tókst mjög vel í alla staði og voru allir keppendur sáttir með það. Efstu keppendur öðluðust keppnisrétt á Evrópumóti.

Við teljum að það hafi verið algjör metaaðsókn á skotsvæðið, bæði ríffil og skeet. Sem er ánægjulegt, við getum þá gert meira fyrir völlinn þegar koma fleiri og skrá sig í félagið og það verður sterkara fyrir bragðið.

Haldin voru tvö innanfélags veiðiríflamót, annað ljósamót og hitt venjulegt í roki og rigningu. Það voru 19 keppendur á því móti og fannst mönnum það gaman og frekar blautt enda er ekki alltaf logn á veiðum.

Tekin voru 192 skotpróf.

Keppnisfólkið okkar gerði garðinn frægan eins og alltaf. Æfingin skapar meistarann og röðuðu þau sér í efstu sætin eins og vanalega.

Það voru lagaðir ríffilbarta á skotvellinum, settir nýir staurar og hólarnir baka til lagaðir. Svo voru smíðuð borð inni í ríffilhúsi fyrir töskur og verður húsið alltaf betra og betra. Til stendur að byggja við aðstöðuhúsið, klæða ríffilhúsið að innan og setja upp myndavélakerfi á staðnum.

Torfæruklúbbur Suðurlands

Stjórn Torfæruklúbbsins starfsárið 2020 var eftirfarandi: Helga Katrín Stefánsdóttir formaður, Kristján Finnur Sæmundsson varaformaður, Sigfús Þór Sigurðsson gjaldkeri, Jóhann Daði Pálmason ritari og Sigdór Yngvi Kristinsson meðstjórnandi. Aðalfundur var haldinn 13. júlí 2020.





Ingólfur Guðvarðarson og Steingrímur Bjarnason Íslandsmeistarar í torfæru 2020.

Starfsárið hjá Torfærklúbbum lá mikið í dvala vegna Covid 19. Keppni klúbbsins var frestað og á endanum var henni aflýst. Það voru samt haldnar fjórar umferðir í torfæru í sumar. Í lok tímabils voru það Steingrímur Bjarnason og Ingólfur Guðvarðarson sem stóðu uppi sem sigurvegarar og hrepptu Íslandsmeistaratitillinn í sínum keppnisflokkum en þeir kepptu báðir fyrir hönd Torfærklúbbsins.

UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgarði 14. á Hvolsvelli 27. des. 2020. Í stjórn voru kosin: Guðmann Óskar Magnússon formaður, María Rósa Einarssdóttir gjaldkeri, Ólafur Elí Magnússon ritari og Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson varmenn.

Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að Íþf. Dimon tók yfir Íþróttastarfssemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dimonar.



Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu þann 27. febrúar 2020. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi íþróttadeildar, þá leikdeildar og loks aðaldeildar. Stjórn félagsins er óbreytt en hana skipa Oddur Bjarni Bjarnason formaður, Svava Theodórsdóttir gjaldkeri og Dagný Rut Gretarsdóttir ritari.

Íþróttastarf félagsins hófst snemma í janúar og var nokkuð fjölbreytt úrval æfinga í boði eins og fótþolti, körfubolti, frjálsar, crossfit og fimleikar.

Síðasta sumar hélt samstarf félaganna í uppsveitum áfram í fótþolta. Boðið var upp á æfingar á Flúðum, Borg, Reykholti, Árnesi og Brautarholti. Tvær æfingar í viku á hverjum stað fyrir iðkendur á aldrinum 6 – 15 ára. Iðkendur voru 71 sem kepptu svo undir sameiginlegu nafni – ÍBU Uppsveitir á hinum og þessum mótum á síðasta ári.

Guðbjörg Bjarnadóttir sundkennari hélt sundnámskeið fyrir 3-6 ára börn í júní.

Haustæfingar íþróttadeildar hófust 6. september og nú á haustönn hefur iðkendum boðið að æfa frjálsar, fimleika, styrktarþjálfun og yoga.

Leikdeild setti upp verkið Allir á Svið eftir Michael

Frayn undir leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. Frumsýning fór fram 14. febrúar og var mæting ágæt á sýningar. Leikritið er það þrítugasta og fyrsta sem leikdeildin setur upp.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö tölublöð af málagnni félagsins „Litla-Bergþóri“. Þetta var 41. árgangur og er innihald blaðanna fjölbreytt og í senn fræðandi um félagið og mannlíf í Tungunum. Fésbókarsíða blaðsins er: „Litli-Bergþór. Blað Ungmennafélags Biskupstungna“.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

Umf. Dagsbrún

Aðalfundur 2020 var haldinn heldur seint vegna aðstæðna, eða þann 3. júní. Starfandi stjórn eftir aðalfund 2020 voru: Albert Rútsson, formaður, Þórdís Ingunn Björnsdóttir, gjaldkeri og Jóel Elvarsson, ritari. Það var lítið um að vera s.l. ár eins og víðast hvar annars staðar, svo ekki er langur listi viðburða sem telja þarf upp hjá Umf. Dagsbrún.

En árið byrjaði nú ósköp eðlilega og var haldið stórglæsilegt þorablót í lok janúar. Það fór mjög vel fram og margir töldu að þetta hafi verið með betri þorablótum.

Ungmennafélagið lagðist í dvala eftir vel



Frá Sumarsprelli Umf. Dagsbrúnar þar sem farið var í boltaleik í stigvélum.

heppnað blót (fyrir utan aðalfund) og kom ekki saman fyrr en um mitt sumar, á milli covid-bylgna. Þá var slegið til og haldið Sumarsprelli, í orðsins fyllstu merkingu. Sveitungar, ungir sem aldnir, komu saman og skemmtu sér konunglega við leik og þrautir.

Þegar leið á árið og jólin gengu í garð, tóku Ungmennafélagið Dagsbrún og Kvenfélagið Freyja sig til og gáfu litlar gjafir á alla bæi sveitarinnar og til nokkurra brottfluttra félagsmanna. Þessu var vel tekið og gladdi bæði sveitunga og aðra félagsmenn.

Umf. Eyfellingur

Starfsemi Umf. Eyfellingar snérist aðallega um umhirðu gömlu Seljavallarlaugar og búningsklefum hennar. Enginn aðalfundur var haldinn sökum covid. Stjórn skipa: Ármann Fannar Magnússon formaður, Magðalena Jónsdóttir gjaldkeri og Karl Víðir Jónsson ritari.



Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur var haldinn 12. febrúar 2020 á Stað, Eyrarbakka. Ný stjórn tók við og hana skipa Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir formaður, Vigdís Sigurðardóttir gjaldkeri, Sandra Sævarsdóttir ritari, Guðlaug Lilja Sævarsdóttir og Katrín Vilhjálmssdóttir.

Í apríl og maí var haldið Hópshlaup í fimm skipti þar sem hlaupinn er 800m hringur og allir sem hlaupa fjórum sinnum fá verðlaunapening. Boðið var upp á kristal og prins pólo í síðasta skiptið.

Fyrsta í aðventu var boðið upp á jólasveinaskemmtun. Venjulega er kveikt á jólatrénu, dansað í kringum það og jólasveinar mæta en vegna



Ungir knattspyrnuíðkendur úr uppsveitum á N1 móti á Akureyri.

samkomutakmarkana var ákveðið að jólasveinarnir myndu aka um Eyrarbakka í kerru aftan í bíl og veifa börnum auk þess að kasta til þeirra góðgæti í poka. Ánægja var með þetta framtak.

Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélags Framtíðarinnar 2020: Lilja Guðnadóttir formaður, Sigurfinna Pálmarisdóttir ritari, Helgi Ármannsson gjaldkeri og Bergrún Anna Birkisdóttir og Aldís Harpa Pálmarisdóttir meðstjórnendur. Aðalfundur félagsins var haldinn 1. febrúar í íþróttahúsinu Þykkvabæ.



Á konudaginn voru seld blóm eins og venjulega, ávallt er tekið vel á móti fólkinu okkar og þessi sala er því aðalfrjörflunin, ásamt dósasöfnun.

Í maí tók félagið þátt í hreyfiviku UMFÍ og boðið var upp á hjóla/göngutúr um sveitina.

Ungmennafélagið varð 100 ára á árinu, gátum við haldið upp á það utandyra á 17. júní í blíðskaparveðri. Buðum upp á grillaðar pylsur og afmælsköku. Höfðum loftbolta og hoppukastala sem allir höfðu gaman að og í lokin fengu öll börn blöðru með sér heim.

Á sjálfan afmælisdaginn, þann 20. nóvember hittumst við nokkur í íþróttahúsinu, gáfum krökkunum ís, vatnsbrúsa og peysur merktar félaginu.

Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2020-2021 skipa: Magnea Guðmundsdóttir formaður, Ingvar Bráðarson gjaldkeri og Hafdís Hafsteinsdóttir ritari.



Boðað var til aðalfundar 26. mars en fresta þurfti þeim fundi sökum samkomutakmarkana í landinu. Þann 13. maí 2020 gafst tækifæri á að halda áður boðaðan fund. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf. Þáverandi formaður, Jón Hákonarson, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn Umf. Gnúpverja. Því fór fram kosning á nýjum formanni. Kosin var Magnea Guðmundsdóttir. Ingvar og Hafdís gáfu kost á sér áfram. Starfsár félagsins fór hægt af stað. Í júní var farið af stað með sumar-knattspyrnuæfingar í samstarfi við Ungmennafélag Skeiðamanna, ætlaðar börnum á aldrinum 5-16 ára. Samhliða þeim var boðið upp á æfingar þar sem börn frá öðrum ungmenntafélögum í uppsveitum Árnessýslu æfðu saman. Þjálfarar voru frá Íþróttafélagi Uppsveita, Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús.

Til stöð að sameiginleg lið frá Íþróttafélagi Uppsveita tækju þátt í hinum ýmsu knattspyrnu mótum síðasta sumar en því miður var flest öllum mótum sumarsins aflýst. Sumrinu lauk með sameiginlegu lokahófi ungmenntafélaga í Uppsveitum með fótboltagolfi og grilluðum pylsum. Þar sem sumaræfingarnar gengu vonum framar, mæting góð og mikill áhugi hjá iðkendum að halda áfram að æfa var ákveðið að bjóða upp á áframhaldandi æfingar yfir veturinn og fram til næsta sumars. Æft var úti fram í byrjun desember eða alveg þar til frostið var farið að bita of fast. Þá voru æfingar færðar inn í Árnes, félagsheimili sveitarfélagsins. Þjálfari vetraræfinga er Matthías Bjarnason. Hann hefur m.a. lagt áherslu á að iðkendur komi fram við liðsfélag sína af virðingu og hughreysi hvort annað ef t.d. eitthvað fer ekki eins og áætlað var – þau eru jú öll í sama liðinu!

Hvatningaverðlaun Umf. Gnúpverja og Umf. Skeiðamanna árið 2020 hlutu Margrét Inga Ágústsdóttir og Þrándur Ingvarsson.



Frá 17. júní hátíðarhöldum Umf. Framtíðarinnar.



Frábær stemning eftir góða inni æfingu hjá knattspyrnuíðkendum Ungmennafélags Gnúpverja.

Sitjandi stjórn Ungmennafélags Gnúpverja ætlar að fá að nýta tækifærið og þakka fráfarandi formanni Umf. Gnúpverja, Jóni Hákonarsyni fyrir sitt framlag til félagsins. Einnig þökkum við Ungmennafélagi Skeiðamanna fyrir samstarfið í sumar, með von um að samstarf félaganna muni aukast í náinni framtíð. Að lokum óskum við Íþróttafélagi Uppsveita til hamingju með stofnun þess, með von um að íþróttahreyfingin í Uppsveitum Árnessýslu muni m.a. styrkjast og aukast með tilkomu þess!

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 23. júní 2020 í Grunnskólanum á Helli. Á fundinn mætti fjöldi fólks. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt og var rekstur ársins með smá afgang. Inn í stjórnina komu Klara Valgerður Brynjólfssdóttir og Rósa Hlín Óskarsdóttir í staðinn fyrir Huldu Karlsdóttur og Ernu Sigurðardóttur.

Stjórn Umf. Heklu er skipuð eftirfarandi aðilum: Guðmundur Jónasson formaður, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson varaformaður, Garðar Þorfinnsson gjaldkeri, Ólöf Árnadóttir ritari, Agnes Ólöf Thorarensen meðstjórnandi og Rósa Hlín Óskarsdóttir



og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir varamenn. Um haustið tók Klara Valgerður við gjaldkerastöðunni þar sem Garðar dró sig í hlé frá stjórnarstörfum sökum veikinda.

Árið einkenndist mjög af ástandinu í þjóðfélaginu sökum Covid 19 þar sem ekki voru æfingar í gangi í 2 mánuði um vorið og í rúman mánuð um haustið.

Körubolti. 15-20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Þjálfari er Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Tómstundanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-14 ára var haldið í sumar, í samvinnu við sveitarfélagið Rangárfing ytra. Námskeiðið stóð yfir í 3 vikur í júní. Þátttakendur voru rúmlega 40 talsins. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Aníta Tryggvadóttir, Ástþór Ragnheiðarson og Elin Stolzénwald. Lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólk úr unglingavinnu.

Frjálsar íþróttir: Mikill gangur var í frjálsíþróttastarfinu á árinu og voru í gangi æfingar í samstarfi við Garp sem fóru fram á Helli og á Laugalandi. Einnig fóru æfingar fram í gegnum netið á meðan æfingabann var í gangi. Mæting var góð allt árið og voru um 40 krakkar að mæta frá báðum félögum. Farið var á nokkur mót þar sem finni árangur náðist. Sindri Seim Sigurðsson vann til fjölda verðlauna á þeim mótum sem hann



Krakkar á Íþrótt- og tómstundanámskeiði Umf. Heklu að leik.



Karlalið Hrunamanna í körfuknattleik.

tók þátt í og setti hann nokkur héraðsmet og varð þrefaldur Íslandsmeistari innanhúss. Sindri var valinn Íþróttamaður ársins í Rangárfingi ytra. Mikið var keypt af frjálsþróttahöldum á árinu þar sem mikil aukning í starfinu kallaði á það.

Blak: Um 15-20 iðkendur á aldrinum 12-16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Þjálfarar voru Ingibjörg Heiðardóttir og Aníta Tryggvadóttir. Meistaraflokkslíð kvenna undir merkjum Heklu og Dímon var starfandi á árinu en starfið var í lágmarki vegna æfinga- og keppnisbanns. Kvinnaliðið stóð fyrir Kvinnahlaupi ÍSÍ sumar og var þátttakan þökkaleg.

Taekwondo: Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu taekwondo í Íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru rúmlega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu. Kennarar hafa aðallega verið Daníel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Fimleikar: Rúmlega 100 iðkendur á aldrinum 6-15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 1-4 sinnum í viku. Krökkunum var skipt í 5 hópa eftir aldri og getu. Um 60 iðkendur á leikskólaaldri æfðu krílafimleika einu sinni í viku í tveimur hópum. Vegna æfinga- og

keppnisbanns var starfið á árinu með minna móti, engar sýningar voru og eitthvað lítið farið á mót. Æfingar voru skipulagðar af þjálfurum og fóru fram á netinu.

Línuskautar: Um 30 iðkendur á aldrinum 6-12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskipt í tvo hópa. Þjálfari er Diego Pinero Pinera.

Sjö meðlimir kepptu í torfæru á árinu og náðu þeir Óskar Jónsson og Skúli Kristjánsson bestum árangri til Íslandsmeistara eða annað sæti hvor í sínum flokki. Einnig söfnuðust nokkur tilþrífaverðlaun til okkar iðkenda. Aðeins voru 4 keppnir á dagskrá eftir að 3 voru felldar niður. Ekkert var keppt erlendis. Keppnin okkar á Hellu var ein af þeim sem felld var niður.

Stofnuð var hjólaeild árinu sem mun halda utan um starf á nýrri hjólabraut sem fyrirhugað er að gera í nágrenni Hellu.

Helstu fjáraflnir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru 762 talsins. Félagsgjald er 2000 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Árþing HSK: Guðmundur Jónsson var eini fulltrúi félagsins á HSK þingi á Hvolsvelli á árinu eins og í boði var.

Umf. Hrunamanna

Aðalfundur félagsins var haldinn í seinna lagi þetta árið eða 10. júní 2020 útaf fjöldatakmörkunum vegna Covid 19. Jóhanna Bríet Helgadóttir er formaður félagsins en auk hennar eru Sigurjón Snær gjaldkeri, Dúna Rut Karlsdóttir ritari, Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur. Starfið innan deildarinnar gekk þökkalega miðað við aðstæður og erum við stolt af því að eiga Héraðsmeistara, Íslandsmeistara og landsliðsfólk innan okkar raða. Hér verður stiklað á stóru yfir það helsta:

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram á sömu braut í sínu starfi. Fjöldamörg lið í yngri flokkum tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem haldin eru af hinum og þessum félögum. Vegna fækkunar barna í sveitarfélaginu hefur deildin verið í samstarfi með nokkrum félögum til þess að geta haldið úti fleiri liðum. Hefur þetta samstarf gefið góða raun. Samstarf er við Hamar, Þór, Selfoss og Laugdæli. Ekki náðist að klára Íslandsmót í yngri flokkum vorið 2020 vegna hertra sóttvarnaraðgerða og þá lá allt mótahald niðri á haustönn eftir 7. október fram að áramótum.

Meistaraflokkur karla lék í 2. deild þangað til Íslandsmótinu var blásið af vegna Covid-19. Um vorið barst boð um sæti í 1. deild karla og eftir smá umhugsun var ákveðið að þiggja sætið. Liðið hóf því leik í 1. deild í haust en vegna sóttvarnaraðgerða lék liðið aðeins einn leik fram að áramótum.

Meistaraflokkur kvenna var starfræktur á árinu en í því liði spila leikmenn sem fóru í gegnum yngri flokka starf Hrunamanna. Það lið rekur sig sjálft eins og er en visir að auknu samstarfi hefur verið að myndast.

Í júlí hélt deildin árlegar körfuboltabúðir og voru þær afar vel heppnaðar. Fjöldi þátttakenda hefur aldrei verið meiri og hafa aldrei fleiri þjálfarar heldur starfað við búðirnar.

Ekki voru spilaðir landsleikir í yngri flokkum á árinu en eftirtaldir leikmenn voru valdir í æfingahópa yngri landsliða á síðasta ári, Tristan Máni Morthens, Anna Katrín Viðisdóttir, Óðinn Freyr Árnason, Valdis Una Guðmannsdóttir, Aron Ernir Ragnarsson, Eyþór Orri Árnason og Hringur Karlsson.

Starf frjálsþróttadeildarinnar var með hefðbundnu sniði, iðkendur voru 35 og þjálfarar voru Guðbjörg Viðarsdóttir, Guðný Vala Björgvinsdóttir og Óskar Sigmundsson. Hrunamenn tóku þátt í þeim fáu mótum sem í boði voru og stóðu sig með stakri þrýði. Á árinu eignuðust við 17 HSK meistara, bæði innan- og utanhúss, auk þess enn fleiri verðlaunasæti í öllum flokkum og greinum. Einnig fóru okkar iðkendur á þau Íslandsmót sem haldin voru, við eignuðust 1 Íslandsmeistara og enn fleiri á verðlaunapall í nokkrum greinum. En allir gerðu sitt besta og bættu sinn persónulega árangur töluvert á árinu. Hið árlega Páskamót var því miður felld niður vegna Covid, en það náðist að halda Jólamótið sem hefur verið árlegt til fjölda ára.

Hjá fimleikadeild var svipaður fjöldi á vorönn 2020, eins og á haustönn 2019, u.þ.b. 14 iðkendur. Þjálfarar voru Sígga Steina og henni innan handar var Valdis Una. Það var ekki farið á nein mót en miklar framfarir voru hjá krökkunum.

Á haustönn 2020 var mæting frekar mjög dræm og um miðja önn var tekin ákvörðun um að hætta æfingum að sinni.

Starfsár blakdeildar kvenna árið 2020 var með engum hætti hefðbundið frekar en hjá öðrum deildum. Við höfum þó árið að krafti og vorum með tvö lið skráð í Íslandsmóti og önnur umferðin spiluð í Mosfellsbæ í janúar þar sem bæði liðin

stöðu sig með sóma. Æft var tvisvar í viku 1,5 klst. í senn í íþróttahúsinu á Flúðum, undir stjórn Árna Þórs Hilmarssonar sem einnig heldur að stórum hluta utan um starf deildarinnar, og voru iðkendur um 15 líkt og fyrri ár. Æfingar féllu alfarið niður í marsmánuði auk þess sem öllum mótum var frestað sem til stóð að fara á, en við sátum þó ekki auðum höndum heima og sá Árni til þess að senda á okkur æfingaprógrömm í gegnum allt Covid tímabilið auk þess sem við tókum okkur til og klífum á alla helstu tinda Hrunamannahrepps. Reynt var að byrja aftur í ágúst að æfa en var það stoppað fljótlega og gátu því æfingar ekki hafist aftur að alvöru fyrr en nú í janúarmánuði 2021.

Umf. Hvöt

Árið 2020 byrjaði vel hjá Hvöt, flestir krakkar á yngri stigum grunnskólans, rúmlega 30 börn, voru í íþróttastarfi hjá okkur. Eins og hjá öðrum hafði COVID áhrif á starfið um vorið en við höldum úti æfingum alltaf þegar leyfilegt var. Vegna framkvæmda í íþróttahúsinu voru æfingar um vorið meira úti við en venjan er.

Þar sem æfingar féllu niður í langan tíma ákvað félagið að gefa öllum iðkendum sumargjöf sem samanstóð af brennibolta og sippubandi til að hvetja börnin til að halda áfram að hreyfa sig þó að ekki væri hægt að mæta á æfingar.

Þorablótið var haldið 31. janúar og var vel mætt að vanda.

Aðalfundur félagsins dróst vegna Covid en var að lokum haldinn þann 3. júní í samstarfi við Leikfélagið á svæðinu en þá var sent út boð fyrir bæði félög og boðið upp á súpu á milli funda. Á aðalfundi var kosnir nýir aðilar í stjórn þar sem að Anika Baecker tók við sem gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir sem ritari. Þá var Guðni Reynir Þorbjörnsson kosinn varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Á árinu tók félagið þátt í keppni, bæði í frjálsum íþróttum og knattspyrnu þó að minna hafi verið um mót og samgang á milli félaga vegna aðstæðna.

Um sumarið stóð félagið bæði fyrir leikjánaðmskeiði og sundnámskeiði sem voru vel sótt. Ákveðið var að bjóða öllum iðkendum og foreldrum í smá lokahóf í lok sumarnámskeiðs til að hittast aðeins og hafa gaman.

Þar að auki var ákveðið að prófa að bjóða upp á knattspyrnu og frjálssíþróttæfingar yfir sumarið.

Haustið 2020 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, frjálsar íþróttir og körfubolta og tæplega 40 iðkendur í starfi þetta haustið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarf skólans þar sem að starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag og skilja eftir smá pakka fyrir þau þó svo að ekki væri í boði að fá sveinka inn í hús vegna aðstæðna.

Umf. Ingólfur

Ekki var starfið mikið, enginn fundur eða samkomur. Því er stjórn sú sama og verið hefur undanfarin ár. Formaður mætti á 98. héraðsþingi á Hvalselli þann 17. september.

Vonandi verðu hægt að halda aðalfund á þessu ári með hækkandi sól og áður en grös taka að lífna.



Laugdælur fagna á Sigló.

Umf. Laugdæla

Aðalfundur Ungmennafélags Laugdæla var haldinn 18. júní 2020. Í stjórn félagsins sitja: Eva Hálfðanardóttir, gjaldkeri; Freyja Rós Haraldsdóttir, ritari; Daniel Pálsson, formaður.

Líkt og annað í okkar samfélagi hefur Covid 19 sett miklar skorður á starf UMFL sem og allt íþróttastarf á landinu. Mótahald hefur nánast legið niðri, en komst aftur af stað að litlu leyti í febrúar. Við náðum þó að halda okkar vinsæla sumarnámskeiði í júní, með metfjölda barna en þau Guðni Sighvatsson og Emilía Jónsdóttir sáu alfarið um námskeiðið sem stóð í tvær vikur.

Undirbúningur fyrir þennan starfsvetur hófst síðla síðasta sumar. Byrjað var að athuga með þjálfara, hvaða æfingar kæmu til greina og raða þessu öllu saman upp. Við sem komum að notkun og rekstri íþróttahússins hittumst orðið tvisvar til þrisvar sinnum á ári þ.e. UMFL, ML, UMFÍ, forstöðumaður íþróttahúss og fulltrúi sveitarfélagsins. Að hausti hittumst við og röðum niður æfingatímum og íþróttakennslu. Hefur þetta gengið almennt vel síðustu ár, allir sýnt hver öðrum skilning og fundið milliveg sem hentar öllum aðilum ágætlega. Þegar þessi tímatafla liggur fyrir hefst mikið þúsluspil í að raða niður æfingum með tilliti til þess hvenær þjálfarar eru lausir, hvernig stundatöflur eru í skólum, hvernig frístund er og hvernig skólaakstur er. Þetta hefur gengið ótrúlega vel enda er hópnun einungis skipt í tvennt þ.e.a.s. 1.-4. bekkur og 5.-10. bekkur. Fjölgun hefur orðið á iðkendum, þó aðalega á unglíngastigi, sem er virkilega jákvætt. Af þeim sökum er umræðan um þrískiptingu hópsins orðin meiri og þarf að skoða þá útfærslu vel fyrir næsta vetur.

Ekki var hægt að halda hátíðarhöldin 17. júní né okkar árlega Þorablót vegna veirunnar skæðu. Þorablótið hefur verið hluti af fjárföllum félagsins. Stuðningspakki ríkisins til íþróttahreyfingarinnar á að greiða til félaganna tekjumissi sem þennan. Þetta er þó enn í vinnslu og munum við fylgjast með því máli.

Æfingar vetrarins eru eftirfarandi. Frjálsar íþróttir: Þjálfari er Emilía Jónsdóttir í eldri og yngri. Körfubolti: Þjálfari er Flórjan bæði með eldri og yngri. Blak: Þjálfari yngri og eldri er Guðni Sighvatsson. Fótbolti: Þjálfari bæði í yngri og eldri er Guðni Sighvatsson. Fimleikar: Þjálfari er Sigríður Jónsdóttir. Klífur: Þjálfari eldri og yngri hóp er Smári Stefánsson.



Blak fullorðinna: Þjálfari er Gása. Hér fylgir nánari umfjöllun um nokkrar greinanna:

Blak var æft einu sinni í viku í klukkutíma í senn yfir árið. Hópnun var skipt í tvennt eftir aldri og voru um 12-15 iðkendur í yngri hóp á meðan þau eldri voru um 10. Áhersla var lögð á grunnatriði íþróttarinnar auk þess sem leikjum var tvinnad inn í æfingar til að auka skemmtanagildi. Til stóð að kíkja í heimsókn til vina okkar í Grímsnesinu og spila saman en samkomutakmarkanir komu í veg fyrir það. Æfingar voru nokkuð reglulegar yfir árið þótt hlé hafi verið gert á þeim á tímabili. Framfarir voru nokkrar og mæting á æfingar góð.

Knattspyrna var æft einu sinni í viku með tvískiptum hóp. Æfingasóknin var ágæt og um tíu nemendur að mæta að jafnaði þótt stundum hafi komið fleiri hjá þeim yngri. Áhersla var lögð á grunntækni og háttvísi og ávalt endað á spili með ólíkum leiðum. Unnið var í samstarfi við Íþróttafélag Uppsveita sem sendi lið á mót og höfðu iðkendur hjá Ungmennafélagi Laugdæla kost á því að taka þátt í sameiginlegu liði undir nafni Uppsveita. Að þessu sinni voru ekki æfingar í boði yfir sumarið en möguleiki á að mæta á æfingar með sameiginlegu liði Uppsveita.

Blakáhuginn hjá fullorðnum á Laugarvatni hefur verið stöðugur og heldur aukist. Æft er tvisvar sinnum í viku í einn og hálfan tíma í senn undir stjórn Guðrúnar Ásu Kristleifsdóttur. Æfingasókn er nokkuð stöðug og yfir tíu manns á hverri æfingu og uppundir tuttugu en töluvert margir eru skráðir í blakið. Í ársbyrjun fóru tvö karlaðið og kepptu á Flúðum á Íslandsmóti í annarri og þriðju deild og kvennaliðið fór á Siglufjörð og tók þátt á Benecta mótinu. Iðkendur gripu svo tækifærið til að hefja æfingar um leið og það var leyfilegt auk þess sem strandblakvöllur staðarins er einnig vel nýttur. Vonir standa til að hægt verði að skrá tvo lið til leiks í hvorum flokki fullorðinna þegar lífið kemst í sínar réttu skorður.

Frjálsar íþróttir hafa verið einu sinni í viku, einn klukkutími í senn fyrir 1.-4. bekk og 5.-10. bekk. Í yngri hóp hafa verið að mæta um 20 iðkendur og um 15 í eldri hóp. Mikil áhersla hefur verið lögð á að hafa gaman, lang oftast hitað upp í leikjum, farið í tækni bæði í hlaupum, stökkgreinum og kastgreinum. Einnig hefur þrek og þol aðeins verið tekið fyrir.

Við náðum að senda lið til keppni á Gaflaranum sem var haldinn í Hafnarfirði í janúar og stóðu þau sig vel og bættu sig sum hver. Eftir það var öllum mótum frestað vegna Covid 19.



Frá 17. júní hátíðarhöldum Umf. Merkiðvols.

Þjálfararnir eru mjög ánægðir með mætingu iðkenda og ástundun. Fjölgun hefur verið í eldri hópnum og er það mjög ánægjulegt.

Vonandi verður hægt að keppa meira á næsta tímabili, það er svo spennandi að sjá framfarirnar og áhugasemi iðkenda. Þjálfarar 2020 voru Emília Jónsdóttir og Hallbera Gunnarsdóttir.

Umf. Merkiðvöllur

Starfsemi Ungmennafélagsins Merkiðvols hélt sér ótrúlega þrætt fyrir covid. Þó varð ekkert úr því að haldinn yrði aðalfundur félagsins, en stefnan er tekin á að halda aðalfund núna á vordögum. Stjórn félagsins var þar af leiðandi sjálfkjörin og hana skipa Jóhanna Hlökkversdóttir sem formaður, Sigurður Einar Guðmundsson sem gjaldkeri og Anna Björg Stefánsdóttir sem ritari.

Starfsemin var með hefðbundnu sniði en haldinn var upp á 17. júní að Brúarlundi, með þó örlítið breyttu sniði vegna samkomutakmarkana. Gengu hátíðarhöldin þó vonum fram, veðrið lék við okkur og sveitungar ánægðir að hittast.

Umf. Selfoss

Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi verið óvenjulegt í sögu Umf. Selfoss. Heimsfaraldur af völdum Covid-19 hafði gríðarleg áhrif á allt starf félagsins þar sem æfingar, keppni, mót, viðburðir og fundir féllu niður vegna samkomutakmarkana. Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss var endurkjörin á aðalfundi félagsins sem tókst loks að halda í fjárfundi miðvikudaginn 16. desember en fundinum hafði þá tívægis verið frestað. Viktor S. Pálsson er formaður, en auk hans sitja áfram í framkvæmdastjórn Hjalti Þorvarðarson, gjaldkeri, og Dýrfinna Sigurjónsdóttir, ritari, ásamt Sigrúnu Hreiðarsdóttur, og Sverri Einarssyni, meðstjórnendum. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Ingibjörg Garðarsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar, Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, Birgir Júlíus Sigursteinsson, formaður júdódeildar, Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnu deildar, Guðmundur Gústafsson, formaður mótorkrossdeildar, Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar, og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar,

þrettán manna aðalstjórn félagsins, er hún óbreytt frá fyrra ári.

Hjá aðalstjórn félagsins starfa Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjargar Skúladóttur bókara félagsins í hálfu stöðugildi. Sigríður Ósk Harðardóttir tók við starfi framkvæmdastjóra fimleikadeildar í 50% starfshlutfalli í upphafi árs ásamt því að Tanja Birgisdóttir starfar sem yfirþjálfari deildarinnar í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Mássen er sem fyrr framkvæmdastjóri knattspyrnu deildar og vallaarstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2020 voru Þórdís Rakel Hansen og Einar Örn Einarsson. Þá er knattspyrnu deild með þrjá starfsmenn í fullu stöðugildi þ.e. Gunnar Rafn Borgþórsson, sem yfirþjálfari knattspyrnu deildar og þjálfari, Alfreð Elías Jóhannsson, sem þjálfari meistaraflokks kvenna og afrekþjálfari ásamt því að sjá um þjálfun fyrir knattspyrnuakademíu, og Ingi Rafn Ingibergsson er starfsmaður knattspyrnu deildar og þjálfari. Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson er framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar í hálfu stöðugildi. Þá er Sigríður Anna Guðjónsdóttir í hlutastarfi sem yfirþjálfari og starfsmaður frjálsíþróttadeildar. Flestar aðrar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara og/eða verkefnastjóra í mismunandi stöðuhlutfalli.

Innan Umf. Selfoss eru starfandi átta virkar deildir þ.e. fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnu deild, mótorkrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiks- og knattspyrnu deildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Fimleika-, frjálsíþrótt- og handknattleiksdeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands. Knattspyrnu deild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallaarstjórn, jólasveinanevnd og minjaverndarnevnd. Á árinu voru stofnaðar tvær nefndir til viðbótar sem halda utan um æfingar og keppni í borðtennis og raflíþróttum.

Í gildi er þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallasvæðisins sem gilda til loka árs 2022. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnu deild um rekstur íþróttavallasvæðisins en það er íþróttavallarnevnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallasvæðisins. Í gildi er samningur við taekwondodeild um þríf og utanumhald á æfingasal deildarinnar á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnlækjarskóla. Mótorkrossdeild sér áfram um rekstur og uppbyggingu mótorkrossbrautar og júdódeild sér um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í glæsilegri aðstöðu í sundhöll Selfoss. Handknattleiksdeild hefur komið starfsemi sinni vel fyrir í Hleðsluhöllinni eða lðu, íþróttahúsi Fjölbautaskóla Suðurlands. Fimleikadeild er sem fyrr með alla sína starfsemi í Baulu, hvar deildin býr við afar þröngan kost. Meginþungi starfsemi knattspyrnu deildar og frjálsíþróttadeildar fer fram á Selfossvelli en einnig æfa deildirnar í íþróttahúsi Vallaskóla yfir vetrarmánuðina. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50.

Á hverju ári hafa deildir félagsins staðið fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu og því voru það mikil viðbrögð að fæsta viðburði tókst að halda á árinu. Meðal árlegra viðburða sem féllu niður voru jólasýning fimleikadeildar, Grýlupottahlaup og Brúarhlaup frjálsíþróttadeildar og Guðjónsmót, Olísmót og herrakvöld knattspyrnu deildar. Handknattleiksdeild hélt Bónusmót og Landbankamótið með breyttu sniði í upphafi sumars og Ragnarsmótið, á haustdögum. Í upphafi júní tókst knattspyrnu deild að halda þrjú mót þ.e. Lindex-mótið, Jako-mótið



Kvennalið Selfoss í knattspyrnu vann titilinn meistara á árinu.

og Set-mótið auk þess sem 2. flokkur kvenna sá um framkvæmd kvennahlaupsins. Júðódeild, sunddeild og taekwondodeild héldu innanfélagsmót og mótakrossdeild hélt bikarmót á vegum MSÍ. Getraunastarf félagsins féll niður frá byrjun mars.

Sem fyrr segir var aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í fjárfundi 16. desember 2020. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2019 voru rúmar 430 milljónir og var rekstur félagsins neikvæður. Handknattleiksdeild og knattspyrnudeild deildu UMFÍ bikarum sem deild ársins fyrir góðan árangur Íslandsmeistararitil meistaraflokks karla í handbolta og bikarmeistararitil í meistaraflokks kvenna í knattspyrnu og Sigurður Þór Ástráðsson hlaut Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.

Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum, knattspyrnudeild starfrækti fótþáttaskólann, fimleikadeild og júðódeild voru með sumaráæfingar, handknattleiksdeildin stóð fyrir glæsilegum handþáttaskóla í samstarfi við Kiel. Nokkur röskun varð á íþróttaskóla barnanna sem er starfræktur á vegum fimleikadeilda og ungbarnasundi, Guggusundi, á vegum sunddeilda.

Þrátt fyrir erfitt ár var íþróttastarf félagsins umfangsmikið en fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Sökum þess að ekki tókst að ljúka fjölda Íslands- og bikarmóta vill svo til að Selfyssingar eru enn ríkjandi bikarmeistarar kvenna í knattspyrnu og Íslandsmeistarar karla í handknattleik. Þó náði félagið m.a. eftirfarandi árangri. Þegar keppni var hætt í knattspyrnu í október var ljóst að meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu varð í fjórða sæti í Pepsi Max deildinni en meistaraflokkur karla varð í öðru sæti í 2. deildinni og endurheimta sæti sitt í Lengjudeildinni. Þegar keppni var hætt í handknattleik í apríl var meistaraflokkur karla í fimmta sæti Olisdeildarinnar og meistaraflokkur kvenna í öðru sæti í Grill 66 deildinni, stigi frá sæti í Olis-deildinni. Líkt og undanfarin ár vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistararitla í einstaklingsgreinum, samstarf HSK/Selfoss í frjálsum blómstrar. Góður árangur yngri iðkenda í júðó vakti athygli en Sara Nugig Inghólfssdóttir og Hrafn Arnarsson voru valin efnilegasta júðófélög ársins hjá JSÍ.

Þrátt fyrir að lítið væri um alþjóðlegar keppnir var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðsverkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. Rúmlega fjórtíu einstaklingar æfðu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, undir keppni á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valinn í úrvalshópa.

Á héraðsþingi HSK sem haldið var á Hvolsvelli í 17. september voru frjálsiþróttakonan Fjöla Signý Hannesdóttir og handknattleiksmaðurinn Haukur Þrastarson, útnefnd íþróttakona og íþróttakarl Héraðssambandsins Skarphéðins árið 2020. Ekki hefur enn tekist að halda verðlaunahátíð Umf. Selfoss en uppskeruhátíð ÍTÁ var haldin 2. mars 2021 þar sem frjálsiþróttakonan Eva María Baldursdóttir og handknattleiksmaðurinn Hergeir Grímsson, voru útnefnd íþróttafólki Árborgar 2020.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt sex formlega fundi á árinu og aðalstjórn fundaði fimm sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjórnir situr í forvarnarhópi Sv. Árborgar sem fundar mánaðarlega. Þá sátu framkvæmdastjórnir og formaður ýmsa fundi með fulltrúum Árborgar, ÍSÍ, UMFÍ, HSK og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbæðiðastarf



Spilakvöld Skeiðamanna í febrúar.



Frá Strandahlaupi Umf. Stokkseyrar.

unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru: Lára Bergljót Jónsdóttir formaður, Ágúst Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Enginn aðalfundur var haldinn þetta árið. Hann hefur yfirleitt verið haldinn í mars/apríl en þá var samkomubann vegna covid.

Í janúar og febrúar voru haldin þrjú spilakvöld í Brautarholti, spilað var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Hjónaball féll niður vegna covid.

Leikjánaðmskeið var haldið í júní fyrir 6-12 ára. Anna Þórny Sigfúsdóttir sá um námskeiðið. Allir voru velkomnir og þátttökan var mjög góð.

Í júní og júlí var sundnámskeið í boði fyrir börn fædd 2007-2011. Sif Grímsdóttir sá um sundæfingarnar.



Knattspyrnuæfingar voru í boði um sumarið í samstarfi við Umf. Gnúpverja. Þjálfarar voru Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús. Þeir sóttu einnig fótþáttamót og kepptu undir nafni ÍBU.

Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 17. desember 2020. Hefðbundin aðalfundarstjórn og ný stjórn félagsins kosin. Í henni situr Ólafur Már Ólafsson, formaður, Agnes Lind Jónsdóttir, gjaldkeri, Viktoría Ýr Norðdahl, ritari, Jónas Höskuldsson, varamaður og Ágústa Oddsóttir, varamaður.

Við hjá Ungmennafélaginu höldum úti knattspyrnu og kraftlyftingardeild. Knattspyrna er með yngri flokka starf og meistaraflokk. Formaður þeirrar nefndar er Gunnar Valberg Pétursson en þar æfa um 30 börn. Kraftlyftingardeildin hefur sér stjórn, en þar er formaður Unnar Már Hjaltason og Gunnhildur Hjaltadóttir, gjaldkeri. Iðkendur í þeirri deild eru um 70. Í vor buðum við upp á fría tíma í





Keppendur á Flóamóti 2020 í Þjórsárveri.



Þór og Hamar hófu samstarf í kvennakörfunni á árinu og sendu lið til keppni í 1. deild.

Íþróttahúsinu, tvisvar í mánuði fyrir mæður nýfæddra barna, að koma saman og hreyfa sig og börnin sín. Í júní var haldið sundnámskeið fyrir börn í samstarfi við sundþjálfara frá Selfossi. Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Strandahlaup var í maí þar sem fólk á öllum aldri mætti og hljóp 800 metra en á þessu ári tóku 70 manns þátt. Að hlaupunum loknum var haldin viðurkenninga og uppskeruhátíð. Í júlí var haldin Bryggjuhátíð en Ungmennafélagið fer með utanumhald með þeirri hátíð. Hátíðin tókst vel og var vel mætt á auglýsta viðburði. Íþróttaskóli fyrir börn á leikskólaaldri var haldinn í haust sem er nýjung í starfinu hjá okkur. Í desember sáum við um að kveikja á jólatré bæjarbúa. Vegna samkomutakmarkana keyrðu jólasveinar um bæinn og dreifðu góðgæti fyrir börnin. Á aðfangadag aðstoðuðum við jólasveina við að koma pökkum til barna bæjarins. Vegna aðstæðna í samfélaginu var ýmislegt öðruvísi í starfinu, t.d. aðalfundi frestað fram í desember, engin skótuveisla, engin áramótabrenna og færri fundir og samkomur. Á árinu voru haldnir mánaðarlegir stjórnarfundir, ásamt öðrum fundum með kraftlyftingardeild, fimleikþjálfurum og umsjónarmanni knattspyrnu.

Að lokum viljum við þakka styrktaraðilum okkar, Sveitarfélaginu Árborg og sjálfböðaliðum starfið á árinu.

Umf. Trausti

Ungmennafélagið Trausti stóð fyrir þrettándabrennu við Seljalandsfoss. Héldum okkar árlega tiltektardag meðfram þjóðveginum í okkar umdæmi. 17. júní var haldinn hátíðlegur ásamt kvenfélaginu Eygló að Heimalandi. Jólasveinar létu sjá sig á bæjum með aðstoð björgunarsveitarinnar Bröðurhöndin á Þorláksmessu.

Stjórn félagsins skipa: Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Guðmundur Jón Viðarsson ritari.



Umf. Þjótandi

Stjórnina skipa Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður, Magnús St. Magnússon ritari og Katrín Ástráðsdóttir gjaldkeri.

Aðalfundur Umf. Þjótanda var haldinn 28. janúar í Þingborg. Breytingar urðu á aðalstjórn félagsins þar sem Guðmunda Ólafsdóttir og Lilja Ómarsdóttir létu af störfum, við tóku Bryndís Eva Óskarsdóttir og Katrín Ástráðsdóttir. Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins en þau hlaut Marín Laufey Davíðsdóttir glímukona og félagi ársins var kjörinn Stefán Geirsson.

Stjórnarfundir var reynt að halda einu sinni í mánuði og auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina. Árið 2020 hefur ekki verið eins og skildi sökum heimsfaraldurs. Mörgu aflýst en þó tókst okkur að halda Flóahlaupið 11. júní, sumaræfingar, ungmennafélagsreiðtúr, vetraræfingar, einnig komu við að 17. júní hátíðahöldum í Einbúa og útivistarverkefnið sem við höfum verið með undanfarin ár. Það var vel sótt enda mjög "covid vænt". Við förum bjartsýn inn í nýtt ár og vonum að við getum farið að halda flesta viðburði aftur.



Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 4. júní 2020. Engin breyting varð á stjórn. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda en færri en vanalega vegna ástandsins. Í stuttu máli hefur starfsárið gengið mjög vel hjá öllum deildum Ungmennafélagsins Þórs.

Starf körfuknattleiksdeilda Þórs á árinu hefur verið litað af heimsfaraldri en um leið er þetta 30 ára afmælisár deildarinnar og ár breytinga og tækifæra. Þjálfarar hafa breytt áherslum og boðið iðkendum uppá æfingadagskrá heima og útiþjálfun en einnig urðu þáttaskil í starfi okkar þegar var ákveðið að stofna kvinnalið í meistaraflokki. Í sumar var undirritað samkomulag um að tefla saman sameiginlegu liði Hamars og Þórs í 1. deild kvenna og hefur samstarfið gengið vel. Meistaraflokkur karla hefur fest sig í sessi í úrvalsdeild KÍ.

Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi.

Halldór Garðar Hermannsson var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2020. Hann er lykilleikmaður í meistaraflokki Þórs. Halldór er reynslumikill leikmaður þrátt fyrir ungan aldur en hann hefur verið í öllum yngri landsliðum KÍ og leikið á Norðurlandamótum og Evrópumótum. Auk þess hefur Halldór Garðar hlotið þann heiður að vera valinn í æfingahóp A-landsliðs Íslands.

Við leggjum af stað inn í nýtt ár með von í brjósti um að heimsfaraldurinn fari að linna og að körfuboltinn fái að blómstra sem aldrei fyrr á nýju ári.

Árið 2020 var óvenjulegt hjá frjálsíþróttadeildinni eins og hjá öðrum í íþróttahéimnum vegna heimfaraldurs covid19. Vegna samkomutakmarkana var ekki haldinn aðalfundur sem þýðir að sama stjórn situr enn. Ástþór Jón Ragnheiðarson var ráðinn þjálfari fyrri hluta árs og gegndi starfinu til ágústloka er Eva Lind Elíasdóttir tók við.



Iðkendaþjöldi var mun færri en fyrri ár og er ekki gott að segja hvort kenna má covid19 um það eða að leita þurfi annarra ástæðna. Elstu iðkendurnir hafa sem fyrr æft á Selfossi, sum í tengslum við frjálsíþróttakademíu FSu.

Frjálsíþróttamót voru ekki mörg á árinu en þó tókst að halda Unglingameistaramót Ísland þar sem Þórsarar eignuðust fjóra Íslandsmeistara; Auði Helgu, Röberg Korchai, Viktor Karl og Bríeti Önnu. Engin innanfélagsmót voru haldin á árinu.

Árið hófst 6. janúar hjá fimleikadeild Þórs. Um miðjan mars þurftum við að hætta öllum æfingum vegna COVID-19 og var allt stopp til 4. maí og stóðu þá út maí. Engin vorsýning var að þessu sinni vegna fjöldatakmakana. Sumaræfingar voru eins og fyrri ár en ný aðstaða var tekin í notkun á vordögum. Tvö námskeið voru haldin, sem hvort um sig var tvær vikur ásamt því að tveir elstu hóparnir héldu áfram að æfa inn í sumarið.

Haustönn hófst svo 7. september. Því miður var engin jólasýning að þessu sinni en við komum sterkar inn á næsta ári þegar ástandið verður betra. Við buðum einnig upp á fullorðinsfímleika á haustönn en þar var engin skráning bara mæta og hafa gaman.

Nýja aðstaðan hefur komið vel út og höfum við séð miklar framfarir hjá iðkendum. Því miður hefur ekki verið hægt að opna húsið formlega vegna heimsfaraldurs en það verður gert um leið og við fáum tækifæri til þess og verður þá opið hús og öllum gefinn kostur á að skoða.

Starfsárið 2020 var rólegt hjá vélhjóladeildinni sökum heimsfaraldursins. Sumarið var mótorkrossíþróttinni þó hliðhollt í þeim efnum og átti Gyða Dögg Heiðarsdóttir frábært sumar. Hún varð Íslandsmeistari í kvennaflokki og vann allar umferðir þess. Hún var einnig kosin akstursíþróttakona ársins hjá MSÍ í þriðja sinn. Plön um að keppa utan landsteinanna féllu þó niður og biða betri tíma.



Álfadans Umf. Þórsmörkur var haldinn 11. janúar.

Starf badmintondeildar Þórs gekk vel fyrir sig framan af á árinu en lítil starfsemi var hjá deildinni frá mars og út árið líkt og hjá öðrum deildum. Iðkendaþjöldi hélst þó svipaður yfir árið. Hið árlega Þórsmót var haldið í febrúar en þangað mættu keppendur alls staðar að af landinu. Því miður náðist hvorki að halda Meistaramót HSK né Unglingamót HSK en deildin hefur síðustu ár séð um utanumhald og skipulag mótanna. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu voru aðeins örfá mót haldin árið 2020 og því lítið um keppnisferðir og afrek.

Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa: Árni Sigurpálsson formaður, Ólafur Rúnarsson ritari, Sigurður Steinarsson gjaldkeri og Páll Eggertsson og Ólöf G. Eggertsdóttir meðstjórnendur. Álfadans var haldinn 11. janúar með lítið eitt breyttu sniði, þar sem nokkrir velunnarar tóku sig saman og héldu fornri hefð á lofti án beinnar viðkomu félagsins í þetta skiptið. Önnur starfsemi var engin og öllum öðrum viðburðum frestað sökum aðstæðna í samfélaginu og samkomutakmarkana. Sem og aðalfundi félagsins.



Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu:



Golfklúbburinn Tuddi



Golfklúbburinn Pverá



Hestamannafélagið Trausti



Karatefélag Suðurlands



Lyftingafélagið Hengill

Svipmyndir úr starfinu



Leikmenn heilsast að COVID-sið fyrir leik Selfoss og Hauka í Ólísdeildinni í handbolta.



Selsvöllur var í mjög góðu ástandi í sumar



Stokkseyringar fagna marki gegn Reyni Sandgerði í bikarkeppninni í knattspyrnu.



Félagsheimili Háfeta.



Íðkendur frá Dímon á Grunnskólamóti HSK í glímu.



Jökull Ernir Steinarsson, Lisbeth Viðja Hjartardóttir og Anton Óskar Ólafsson iðkendur í borðtennis hjá Garpi gerðu það öll gott á árinu.



Frá körfuboltaæfingu hjá Mími.



Skammyssuvöllur hjá Skotfélaginu Skyttum eftir endurbætur.

Svipmyndir úr starfinu



Jólasveinar á ferð um Eyrarbakka.



Briddsmenn heiðruðu Karl Gunnlaugsson á Varmalæk sérstaklega á HSK mótinu í tvímenningi.



Sigurlið Selfoss á aldursflokkaþóti HSK í sundi 2020.



Sigurlið Hvolsskóla í 5.-7. bekk drengja á Grunnskólaþóti HSK í glímu.



Hekla og Garpur sendu í fyrsta sinn sameiginlegt lið á héraðsmótið í frjálsum.



Frá keppni á Grunnskólaþóti HSK í glímu.



Leikmenn meistaraflokks Selfoss körfu við Jökulsárlón.



Frá aldursflokkaþótinu í sundi 2020.

UMFÍ



UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi 29. júlí - 1. ágúst 2021

Ítarlegri upplýsingar og skráning á ulm.is



Allt á einum stað í Arion appinu

– enn þægilegri bankapjónusta!

Stofna sparnað

Kaupa tryggingar

Borga reikninga

Millifæra

Frysta kort

Sækja um
greiðslukort

Yfirsýn yfir fjármál

Skipta á milli
notenda

Dreifa greiðslum

Skoða rafræn skjöl

Finna pinnið

Stýra yfirdrætti

Koma í viðskipti

Ef þú ert ekki þegar með Arion
appið getur þú sótt það á
App Store og **Google Play**

